



Blöndulína 3 (220 kV) frá Blöndustöð til Akureyrar

Húnavatnshreppur, Sveitarfélagið Skagafjörður,
Akrahreppur, Hörgársveit og Akureyrarkaupstaður



MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Matsskýrsla – Viðauki 7

Hluti 2

UMSAGNIR OG ATHUGASEMDIR VIÐ FRUMMATSSKÝRSLU

Blöndulína 3 (220 kV)

Mat á umhverfisáhrifum.

Athugasemdir vegna frummatsskýrslu

Dagsetning: 1.maí 2012

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum.

Í fjölmörgum atriðum er ósamræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsing á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaaðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínun verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðalínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu **jarðstrengs** til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínu í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu.

Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á **samfélag** verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en **umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti**. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um **efnistökustaði** og gerð verði grein fyrir því **magni** sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuastaði og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um **óveður** á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í óaðgengilega skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Hér er því bent á misræmi við

matslýsingu enda á frummatsskýrsla samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem sjálfstætt rit.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu **ósnortinna víðerna** eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd en það er ekki gert.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um **umferð** á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang **starfsmannaaðstöðu en það er ekki gert.**

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir **útfærslu slóða** í frummatsskýrslu en það er ekki gert. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á **möstrum** í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.) en ekki sagt hvaða möstur verða hvar.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu **efnisflutningaleiðum** í frummatsskýrslu né heldur **umfangi aukinnar umferðar**.

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir **efnistökustöðum** og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efrabyggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efrabyggðarleið benda á að svo er ekki. Þörf stóriðju fyrir raforku geti ekki talist til almannaþarfar heldur miklu frekar sérþarfir þess atvinnureksturs. Eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Nýlagning Blöndulínu 3 er eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?

Athugasemdir við frummatsskýrslu.

Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasiðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efribyggðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að t.d. áform um Efribyggðarleið ganga eftir.

Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstrartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra**.” Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulega jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!**

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskytt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

Rafræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfénað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að

auka flutningsgetu byggðalínuhringsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanháaðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlög Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

Rannsóknir

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efribbyggð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

Valkostir

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

Kynning og samráð

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr áliti hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efribbyggð hafa alfarið hafnað línulög um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkni, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efribbyggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efribbyggðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

Landsnet

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efribbyggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

Slóðar

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagningar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um

slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjalllendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsögð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það vegnet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

Dúkar

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.“ Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og mól keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

Plön og útskot

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

Slóðar með línu

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð.

Námur

Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggi ekki fyrir. Ekki liggi fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

Slóðar og umhverfi

Í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur. Slíkir vegir eru skipulagsskyldir en fyrirhugaðair slóðar eru ekki í

Girðingar

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

Skipulag

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í álitni hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunaðila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagauppdrætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

Stefnumótun stjórnvalda

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

Áróðurskennd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

Jarðrask vegna jarðstrengja

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.“ Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

Sjónræn áhrif

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

Mat á umhverfisáhrifum

Landslag

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

Ásýnd

Mat á áhrifum

Í frummatsskýrslu er sagt um Efrabyggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert **neikvæðum** áhrifum einstaka bæi á Efrabyggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð. Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgæirsvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

Sýnileikakort

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljómyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti.

Sýnileiki og Mælifellshnjúkur

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði.

Efribyggðaleið

Í umsögn um Efribyggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribyggðaleið muni línan ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línan frá öllum bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línan muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efribyggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna.

Hæð mastra

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra. Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

Vatnafar

Vatnsvernd

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efribyggðaleið. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og áðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

Gróðurfar

Áhrif á gróður

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vátistategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð "staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri". Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögn á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif** á gróður. Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efribyggð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

Votlendi

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá

Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efrbyggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnum á landbúnaðarjörðum.

Sínk

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áðurnefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

Ferðapjónusta og útivist

Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðapjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet¹. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðapjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðapjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efrbyggðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séru í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar.** Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

Landnotkun

Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- of rekstrartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðapjónustu og útivist.

Slóðar

¹ Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðapjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifasvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og hávaði

Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.“ Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

Heildaráhrif og niðurstaða


Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheiði.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþjón getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.


Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásjáðar ferðaþjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllt



Blöndulína 3 (220 kV) Mat á umhverfisáhrifum. Athugasemdir vegna frummatsskýrslu



Dagsetning: 1.maí 2012

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum.

1. Ósamræmi við matsáætlun

Hér á eftir eru tilgreind fjölmörg atriði þar sem misræmi er milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaáðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínan verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðalínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets, nú er ekki lengur um að ræða endurnýjun byggðalínunnar heldur nýlagning í gegn um Skagafjörð til að flytja rafmagn milli framleiðenda og notenda fjarri Skagafirði.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu **jarðstrengs** til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínur í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu. Þrátt fyrir ofangreind svör framkvæmdaaðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar er **sá valkostur að leggja jarðstreng ekki borinn saman við þann valkost að leggja línuna sem loftlínu.**

Framkvæmdaaðili ber fyrir sig að um misskilning sé að ræða. Hér er bent á að ég og fleiri sem gerðum athugasemdir við tillögu að matslýsingu skildum svör framkvæmdaaðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar sem svo að jarðstrengir yrðu teknir til mats sem valkostir. Í svari framkvæmdaaðila er enda talað um að nauðsynlegt sé að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs og þar sem um er að ræða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda þá þótti ljóst að jarðstrengur yrði tekin til mats sem valkostur.

Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á **samfélag** verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en **umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti**. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um **efnistökustaði** og gerð verði grein fyrir því **magni** sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistöku og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um **óveður** á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Skýrsla Veðurstofunnar er ekki aðgengileg með kynningargögnum frummatsskýrslunnar og því ekki hægt að segja að nánar sé fjallað um óveður á línuleiðinni í frummatsskýrslu. Hér er því bent á misræmi við matslýsingu enda á frummatsskýrslu samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem **sjálfstætt rit**.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu **ósnortinna víðerna** eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Þetta er ekki gert heldur sagt að greining á ósnortnum víðernum hafi leitt í ljós að skerðing ósnortinna víðerna verði lítil sem engin af völdum fyrirhugaðra framkvæmda (bls. 60). Því séu ósnortin víðerni ekki tekin inn í gildismat fyrir landslagsheildir. Hér er bent á ósamræmi milli matslýsingar sem segir að kort verði gerð sem sýni ósnortin víðerni og þeirrar umfjöllunar sem er í frummatsskýrslu. Lesandi getur ekki út frá þessu gert sér grein fyrir hvort skerðing ósnortinna víðernar verði lítil sem engin, né heldur hvar þessi skerðing verði.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um **umferð** á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um umferð og er hér bent á þetta ósamræmi við matslýsingu.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang **starfsmannaáðstöðu**. Í matsskýrslu er hins vegar sagt að mögulegar staðsetningar vinnubúða verði ákveðnar síðar. Þarna er misræmi á milli fyrirheita í matsáætlun og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir **útfærslu slóða** í frummatsskýrslu en það er ekki gert umfram þá umfjöllun að slóðar verði 4,5 m og 150km að lengd. Óskað er skýringa á því hvers vegna ekki er gerð nánari grein fyrir slóðagerð en sem nemur almennri umfjöllun á sem nemur einni A4 bls. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á **möstrum** í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum

tegundum mastra (mynd 2.2.). Þar eru einnig sýnd hugsanleg snjóflóðamöstur og ekki gerð frekari grein fyrir þeim, hæð þeirra eða virkni. Þar er því ekki verið að gera grein fyrir niðurstöðum um val á möstrum og er óskað eftir skýringum á því ósamræmi við matslýsingu.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu efnisflutningaleiðum í frummatsskýrslu né heldur umfangi aukinnar umferðar.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um á „hvaða hátt fyrirhugaðar framkvæmdir geta haft áhrif á landslag og sjónræna þætti og hugsanlegar mótvægisáðgerðir“. Hér er bent á að ekki er fjallað um neinar mótvægisáðgerðir fyrir sjónræn áhrif af línulögninni þrátt fyrir að greind séu nokkuð neikvæð til talsvert neikvæð umhverfisáhrif á ásynd (bls 129).

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3. Dæmi eru um að svæði innan Norðurlandsskóga séu innan áhrifasvæðis línunnar t.d. í innan 1km fjarlægðar frá línunni þar sem sjónræn áhrif eru umtalsverð t.d. í landi Mælifellsár.

Á nokkrum stöðum eru ekki sýndir slóðar með fram línunni og er ekki gerð grein fyrir hvernig framkvæmdaraðili hyggst komast að línunni á þeim svæðum.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir efnistöðustöðum og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi verið ef svo er, hvers vegna enn er óvissa um slóðagerð, staðsetningu mastra og nothæfa efnistökuáð ef svo sé, eins og fram kemur í frummatsskýrslu. Þá er hér einnig spurt hvort að verkhönnun hafi verið unnin fyrir báða kostina, Héraðsvatnaleið og Efribygðarleið. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

2. Athugasemd um lagningu línu um einkalönd.

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efribygðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efribygðarleið benda á að svo er ekki.

Línunni er skv. lýsingu ætlað að liggja í gegn um Skagafjörð án allra tenginga við dreifikerfið sem þjónar almennungi. Eða eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Þrátt fyrir tilkomu

Blöndulínu 3 verði Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 nauðsynlegir hlekkir í raforkukerfinu“. Tilgangur og markmið lagningar línunnar er að styrkja meginflutningskerfi raforku og gera kerfinu kleift að mæta umtalsverðri aukningu orkunotkunar (bls 1). Slík umtalsverð aukning getur bara orðið vegna stóriðjuframkvæmda eins og dæmi er tekið um í matslýsingunni um stækkun Becromal á Akureyri. Því er nýlagning Blöndulínu 3 eingöngu gerð til að mæta orkupörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línur.

Ástæða er til að velja upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?

3. Athugasemdir við frummatsskýrslu.

Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Í frummatsskýrslu er sagt að jarðrask tengt jarðstrengjalögn dragi úr umhverfislegum ávinningi. Hér er bent á að það ver að sjálfsögðu eftir aðstæðum. T.d. getur lítið borið á raski vegna lagningar jarðstrengs ef hann er lagður í vegköntum og vel getur gengið að græða upp land ef strengur er lagður í grónu landi. Hér er bent á að sá valkostur að leggja jarðstreng hefur ekki verið metinn og því ekki hægt að fullyrða neitt um aðstæður fyrir lagningu hans í tilfalli Blöndulínu 3. T.d. hefur ekki verið sýnt fram að slóðagerð vegna jarðstrengs þurfi endilega að vera lengri því þrátt fyrir að leggja eigi 107 km loftlínu þá stendur til að leggja 155 km af slóðum hennar vegna, þar af 105 km af nýjum slóðum. Þá er hér bent á að sjónræn áhrif af loftlínu vara allan líftíma línunnar á meðan sjónræn áhrif jarðstrengs geta verið lítil ef vel tekst upp við frágang og uppgræðslu þar sem það á við.

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínur og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efrbyggðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri

framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Vakin er athygli á því að í umfjöllun um kosti bls. 36 er greint frá því að endurnýja þurfi núverandi 132 kV tengingu Blöndulínu 2 „með einhverjum hætti innan fárra áratuga en óljóst er með hvaða hætti það verður gert“. Er þetta nefnt í því sambandi að þetta séu gild rök fyrir því að Blöndulína 3 fylgi ekki núverandi línuleið. Hér er hins vegar spurt hvort að ætlunin sé að endurnýja Blöndulínu 2 innan fárra áratuga og auka þar með umfang hennar og eftir það liggi t.d. um Skagafjörð tvær línuleiðir með tilheyrandi áhrifum á sýnileika? Hér er einnig spurt hvort að ekki sé mögulegt að endurnýja Blöndulínu 2 nú og auka flutningsgetu hennar í núverandi línustæði og seinka á móti nýlagningu Blöndulínu 3 um nokkra áratugi?

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að áform um Efrbyggðarleið ganga eftir.

Almennt

Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstrartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra**.” Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulega jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!** Umfjöllunin er úr inngangskafli 1.5.3 *Hugsanleg áhrif* en umhverfismatið og þeir þættir sem þar eru skoðaðir eru til umfjöllunar í kafla 6. um að hugsanlega og mögulega og kannski verði allir hlutir jákvæðir ef þetta eða hitt gerist! Gerð er alvarleg athugasemd við alla umfjöllun í kafla 1.5.3 *Hugsanleg áhrif*. Öll umfjöllun þar er sett fram án þess að hægt sé að vísa í heimildir og sem dæmi má efa það stórlega að fjölgun starfa geti talist umhverfisáhrif í skilningi laga um umhverfismat framkvæmda.

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskylt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

Á móti má líka velta fyrir sér hver áhrif línunnar verði á atvinnurekstur á línuleiðinni, t.d. á uppbyggingu ferðaþjónustu, eflingu landbúnaðar og lífræns búskapar.

Raffræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfénað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu byggðalínuhingsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegiandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlög Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

Rannsóknir

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efribbyggð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

Valkostir

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að "...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því." Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

Kynning og samráð

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr áliti hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnlustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efribbyggð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkið, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar Skagafjarðar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línun verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efribbyggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

132 kV spenna/ 220 kV spenna

Umfang Blöndulínu, mastrastærð og rök framkvæmdaraðila fyrir því að ekki sé hægt að leggja línuna sem jarðstreng byggja á því að línuna þurfi að byggja fyrir 220 kV spennu. Engu að síður kemur skýrt fram í gögnum framkvæmdaraðila að línun eigi að vera á 132 kV spennu þar til spennan verður hækkuð „síðar meir“. Gerð er athugasemd við að áformuð sé umfangsmeiri framkvæmd heldur en þörf er á með vísun í óljósar fyrirætlanir um að síðar meir þurfi að hækka spennu vegna einhvers sem mögulega gerist einhverntíman einhversstaðar. Óskað er eftir því að þetta verði skýrt og vísað í þarfagreiningu sem skýrir umfang framkvæmdar auk þess að tengja umfjöllunina við rammaáætlun um nýtingu vatns og jarðvarma og áform um uppbyggingu stóriðju.

Með því að leggja Blöndulínu 3 með lægri spennu væri ódýrara að leggja línuna sem jarðstreng og þar með draga úr neikvæðum áhrifum, t.a.m. á ásýnd. Línulögn með fram þjóðvegi myndi einnig draga úr raski.

Í þessu samhengi er bent á að í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun stendur: „Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu og að fram komi upplýsingar m.a. um hversu lengi áætlað sé að línan verði rekin á 132 kV spennu.“ Gerð er athugasemd við að ekki sé orðið við óskum Skipulagsstofnunar um að gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu og að ekki koma fram upplýsingar um hversu lengi línan verður rekin á 132 kV spennu.

Línuleið

Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efribyggðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

Landsnet

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efribyggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

Slóðar

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagningar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Erfitt er að sjá hvar áformað er að gera slóða þar sem það er sýnt á myndum 2-6 í myndahefti. Þessi myndkort eru sett fram í mælikvarða þar sem nær ómögulegt er að sjá hvar leggja á slóða og hvar ekki. Til að mynda mætti lesa út úr þessum myndum að engar slóðir eigi að leggja þar sem línan fer um land Mælifellsár á Efribyggð en þeirri spurningu er þá um leið ósvarað hvernig komast eigi að línunni! Eins er oft erfitt að sjá hvar slóðir eigi að vera og hvar ekki með fram allri línuleiðinni.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrir en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjallendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsögð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það vegana sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

Dúkar

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.“ Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og mól keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

Plön og útskot

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

Lýsing valkosta

Á bls. 39 er Héraðsvatnaleið og Efríbyggðarleið lýst og talað um að þær greinist frá Kolgröf en annars staðar er miðað við Kirkjuhól og er talað um að þar muni mögulegt tengivirki rísa. Hver er skýringin á þessu ósamræmi.

Myndasería bls. 32 – 35

Gerð er athugasemd við tilgang þess að sýna myndir af dæmum um „almennar aðstæður þar sem fyrirhugað er að leggja slóðir á línuleiðinni“. Verulega óljóst er hvaða tilgangi þessi myndasería þjónar enda er ekki sýnt á myndunum hvar slóðir eigi að liggja þar sem myndirnar eru teknar, tilhögun þeirra eða annað sem skiptir í raun máli.

Slóðar með línu

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð. Hins vegar er mikið gert úr því að það sé ókostur við jarðstrengjalögn að þá þurfi að gera slóða með fram allri strenglöggninni. Ekki er hægt að sjá í frummatsskýrslunni í hverju þessi munur liggur.

Námur


Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggi ekki fyrir. Ekki liggi fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

Slóðar og umhverfi

Stofnun Sæmunda fróða um sjálfbæra þróun vann fyrir Landsnet rannsókn þar sem sannprófað var mat á umhverfisáhrifum fyrir Sultartangalínu 3¹. Í kynningarglærum á vef Skipulagsstofnunar úr erindi sem Guðmundur Ingi Guðbrandsson hélt má sjá myndir af Sultartangalínu og slóðum sem henni fylgja og á vef Landsnets má sjá ýmsar myndir af slóðgerð tengdri línulögnum. Af myndunum af dæma er umfang slóðagerðar oft talsvert en í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur.

¹ Sjá

[http://www.skipulagsstofnun.is/focal/webguard.nsf/Attachment/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur/\\$file/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur.pdf](http://www.skipulagsstofnun.is/focal/webguard.nsf/Attachment/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur/$file/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur.pdf)



Girðingar

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

Núllkostur

Í umfjöllun um núllkost er sagt að ef fallið sé frá lagningu Blöndulínu 3 verði erfitt að þjóna aukinni orkuþörf byggðar og atvinnulífs... í nánustu framtíð í þessum landshluta þar sem núverandi flutningskerfi er fulllestað. Gerð er athugasemd við að Blöndulína 3 sem eini möguleikinn til að auka flutningsgetu um héraðið. Þá er gerð athugasemd við að gerð Blöndulínu 3 sé sögð brýn fyrir þennan landshluta enda engin áform uppi þar sem knýja á um gerð Blöndulínu 3.

Skipulag

Í kafla um skipulag er sagt að Blöndulína 3 sé í samræmi við stefnumörkun sveitarfélaganna á svæðinu sem mörkuð sé í gildandi aðalskipulagi eða skipulagstillögum. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur ekki verið staðfest og í þeirri tillögu sem til umfjöllunar er hefur skipulagi verið frestað á þeirri leið sem tveir valkostir eru settir fram. Þar er því engin háspennulína inni á skipulagi og þarf að auglýsa breytingu á skipulagi til að setja hana inn. Æskilegt er að þetta komi fram. Fyrirliggjandi tillaga að Aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið Skagafjörð hefur ekki verið staðfest af ráðherra.

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í álitni hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunaaðila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagaupprætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

Minnt er á að í matsáætlun stendur: „Í frummatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri línuleiðinni eða að hluta til), kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínur.“ Er hér óskað eftir því að þessi samanburður verði gerður fyrir alla línuna eða hluta hennar, í stað þess að einungis sé fjallað almennt um jarðstrengi og loftlínur eins og gert er í kafla 3.3 í frummatsskýrslu.

Stefnumótun stjórnvalda

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012 og skal ráðherra flytja á Alþingi skýrslu um starf nefndarinnar fyrir 1. Október 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en /verði frestað þar til stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

Athugasemd um heimildir

Í kafla 3.3.2, mynd 3.4 í frummatsskýrslu er sýnd almenn skýringarmynd um framkvæmdakostnað vegna lagningu jarðstrengja og loftlína miðað við flutningsgetu og spennu. Bent er á að ekki er vísað til heimildar um hvaðan þessar tölur koma. Lesanda er því ekki gert ljóst við reynslu hvaða landa er miðað í þessum samanburði. Ekki er vísað til heimilda fyrir mynd 3.4 og þá mynd er ekki að finna í þeim heimildum sem getið er í heimildaskrá frummatsskýrslunnar. Er þetta byggt á innlendri reynslu eða reynslu erlendis frá og að hve miklu leyti er hægt að yfirfæra þá reynslu yfir lagningu Blöndulínu 3?

Áróðurskennd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

Jarðrask vegna jarðstrengja

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.“ Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

Óljós tilgangur umfjöllunar um 400 kV strengi

Í kaflanum um jarðstrengi er fjallað um 400 kV strengi en ekki er hægt að átta sig á hvers vegna það er gert í tengslum við framkvæmd þar sem nota á 220 kV strengi. Óljóst er hvers vegna valið er að fjalla um jarðstrengi eins og um sé að ræða fræðslufyrirlestur án tenginga við framkvæmdina sem um ræðir.

Viðgerðartími jarðstrengja

Mikið er gert úr því í umfjöllun um jarðstrengi að viðgerðartími jarðstrengja sé langur og vísað í erlenda reynslu frá Nýja Sjálandi þessu til stuðnings. Áhugavert væri að vita hver viðgerðartíminn á loftlínunum er á Nýja Sjálandi því vera kann að viðgerðartími á loftlínunum sé yfirhöfuð lengri á Nýja Sjálandi en á Íslandi af einhverjum ástæðum. Þá væri einnig áhugavert ef vísað væri í tölur um innlenda reynslu af jarðstrengjum. Engin önnur dæmi eru tekin um viðgerðartíma jarðstrengja en frá Nýja Sjálandi.

Sjónræn áhrif

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

Helgunarsvæði

Bent er á að helgunarsvæði háspennulínu sem loftlínu er 40-75m á meðan helgunarsvæði jarðstrengs yrði 10-12 m skv. uppl. úr frummatsskýrslu.

Mat á umhverfisáhrifum

Landslag

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

Ásýnd

Mat á áhrifum

Í frummatsskýrslu er sagt um Efribyggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert neikvæðum áhrifum einstaka bæi á Efribyggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgeirsvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

Sýnileikakort

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljósmyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti. Slóðagerð mun hafa töluverð áhrif á sýnileika framkvæmdarinnar sem ekki er hægt að horfa fram hjá. Þá er gerð athugasemd við hversu mikill munur er á þeim landsvæðum og þeim skala sem þau eru sýnd á framangreindum myndkortum. Til að mynda má glögg sjá á mynd 21 úr Öxnadal hversu áberandi línán mun verða í nærumhverfi sínu á meðan stærð landsvæðis og áhrif frá þeirri lofthæð sem ljósmyndin er tekin fyrir myndir 15 og 16 gerir það að verkum að línán sýnist lítilfjörleg.

Sýnileiki og Mælifellshnjúkur

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði sem er eitt af helstu kennileitum svæðisins og vinsæll staður til fjallgöngu.

Efribyggðaleið

Í umsögn um Efribyggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribyggðaleið muni línán ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línán frá öllum bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Áhrif mastra á sýnileika

Þann 29. mars 2012 hélt Landsnet opinn kynningarfund um rekstrarumhverfi fyrirtækisins og framtíðarþróun raforkuflutningskerfisins². Þar hélt Íris Baldursdóttir deildarstjóri kerfisstjórnar Landsnets erindi þar sem fjallað er um áherslur Landsnets um umhverfi og ásýnd. Á einni kynningarglærunni er fjallað um áherslur Landsnets um umhverfi og ásýnd:

Sérstök áhersla er lögð á að framkvæmdir við uppbyggingu og viðhald flutningsvirkja falli sem best að náttúrunni og valdi sem minnstum sjáanlegum og varanlegum áhrifum á náttúruna og umhverfið.

Athugun á nýjum mastragerðum

- Áhersla á minni sýnileika mastra sé þess kostur
- Samstarf við Statnett í Noregi um þróun nýrra mastragerða




Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línán muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efribyggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í


² Sjá <http://www.landsnet.is/landsnet/upplýsingatorg/fundir/opinnkynningarfundur/>

sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna. Fyrirhugað er að nota masturgerð sem eru að meðaltali 23m há stálgrindarmöstur með mun meiri sýnileika heldur en t.d. möstur sem eru sýnd á myndinni hér fyrir ofan sem Íris sýnir í kynningu sinni, og einnig með mun meiri sýnileika en t.d. möstur sem fyrirhugað er að nota fyrir Sv-línur eins og sagt er frá í matsskýrslu fyrir þá framkvæmd.³ Hér að neðan má sjá mynd 2.32 úr umhverfismati fyrir SV línur. Þar er sett inn möguleg hæð mastra.

Þar fyrir neðan er mynd úr frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3,



Mynd 2.32 Möstur fyrir 220 kV háspennulínur. Vinstra megin er frístandandi röramastur, í miðjunni er stagað M-mastur úr stálgrind og til hægri er stagað M-mastur úr stálörum.



Mynd 2.2 Stagað M-mastur án jarðvirseyrna (efst til vinstri) og með jarðvirseyrum (efst til hægri), frístandandi mastur, fjórfötungur (miðmynd til vinstri) og fjórfötungur með jarðvirseyrum (miðmynd til hægri), stagað súluhorn (neðst). Meðalhæð mastra er um 23 m

³ Matsskýrsla fyrir Suðvestur línur.

Hæð mastra

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra.

Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

Nýverið var haldin hugmyndasamkeppni á vegum Landsnets í samstarfi ið Statnet í Noregi. Hér er lögð fram sú spurning hvort að þær útfærslur sem þar komu fram geti hentað til að draga úr sýnileiki háspennulínunnar á þeim stöðum sem ekki er hægt að leggja hana sem jarðstreng.

Vatnafar

Vatnsvernd

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efribygðaleið. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og aðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við áformaðar mótvægisáðgerðir vegna Vatnafars. Mótvægisáðgerðirnar eru allt of almennt fram settar, erfitt verður að sannreyna að þær hafi verið gerðar: „lágmarka á risk á votlendi eins og kostur er“ og „Halda á öllu jarðraski í lágmarki“. Erfitt er að sjá að hægt sé að sannreyna þessar áðgerðir.

Gróðurfar

Áhrif á gróður

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á válistategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð „staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri“. Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögn á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif** á gróður.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efribygð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

Votlendi

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efribygðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“.

Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnnum á landbúnaðarjörðum.

Mótvægisáðgerðir

Í kafla um gróðurfar segir: „Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða þar sem endurheimt verður jafn stórt votlendi og tapast við fyrirhugaðar framkvæmdir þá eru heildaráhrif á votlendi talin óveruleg.“ Hvergi í skýrslunni er gerð grein fyrir meintri endurheimt votlendis og því alveg óljóst hvort, eða hvar og hvernig, það yrði framkvæmt. Þá má benda á að erfitt er að meta árangur mótvægisáðgerða og hvort af af þeim hefur orðið þegar þær eru settar fram á svo óskýran hátt að óvissa er um umfang þeirra, staðsetningu og tímasetningu og óljós.

Sínk

„Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áður nefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

Ferðapjónusta og útivist

Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðapjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet⁴. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðapjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðapjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efribyggðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séru í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar**. Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

⁴ Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulína 3 – á ferðapjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

Fornleifar

Fornleifarannsóknir

Í frummatsskýrslu stendur: „Við hönnun fyrirhugaðrar Blöndulínu 3, er tekið tillit til staðsetningar allra fornleifa og hættumats. Þannig er við ákvörðun á staðsetningu línumastra og vegslóða reynt eins og mögulegt er að sneiða fram hjá fornleifum en þessi niðurstaða fæst með því að samkeyra fornleifagögn samhliða hönnunargögnum. Niðurstaðan er sú að miðað við núverandi staursetningu þá er minnsta fjarlægð masturs að þekktri fornleif um 30 m. Með hnitsettar staðsetningar á hverri þekktri fornleif er síðan hægt að sneiða framhjá skráðum fornleifum við slóðagerð. Áhrif á fornleifar eru því talin óveruleg.“ Eins og fram kemur í skýrslu um fornleifarannsókn, er henni ekki lokið og því ekki hægt að fullyrða um áhrif línulagnarinnar á allar fornleifar á leiðinni. Gera verður þá lágmarkskröfu að tilskyldum rannsóknum sé lokið áður en matsskýrslur eru samþykktar.

Landnotkun

Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- og rekstrartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist.

Grunnástand

Bent er á að aðalskipulag fyrir Skagafjörð hefur ekki verið staðfest og því er ekki hægt að segja að þetta og hitt sé í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Slóðar

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifsvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og hávaði

Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.“ Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því

spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

Útreikningar, raf og segulsvið

Í frummatsskýrslu eru sýndir „útreikningar á rafsviði og segulsviði umhverfis fyrirhugaða háspennulínu. Útreikningarnir eru miðaðir við eðlilegt rekstrarástand línunnar fyrir 220 MVA flutning frá Blöndustöð að Kífsá norðan við Akureyri“. Línan er hins vegar hönnuð fyrir um 560 MVA flutningsgetu þó línan verði rekin á 132 kV spennu til að byrja með. Farið er fram á að úrteikningar á rafsviði, segulsviði og hljóðvist miði við 560 MVA.

Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að í kaflanum um heildaráhrif og niðurstöðu sé sagt í kafla um samfélag að „Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og talsvert jákvæð en óbein á rekstartíma og geta orðið frá nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra.“ Þessi niðurstaða er ekki í samræmi við umfjöllun í kafla 6 um umhverfisáhrif en þar er enga umfjöllun að finna um atvinnuástand og vinnumarkað á svæðinu enda ekki einn af þeim umhverfisþáttum sem teknir voru til skoðunar. Má enda benda á að hugsanleg jákvæð áhrif á vinnumarkað vegna hvers kyns framkvæmda geti ekki talist til umhverfisáhrifa þeirra. Umfjöllun í frummatsskýrslu um samfélag einskorðast við umfjöllun um ferðaþjónustu.

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheidi.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþján getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásýnd, ferðaþjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllst

Jón Auðunsson y/m. Mælifell
Margrét Ingvorsdóttir

Blöndulína 3 (220 kV)
Mat á umhverfisáhrifum.
Athugasemdir vegna frummatsskýrslu



Dagsetning: 1. maí 2012

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum.

I. Ósamræmi við matsáætlun

Hér á eftir eru tilgreind fjölmörg atriði þar sem misræmi er milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaaðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínan verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðarlínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets, nú er ekki lengur um að ræða endurnýjun byggðalínunnar heldur nýlagning í gegn um Skagafjörð til að flytja rafmagn milli framleiðenda og notenda fjarri Skagafirði.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu **jarðstrengs** til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínur í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu. Þrátt fyrir ofangreind svör framkvæmdaaðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar er sá **valkostur að leggja jarðstreng ekki borinn saman við þann valkost að leggja línuna sem loftlínu**. Framkvæmdaaðili ber fyrir sig að um misskilning sé að ræða. Hér er bent á að ég og fleiri sem gerðum athugasemdir við tillögu að matslýsingu skildum svör framkvæmdaaðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar sem svo að jarðstrengir yrðu teknir til mats sem valkostir. Í svari framkvæmdaaðila er enda talað um að nauðsynlegt sé að skoða þau

umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs og þar sem um er að ræða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda þá þótti ljóst að jarðstrengur yrði tekin til mats sem valkostur. Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaáðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaáðila er skýrð.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á **samfélag** verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en **umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti**. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um **efnistökustaði** og gerð verði grein fyrir því **magni** sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuastaði og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um **óveður** á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Skýrsla Veðurstofunnar er ekki aðgengileg með kynningargögnum frummatsskýrslunnar og því ekki hægt að segja að nánar sé fjallað um óveður á línuleiðinni í frummatsskýrslu. Hér er því bent á misræmi við matslýsingu enda á frummatsskýrslu samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem **sjálfstætt rit**.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu **ósnortinna víðerna** eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Þetta er ekki gert heldur sagt að greining á ósnortnum víðernum hafi leitt í ljós að skerðing ósnortinna víðerna verði lítil sem engin af völdum fyrirhugaðra framkvæmda (bls. 60). Því séu ósnortin víðerni ekki tekin inn í gildismat fyrir landslagsheildir. Hér er bent á ósamræmi milli matslýsingar sem segir að kort verði gerð sem sýni ósnortin víðerni og þeirrar umfjöllunar sem er í frummatsskýrslu. Lesandi getur ekki út frá þessu gert sér grein fyrir hvort skerðing ósnortinna víðernar verði lítil sem engin, né heldur hvar þessi skerðing verði.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um **umferð** á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um umferð og er hér bent á þetta ósamræmi við matslýsingu.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang **starfsmannaáðstöðu**. Í matsskýrslu er hins vegar sagt að mögulegar staðsetningar vinnubúða verði ákveðnar síðar. Þarna er misræmi á milli fyrirheita í matsáætlun og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir **útfærslu slóða** í frummatsskýrslu en það er ekki gert umfram þá umfjöllun að slóðar verði 4,5 m og 150km að lengd. Óskað er skýringa á því

hvers vegna ekki er gerð nánari grein fyrir slóðagerð en sem nemur almennri umfjöllun á sem nemur einni A4 bls. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á **möstrum** í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.). Þar eru einnig sýnd hugsanleg snjóflóðamöstur og ekki gerð frekari grein fyrir þeim, hæð þeirra eða virkni. Þar er því ekki verið að gera grein fyrir niðurstöðum um val á möstrum og er óskað eftir skýringum á því ósamræmi við matslýsingu.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu efnisflutningaleiðum í frummatsskýrslu né heldur umfangi aukinnar umferðar.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um á „hvaða hátt fyrirhugaðar framkvæmdir geta haft áhrif á landslag og sjónræna þætti og hugsanlegar mótvægisaðgerðir“. Hér er bent á að ekki er fjallað um neinar mótvægisaðgerðir fyrir sjónræn áhrif af línulögninni þrátt fyrir að greind séu nokkuð neikvæð til talsvert neikvæð umhverfisáhrif á ásynd (bls 129).

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3. Dæmi eru um að svæði innan Norðurlandsskóga séu innan áhrifasvæðis línunnar t.d. í innan 1km fjarlægðar frá línunni þar sem sjónræn áhrif eru umtalsverð t.d. í landi Mælifellsár.

Á nokkrum stöðum eru ekki sýndir slóðar með fram línunni og er ekki gerð grein fyrir hvernig framkvæmdaraðili hyggst komast að línunni á þeim svæðum.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir efnistöðustöðum og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi verið ef svo er, hvers vegna enn er óvíska um slóðagerð, staðsetningu mastra og nothæfa efnistöðustaði ef svo sé, eins og fram kemur í frummatsskýrslu. Þá er hér einnig spurt hvort að verkhönnun hafi verið unnin fyrir báða kostina, Héraðsvatnaleið og Efríbyggðarleið. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegar) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

2. Athugasemd um lagningu línu um einkalönd.

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efríbyggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfaríð að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að

undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsspörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efríbyggðarleið benda á að svo er ekki.

Línunni er skv. lýsingu ætlað að liggja í gegn um Skagafjörð án allra tenginga við dreifikerfið sem þjónar almenningi. Eða eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Þrátt fyrir tilkomu Blöndulínu 3 verði Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 nauðsynlegir hlekkir í raforkukerfinu“. Tilgangur og markmið lagningar línunnar er að styrkja meginflutningskerfi raforku og gera kerfinu kleift að mæta umtalsverðri aukningu orkunotkunar (bls 1). Slik umtalsverð aukning getur bara orðið vegna stóriðjuframkvæmda eins og dæmi er tekið um í matslýsingunni um stækkun Becromal á Akureyri. Því er nýlagning Blöndulínu 3 eingöngu gerð til að mæta orkupörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsspörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línun.

Ástæða er til að velja upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að setta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?

3. Athugasemdir við frummatsskýrslu.

Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram samfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Í frummatsskýrslu er sagt að jarðrask tengt jarðstrengjalögn dragi úr umhverfislegum ávinningi. Hér er bent á að það ver að sjálfsögðu eftir aðstæðum. T.d. getur lítið borið á raski vegna lagningar jarðstrengs ef hann er lagður í vegköntum og vel getur gengið að græða upp land ef strengur er lagður í grónu landi. Hér er bent á að sá valkostur að leggja jarðstreng hefur ekki verið metinn og því ekki hægt að fullyrða neitt um aðstæður fyrir lagningu hans í tilfelli Blöndulínu 3. T.d. hefur ekki verið sýnt fram að slóðagerð vegna jarðstrengs þurfi endilega að vera lengri því þrátt fyrir að leggja eigi 107 km loftlínu þá stendur til að leggja 155 km af slóðum hennar vegna, þar af 105 km af nýjum slóðum. Þá er hér bent á að sjónræn áhrif af loftlínu vara allan líftíma línunnar á meðan sjónræn áhrif jarðstrengs geta verið lítil ef vel tekst upp við frágang og uppgræðslu þar sem það á við.

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá ljárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efríbyggðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Bygðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærrí framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugj ára.

Vakin er athygli á því að í umfjöllun um kosti bls. 36 er greint frá því að endurnýja þurfi núverandi 132 kV tengingu Blöndulínu 2 „með einhverjum hætti innan fárra áratuga en óljóst er með hvaða hætti það verður gert“. Er þetta nefnt í því sambandi að þetta séu gild rök fyrir því að Blöndulína 3 fylgi ekki núverandi línuleið. Hér er hins vegar spurt hvort að ætlunin sé að endurnýja Blöndulínu 2 innan fárra áratuga og auka þar með umfang hennar og eftir það liggi t.d. um Skagafjörð tvær línuleiðir með tilheyrandi áhrifum á sýnileika? Hér er einnig spurt hvort að ekki sé mögulegt að endurnýja Blöndulínu 2 nú og auka flutningsgetu hennar í núverandi línustæði og seinka á móti nýlagningu Blöndulínu 3 um nokkra áratugi?

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að áform um Efríbyggðarleið ganga eftir.

Almenn

Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra**.” Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulega jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!** Umfjöllunin er í inngangskafnanum *1.5.3 Hugsanleg áhrif* en umhverfismatið og þeir þættir sem þar eru skoðaðir eru til umfjöllunar í kafla 6.

um að hugsanlega og mögulega og kannski verði allir hlutir jákvæðir ef þetta eða hitt gerist! Gerð er alvarleg athugasemd við alla umfjöllun í kafla 1.5.3 Hugsanleg áhrif. Öll umfjöllun þar er sett fram án þess að hægt sé að vísa í heimildir og sem dæmi má efa það stórlega að fjölgun starfa geti talist umhverfisáhrif í skilningi laga um umhverfismat framkvæmda.

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveitum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskyld á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki

meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

Á móti má líka velja fyrir sér hver áhrif línunnar verði á atvinnurekstur á línuleiðinni, t.d. á uppbyggingu ferðaþjónustu, eflingu landbúnaðar og lífræns búskapar.

Raffræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfénað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að

auka flutningsgetu byggðalínuhringsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlögn Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

Rannsóknir

Gerð er athugsemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efríbyggð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

Valkostir

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

Kynning og samráð

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr áliti hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efríbyggð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkið, valkosti og fleira. Að auki er hér bent

á að fundum sveitarstjórnar Skagafjarðar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efríbyggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

132 kV spennu/ 220 kV spennu

Umfang Blöndulínu, mastrastærð og rök framkvæmdaraðila fyrir því að ekki sé hægt að leggja línuna sem jarðstreng byggja á því að línuna þurfi að byggja fyrir 220 kV spennu. Engu að síður kemur skýrt fram í gögnum framkvæmdaraðila að línan eigi að vera á 132 kV spennu þar til spennan verður hækkuð „síðar meir“. Gerð er athugasemd við að áformuð sé umfangsmeiri framkvæmd heldur en þörf er á með vísun í óljósar fyrirætlanir um að síðar meir þurfi að hækka spennu vegna einhvers sem mögulega gerist einhverntíman einhversstaðar. Óskað er eftir því að þetta verði skýrt og vísað í þarfagreiningu sem skýrir umfang framkvæmdar auk þess að tengja umfjöllunina við rammaáætlun um nýtingu vatns og jarðvarma og áform um uppbyggingu stóriðju.

Með því að leggja Blöndulínu 3 með lægri spennu væri ódýrara að leggja línuna sem jarðstreng og þar með draga úr neikvæðum áhrifum, t.a.m. á ásynd. Línulögn með fram þjóðvegi myndi einnig draga úr raski.

Í þessu samhengi er bent á að í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun stendur: „Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu og að fram komi upplýsingar m.a. um hversu lengi áætlað sé að línan verði rekin á 132 kV spennu.“ Gerð er athugasemd við að ekki sé orðið við óskum Skipulagsstofnunar um að gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu og að ekki koma fram upplýsingar um hversu lengi línan verður rekin á 132 kV spennu.

Línuleið

Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efríbyggðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

Landsnet

Spurt er hvornig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efríbyggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

Slóðar

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagnar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er

um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Erfitt er að sjá hvar áformað er að gera slóða þar sem það er sýnt á myndum 2-6 í myndahefti.

Þessi myndkort eru sett fram í mælikvarða þar sem nær ómögulegt er að sjá hvar leggja á slóða og hvar ekki. Til að mynda mætti lesa út úr þessum myndum að engar slóðir eigi að leggja þar sem línan fer um land Mælifellsár á Efríbyggð en þeirri spurningu er þá um leið ósvarað hvernig komast eigi að línunni! Eins er oft erfitt að sjá hvar slóðir eigi að vera og hvar ekki með fram allri línuleiðinni. Lögð er fram spurning um það hvar slóðar eigi að liggja um eftirtaldar jarðir. Víðimýrarsel, Stóra Vatnsskarð, Valagerði og Valadal?

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungis sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjalllendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsögð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það vegnet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv.**

aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

Dúkar

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.”

Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og mól keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

Plön og útskot

EKKI er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt

Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

Lýsing valkosta

Á bls. 39 er Héraðsvatnaleið og Efríbyggðarleið lýst og talað um að þær greinist frá Kolgröf en annars staðar er miðað við Kirkjuhól og er talað um að þar muni mögulegt tengivirki rísa. Hver er skýringin á þessu ósamræmi.

Myndasería bls. 32 – 35

Gerð er athugasemd við tilgang þess að sýna myndir af dæmum um „almennar aðstæður þar sem fyrirhugað er að leggja slóðir á línuleiðinni“. Verulega óljóst er hvaða tilgangi þessi myndasería þjónar enda er ekki sýnt á myndunum hvar slóðir eigi að liggja þar sem myndirnar eru teknar, tilhögun þeirra eða annað sem skiptir í raun máli.

Slóðar með línu

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð. Hins vegar er mikið gert úr því að það sé ókostur við jarðstrengjalögn að þá þurfi að gera slóða með fram allri strenglögninni. Ekki er hægt að sjá í frummatsskýrslunni í hverju þessi munur liggur.

Námur

Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggi ekki fyrir. Ekki liggi fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

Slóðar og umhverfi

Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun vann fyrir Landsnet rannsókn þar sem sannprófað var mat á umhverfisáhrifum fyrir Sultartangalínu 3¹. Í kynningarglærum á vef Skipulagsstofnunar úr erindi sem Guðmundur Ingi Guðbrandsson hélt má sjá myndir af Sultartangalínu og slóðum sem henni fylgja og á vef Landsnets má sjá ýmsar myndir af slóðgerð tengdri línulögnum. Af myndunum af dæma er umfang slóðagerðar oft talsvert en í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur.

¹ Sjá

[http://www.skipulagsstofnun.is/focal/webguard.nsf/Attachment/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggmur/\\$file/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggmur.pdf](http://www.skipulagsstofnun.is/focal/webguard.nsf/Attachment/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggmur/$file/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggmur.pdf)



Girðingar

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttáð t.d. á girðingum.

Núllkostur

Í umfjöllun um núllkost er sagt að ef fallið sé frá lagningu Blöndulínu 3 verði erfitt að þjóna aukinni orkuþörf byggðar og atvinnulífs... í nánustu framtíð í þessum landshluta þar sem núverandi flutningskerfi er fulllestað. Gerð er athugasemd við að Blöndulína 3 sem eini möguleikinn til að auka flutningsgetu um héraðið. Þá er gerð athugasemd við að gerð Blöndulínu 3 sé sögð brýn fyrir þennan landshluta enda engin áform uppi þar sem knýja á um gerð Blöndulínu 3.

Skipulag

Í kafla um skipulag er sagt að Blöndulína 3 sé í samræmi við stefnumörkun sveitarfélaganna á svæðinu sem mörkuð sé í gildandi aðalskipulagi eða skipulagstillögu. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur ekki verið staðfest og í þeirri tillögu sem til umfjöllunar er hefur skipulagi verið frestað á þeirri leið sem tveir valkostir eru settir fram. Þar er því engin háspennulína inni á skipulagi og þarf að auglýsa breytingu á skipulagi til að setja hana inn. Æskilegt er að þetta komi fram. Fyrirliggjandi tillaga að Aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið Skagafjörð hefur ekki verið staðfest af ráðherra.

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í áliti hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunadila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loflínu og hvaða línuleið sveitarfélagið fællist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagaupprætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjárræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samamburður og jarðstreng og loflínu

Minnt er á að í matsáætlun stendur: „Í frummatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri línuleiðinni eða að hluta til), kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samamburði við loflínur.“ Er hér óskað eftir því að þessi samamburður verði gerður fyrir alla línuna eða hluta hennar, í stað þess að einungis sé fjallað almennt um jarðstrengi og loflínur eins og gert er í kafla 3.3 í frummatsskýrslu.

Stefnumótun stjórnvalda

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu rafllna í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um.

Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012 og skal ráðherra flytja á Alþingi skýrslu um starf nefndarinnar fyrir 1. Október 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en /verði frestað þar til stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

Athugasemd um heimildir

Í kafla 3.3.2, mynd 3.4 í frummatsskýrslu er sýnd almenn skýringarmynd um framkvæmdakostnað vegna lagningu jarðstrengja og loftlína miðað við flutningsgetu og spennu. Bent er á að ekki er vísað til heimildar um hvaðan þessar tölur koma. Lesanda er því ekki gert ljóst við reynslu hvaða landa er miðað í þessum samanburði. Ekki er vísað til heimilda fyrir mynd 3.4 og þá mynd er ekki að finna í þeim heimildum sem getið er í heimildaskrá frummatsskýrslunnar. Er þetta byggt á innlendri reynslu eða reynslu erlendis frá og að hve miklu leyti er hægt að yfirfæra þá reynslu yfir lagningu Blöndulínu 3?

Áróðurskennd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möglegum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

Jarðrask vegna jarðstrengja

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.“ Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

Óljós tilgangur umfjöllunar um 400 kV strengi

Í kaflanum um jarðstrengi er fjallað um 400 kV strengi en ekki er hægt að átta sig á hvers vegna það er gert í tengslum við framkvæmd þar sem nota á 220 kV strengi. Óljóst er hvers vegna valið er að fjalla um jarðstrengi eins og um sé að ræða fræðslufyrirlestur án tenginga við framkvæmdina sem um ræðir.

Viðgerðartími jarðstrengja

Mikið er gert úr því í umfjöllun um jarðstrengi að viðgerðartími jarðstrengja sé langur og vísað í erlenda reynslu frá Nýja Sjálandi þessu til stuðnings. Áhugavert væri að vita hver viðgerðartíminn á loftlínunum er á Nýja Sjálandi því vera kann að viðgerðartími á loftlínunum sé yfirhöfuð lengri á Nýja Sjálandi en á Íslandi af einhverjum ástæðum. Þá væri einnig áhugavert ef vísað væri í tölur um innlenda reynslu af jarðstrengjum. Engin önnur dæmi eru tekin um viðgerðartíma jarðstrengja en frá Nýja Sjálandi.

Sjónræn áhrif

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

Helgunarsvæði

Bent er á að helgunarsvæði háspennulínu sem loftlínu er 40-75m á meðan helgunarsvæði jarðstrengs yrði 10-12 m skv. uppl. úr frummatsskýrslu.

Mat á umhverfisáhrifum

Landslag

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

Ásýnd

Mat á áhrifum

Í frummatsskýrslu er sagt um Efribýggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert **neikvæðum** áhrifum einstaka bæi á Efribýggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgeirsvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

Sýnileikakort

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljósmyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti. Slóðagerð mun hafa töluverð áhrif á sýnileika framkvæmdarinnar sem ekki er hægt að horfa fram hjá. Þá er gerð athugasemd við hversu mikill munur er á þeim landsvæðum og þeim skala sem þau eru sýnd á framangreindum myndkortum. Til að mynda má glögg sjá á mynd 21 úr Öxnadal hversu áberandi línán mun verða í nærumhverfi sínu á meðan stærð landsvæðis og áhrif frá þeirri lofthæð sem ljósmyndin er tekin fyrir myndir 15 og 16 gerir það að verkum að línán sýnist lítilfjörleg.

Sýnileiki og Mælifellshnjúkur

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði sem er eitt af helstu kennileitum svæðisins og vinsæll staður til fjallgöngu.

Efribýggðarleið

Í umsögn um Efribýggðarleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribýggðarleið muni línán ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línán frá **öllum** bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Áhrif mastra á sýnileika

Þann 29. mars 2012 hélt Landsnet opinn kynningarfund um rekstrarumhverfi fyrirtækisins og framtíðarþróun raforkuflutningskerfisins². Þar hélt Íris Baldursdóttir deildarstjóri kerfisstjórnar Landsnets erindi þar sem fjallað er um áherslur Landsnets um umhverfi og ásýnd. Á einni kynningarglærunni er fjallað um áherslur Landsnets um umhverfi og ásýnd:

² Sjá <http://www.landsnet.is/landsnet/upplysingagore/fundir/opinnkynningarfundur/>

Serstök áhersla er lögð á að framkvæmdir við uppbyggingu og viðhald flutningsvirkja falli sem best að náttúrunni og valdi sem minnstum sjáanlegum og varanlegum áhrifum á náttúruna og umhverfið.


Aðririgum á úþjóti mástragerðum

- Áhersla á minni sýnileika mástra sé liess kostur
- Samstarf við Statnett í Noregi um þróun nýrra mástragerða




Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línun muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efrabyggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna. Fyrirhugað er að nota masturgerð sem eru að meðaltali 23m há stálgrindarmöstur með mun meiri sýnileika heldur en t.d. möstur sem eru sýnd á myndinni hér fyrir ofan sem Íris sýnir í kynningu sinni, og einnig með mun meiri sýnileika en t.d. möstur sem fyrirhugað er að nota fyrir Sv-línur eins og sagt er frá í matsskýrslu fyrir þá framkvæmd.³ Hér að neðan má sjá mynd 2.32 úr umhverfismati fyrir SV línur. Þar er sett inn möguleg hæð mastra.

Þar fyrir neðan er mynd úr frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3,



Mynd 2.32 Möstur fyrir 220 kV háspennulínur. Vinstra megin er frístándandi ráramastur, í miðjunni er stagað M-mastur úr stálgrind og til hægri er stagað M-mastur úr stálörum.

Jón Einarsson
Matsskýrsla fyrir Suðvestur línur.



Mynd 2.2 Stagað M-mastur án jarðvírseyrna (efst til vinstri) og með jarðvírseyrnum (efst til hægri), fristandandi mastur, fjórftungur (miðmynd til vinstri) og fjórftungur með jarðvírseyrnum (miðmynd til hægri), stagað síðhornu (neðst). Meðallæð mastra er um 23 m.

Hæð mastra

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra.

Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim. Nýverið var haldin hugmyndasamkeppni á vegum Landsnets í samstarfi ið Statnet í Noregi. Hér er lögð fram sú spurning hvort að þær útfærslur sem þar komu fram geti hentað til að draga úr sýnileiki háspennulínunnar á þeim stöðum sem ekki er hægt að leggja líana sem jarðstreng.

Vatnafar

Vatnsvernd

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafljarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir frá Blönduvirkjun til Akureyrar, ef farin er Vatnskarðs og Efrabyggðaleið og jarðafjöldinn sem farið er yfir er svipaður sé farin Vatnskarðs og Hólmaleið, en jarðirnar eru mun færri sé farið með línuna um Kiðaskarð. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands

vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og aðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við áformaðar mótvægisáðgerðir vegna Vatnafars. Mótvægisáðgerðirnar eru allt of almennt fram settar, erfitt verður að sannreyna að þær hafi verið gerðar: „lágmarka á risk á votlendi eins og kostur er“ og „Halda á öllu jarðraski í lágmarki“. Erfitt er að sjá að hægt sé að sannreyna þessar áðgerðir.

Gróðurfar

Áhrif á gróður

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á válistategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð “staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri”. Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögð á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif** á gróður.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efrabyggð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

Votlendi

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efrabyggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnnum á landbúnaðarjörðum.

Mótvægisáðgerðir

Í kafla um gróðurfar segir: „Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða þar sem endurheimt verður jafn stórt votlendi og tapast við fyrirhugaðar framkvæmdir þá eru heildaráhrif á votlendi talin óveruleg.“ Hvergi í skýrslunni er gerð grein fyrir meintri endurheimt votlendis og því alveg óljóst hvort, eða hvar og hvernig, það yrði framkvæmt. Þá má benda á að erfitt er að meta árangur mótvægisáðgerða og hvort af af þeim hefur orðið þegar þær eru settar fram á svo óskýran hátt að óvissa er um umfang þeirra, staðsetningu og tímasetning er óljós.

Sínk

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áður nefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

Ferðaþjónusta og útivist

Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet⁴. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðaþjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðaþjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „Nokkuð jákvæð áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bülvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við

⁴ Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðaþjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efríbyggðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séru í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar.** Þó einhverjir hestamenn liti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

Fornleifar

Fornleifarannsóknir

Í frummatsskýrslu stendur: „Við hönnun fyrirhugaðrar Blöndulínu 3, er tekið tillit til staðsetningar allra fornleifa og hættumats. Þannig er við ákvörðun á staðsetningu línumastra og vegslóða reynt eins og mögulegt er að sneiða fram hjá fornleifum en þessi niðurstaða fæst með því að samkeyra fornleifagögn samhliða hönnunargögnum. Niðurstaðan er sú að miðað við núverandi staursetningu þá er minnsta fjarlægð masturs að þekktri fornleif um 30 m. Með hnitsettar staðsetningar á hverri þekktri fornleif er síðan hægt að sneiða framhjá skráðum fornleifum við slóðagerð. Áhrif á fornleifar eru því talin óveruleg.“ Eins og fram kemur í skýrslu um fornleifarannsókn, er henni ekki lokið og því ekki hægt að fullyrða um áhrif línulagnarinnar á allar fornleifar á leiðinni. Gera verður þá lágmarkskröfu að tilskyldum rannsóknum sé lokið áður en matsskýrslur eru samþykktar.

Landnotkun

Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- og rekstrartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist.

Grunnástand

Bent er á að aðalskipulag fyrir Skagafjörð hefur ekki verið staðfest og því er ekki hægt að segja að þetta og hitt sé í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Slóðar

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifasvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta

veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línusvæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og línuvæði

Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlinu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.” Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

Útreikningar, raf og segulsvið

Í frummatsskýrslu eru sýndir „útreikningar á rafsviði og segulsviði umhverfis fyrirhugaða háspennulínu. Útreikningarnir eru miðaðir við eðlilegt rekstrarástand línunnar fyrir 220 MVA flutning frá Blöndustöð að Kífsá norðan við Akureyri“. Línan er hins vegar hönnuð fyrir um 560 MVA flutningsgetu þó línan verði rekin á 132 kV spennu til að byrja með. Farið er fram á að útreikningar á rafsviði, segulsviði og hljóðvist miði við 560 MVA.

Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að í kaflanum um heildaráhrif og niðurstöðu sé sagt í kafla um **samfélag** að „Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og talsvert jákvæð en óbein á rekstrartíma og geta orðið frá nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra.“ Þessi niðurstaða er ekki í samræmi við umfjöllun í kafla 6 um umhverfisáhrif en þar er enga umfjöllun að finna um atvinnuástand og vinnumarkað á svæðinu enda ekki einn af þeim umhverfisþáttum sem teknir voru til skoðunar. Má enda benda á að hugsanleg jákvæð áhrif á vinnumarkað vegna hvers kyns framkvæmda geti ekki talist til umhverfisáhrifa þeirra. Umfjöllun í frummatsskýrslu um samfélag einskorðast við umfjöllun um ferðaþjónustu.

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheidi.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþján getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásýnd, ferðaþjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Blöndulína 3 (220 kV)

Mat á umhverfisáhrifum.

Athugasemdir vegna frummatsskýrslu

Dagsetning: 1.maí 2012

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er altarið hafnað af undirrituðum.

Jóni Gissurarsyni bónda á Víðimýrarseli.

Rök mín fyrir höfnun línunnar eru eftirfarandi.

Nú á tímum tala menn um að leggja sæstreng frá Íslandi til Evrópu. Hvað skyldi hann kosta? Hvað skyldi vera langur viðgerðatími á honum ef hann bilar? Hvað skyldu umhverfisáhrifin vera mikil? Og hvað skyldi hann endast lengi?

Á sama tíma miklar Landsnet það fyrir sér að leggja jarðstreng frá Blönduvirkjun til Akureyrar og beyta öllum hugsanlegum rökum gegn þeirri framkvæmd, svo sem of miklum kostnaði, of löngum viðgerðatíma ef hann bilar, of miklu umhverfisraski og ekki nógu góðri endingu.

3.1.2 BLÖNDUSTÖÐ – SKAGAFJÖRÐUR

Frá Blöndustöð yfir í Skagafjörð voru til skoðunar tvær meginlínuleiðir aðrar en sú sem er

aðalvalkostur í mati þessu, þ.e., um sunnanvert Vatnsskarð (leið A, sjá mynd 3.1). Um er að ræða leið um Hrómundarskarð (leið B) og leið um Kidaskarð (leið C).

Hrómundarskarð

Hrómundarskarð (leið B) er rúmum 5 km sunnan við Vatnsskarð. Skarðið er um 200 m hærra en línustæðið á Vatnsskarði og mjög þröngt, einkum vestan til. Vegna þrengsla er talin hætt á snjósöfnun og óvissa um snjóflóðahættu. Vegna meiri hæðar yfir sjó og áhrifa fjallendis á báða vegu er svo metið að vindálag sé þar meira en í Vatnsskarði. Einnig er ísingarhætta talin meiri, einkum austast í skarðinu. Aðgengi er mun verra en í Vatnsskarði.

Kidaskarð

Frá Blöndustöð að Kidaskarði voru tvær línuleiðir til skoðunar sem þvera Svartárdal á mismunandi stöðum. Kidaskarð (leið C) er rúmum 12 km sunnan við Vatnsskarð. Sjálfti skarðið er úlíka hátt og Hrómundarskarð en stuttur kafli vestan þess er um 100 m hærra yfir

sjó. Skarðið er þröngt og krókótt og erfitt að koma þar fyrir 220 kV línu, en þó hægt með kostnaðarsömum sérlausnum. Vegna þrengsla er talin hætt á snjósöfnun og óvissa er um

snjóflóðahættu, en sú hætt er væntanlega minni en í Hrómundarskarði. Vegna meiri hæðar yfir sjó og áhrifa fjallendis á báða vegu er svo metið að vindálag sé meira í Kidaskarði en á Vatnsskarðsleið. Ísingarhætta er að líkindum ekki mikil í miðju skarðinu, en í því vestanverðu gæti hún verið talsverð. Skarðið er vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif

línu þar mikil. Aðgengi er betra í Kiðaskarði en Hrómundarskarði. Um austanvert Kiðaskarð liggur nú 11 kV tréstaurlína sem flytur rafmagn að endurvarpsstöð á Þrándarhlíðarfjalli. Til nánari glöggvunar á þeim stærðarmun sem er á núverandi tréstaurlínu

og fyrirhugaðri Blöndulínu 3 þá er á mynd 3.2 sýndur samanburður þessara tveggja lína í réttum hlutföllum auk nokkurra annarra lína sem eru í notkun hér á landi.

Kiðaskarðsleiðin myndi skerða landslagsheildir mun meira en Vatnsskarðsleiðin.

Ljóst er að Blöndulína 3 verður mjög mikilvægur hlekkur í flutningskerfi raforku á Norðurlandi. Því er mikilvægt að ekki sé tekin óþarfa veðurfarsleg áhætta og að tryggt sé öruggt aðgengi að línunni til reglulegs viðhalds og í hugsanlegum bilanatilvikum. Því er lagt til að línan fari um Vatnsskarð.

Umræddar leiðir, og þó einkum Kiðaskarðsleið, eru styttri en aðalkostur, miðað við beina

tengingu milli Blöndustöðvar og Akureyrar. Til umræðu hefur verið umtalsverð aukin orkunotkun í norðanverðum Skagafirði. Vatnsskarðsleiðin liggur augljóslega vel við slíkri

tengingu við norðanverðan Skagafjörð. Að þeirri tengingu gefinni verða heildar línulengdir því ekki meiri þegar upp verður staðið.

Greinin hér að ofan er tekin úr frummatsskýrslu Landsnets.

Rökin sem þar eru notuð til höfnunar Kiðaskarðsleið finnst mér fráleit svo ekki sé meira sagt. Það hjóta að liggja einhverjar aðrar ástæður að baki þess að valin er Vatnsskarðsleið, en ekki Kiðaskarðsleið heldur en þær sem nefndar eru í fyrrnefndri grein, tildæmis pólitískar ástæður. Það hlýtur að vera að þarna liggja á bakvið tengsl við hagsmuna aðila í Skagafirði. Hagsmunatengsl og pólitískar ástæður virðast vega mun þyngra hjá Landsneti heldur en bæði, náttúruvernd, kostnaður og hagsmunir landeigenda og ferðaþjónustuaðila á þessu svæði. Þetta finnst manni furðulegt þar sem uppbygging verksmiðju á Sauðárkróki er vart komin á hugmyndastig hvað þá meira, enda er hægt að byggja hana þó svo að línan liggja um Kiðaskarð, það skiptir engu máli, það er þá bara hægt að fara með jarðstreng með mun lægri spennu heldur en verður á Blöndulínu 3 í tiltekna framkvæmdir.

Ég læt það vera þó Hrómundarskarðsleið sé hafnað, en þess ber þó að geta að tvo undanfarna vetur hefur verið ófært á snjóleða í gegnum Hrómundarskarð, þó svo að fært hafi verið að því beggja megin frá. Ég undirritaður, Jón Gissurarson fór margar ferðir þangð á sleða bæði síðasta vetur og í fyrravetur og komst aldrei í gegn um það vegna snjóleysis.

Það er mín skoðun að fyrirhuguð Blöndulína 3 eigi skilyrðislaust að liggja sem jarðstrengur um Kiðaskarð, þurfi hún á annað borð að koma, en best er að sjálfsgöðu að vera laus við hana sé það hægt.

Rökin fyrir þessari skoðum minni eru eftirfarandi.

Í fyrsta lagi, leiðin er styttri.

Í öðru lagi, graslendi og votlendi er nánast ekkert frá Svartárdal í gegnum Kiðaskarð að Mælifellsdal, en graslendi er mikið ef farin er Vatnskarðs og Efrbyggðarleið, eða Héraðsvatnaleið.

Í þriðja lagi bílfær slóð liggur nú þegar úr Skagafirði í gegnum Kiðaskarð niður í Svartárdal.

Í fjórða lagi, kostnaður við línulögnina yrði minni.

Í fimmta lagi, efnistaka í veg er mun betri sérstaklega vestan Kiðaskarðs heldur en ef farin er Vatnskarðs og Efrbyggðarleið, eða Héraðsvatnaleið.

Í sjötta lagi, línan liggur fjær byggð og alveg örugglega ekki yfir neinar byggingar.

Í sjöunda lagi, línan liggur yfir mun fleiri bújarðir ef farin er Vatskarðs og Efrbyggðarleið, eða Héraðsvatnaleið, heldur en ef farin er Kiðaskarðsleið.

Í áttunda lagi, Fossar í Svartárdal eru þegar komnir í eyði og líkur eru á að Stafn í Svartárdal sé einnig að fara í eyði, en þar kemur línan trúlega til með að liggja yfir verði hún lögð um Kiðaskarð. Það hlýtur að vera ill skárri að hún liggji yfir eyðijarðir, heldur en jarðir sem eru í byggð.

Í níunda lagi, það eru ekki bara hagsmunir Landsnets og stóriðjunnar sem skipta máli, hagsmunir landeigenda skipta líka máli, það er engum til hags að hafa þessa línu yfir landið hjá sér.

Í tíunda lagi, þessi gríðarlega stóru stálmöstur með tilheirandi rafstrengjum eru hryllilega ljót og fara alstaðar illa við landslag, það er engum til sóma að ganga um landið með þeim hætti sem gert verður ef þessi línulögn verður að veruleika.

Í ellefta lagi, verði engu að síður af þessari loftlínulögn, sem þó vonandi verður aldrei, á hún samt að liggja um Kiðaskarð, rökkin fyrir því eru þau að skarðið ver sig mjög vel fyrir veðrum og mundu engin veður ná til hennar inni í skarðinu svo nokkru næmi. Liggji hún hinsvegar um Vatnsskarð mun vestanáttin næða um hana með miklum þunga og tilheyrandi ísingarhættu. Suðvestanáttin mun standa þvert á hana á löngum kafla með sínum snörpu vindkviðum sem eru mun hvassari undan fjöllumunum sunnvert við Vatnsskarðið heldur en við vindmælinn á há Vatnsskarðinu. Suðvestanáttin er alltaf hvassari við bæinn Víðimýrarsel heldur en við vindmælinn á Vatnsskarðinu.

Í tólfta lagi, illskárri væri að mínu mati að línan lægi meðfram gömlu byggðalínunni.

Í þrettánda lagi, jarðstrengur meðfram þjóðvegi 1 mun ekki kosta vegagerð svo neinu nemi.

Í fjórtánda lagi jarðrask yrði mun minna við jarðstreng meðfram þjóðvegi 1.

Í fimmtánda lagi, línustæði það sem talað er um sunnantil í Vatnsskarði mun aðeins liggja í 300 til 400 metra fjarlægð frá bæ mínum Víðimýrarseli og mun blasa við þaðan. Mótmæli ég þeirri leið harðlega og mun ekki gefa það eftir nema með eignarnámi. Fjarlægð línustæðisins er svipuð frá bæjunum Stóra Vatnsskarði, Valagerði og Valadal og er það enganveginn ásættanlegt.

Vatnsból.

Rétt er að taka það fram að fyrirhugað línustæði um Vatnsskarð liggur mjög nálægt, ef ekki yfir sameiginlegt vatnsból bæjanna Stóra Vatnsskarðs og Valagerðis og einnig mjög nálægt vatnsbóli Valadals. Ætla forráðamenn Landsnets að ábyrgjast að þau mengist ekki? Ekki er um aðra jafngóða valkosti að ræða með vatnsból fyrir þessa bæi.

Jón Gissurarson.

Í fjölmörgum atriðum er ósamræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaaðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínan verði notuð áfram og ekki geri ráð fyrir að tengja Blönduvínnu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðarlínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlinur. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um

tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínur í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu.

Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætíun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á **samfélag** verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en **umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti**. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um **efnistökustaði** og gerð verði grein fyrir því **magni** sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuastaði og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um **óveður** á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í óaðgengilega skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Hér er því bent á misræmi við matslýsingu enda á frummatsskýrsla samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem **sjálfstætt rit**.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu **ósnortinna víðerna** eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd en það er ekki gert.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um **umferð** á framkvæmdatíma og rekstartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang **starfsmannaástöðu en það er ekki gert**.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir **útfærslu slóða** í frummatsskýrslu en það er ekki gert. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á **möstrum** í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.) en ekki sagt hvaða möstur verða hvar.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu **efnisflutningaleiðum** í frummatsskýrslu né heldur **umfangi aukinnar umferðar**.

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir **efnistökustöðum** og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggi frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efribýggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsspörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efribýggðarleið benda á að svo er ekki. Þörf stóriðju fyrir raforku geti ekki talist til almannaþarfar heldur miklu frekar sérþarfir þess atvinnureksturs. Eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Nýlagning Blöndulínu 3 er eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsspörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?

Athugasemdir við frummatsskýrslu

Umfang framkvæmdar og lagning loftlínna

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loflínu og jarðstrengs: „Sé lítið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er lítið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loflínum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efríbyggðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loflínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að t.d. áform um Efríbyggðarleið ganga eftir.

Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra**.” Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulaga jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!**

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskyt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

Raffræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispenntu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfenað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að

auka flutningsgetu byggðalínuhringsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegiandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanháts og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlögn Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

Rannsóknir

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efríbyggð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

Valkostir

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

Kynning og samráð

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr áliti hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efríbyggð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkið, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efríbyggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla

ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efríbyggðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

Landsnet

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efríbyggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

Slóðar

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagnar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjalllendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsögð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförmum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það vegnet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

Dúkar

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.”

Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og mól keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

Plön og útskot

Ekkí er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

Slóðar með línu

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð.

Námur

Gerð er athugasemd við að ekki liggja fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggja ekki fyrir. Ekki liggja fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

Slóðar og umhverfi

Í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggðar vegur. Slíkir vegir eru skipulagsskyldir en fyrirhugaðair slóðar eru ekki í

Girðingar

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

Skipulag

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í álitni hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunadila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagauppdrætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Sammenburður og jarðstreng og loftlína

Stefnumótun stjórnvalda

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrir en stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

Áróðurskennnd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en

mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loflínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

Jarðrask vegna jarðstrengja

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.“ Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

Sjónræn áhrif

Einn stærsti galli lagningar loflínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loflínu miðað við jarðstreng.

Mat á umhverfisáhrifum

Landslag

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

Asýnd

Mat á áhrifum

Í frummatsskýrslu er sagt um Efríbyggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert **neikvæðum** áhrifum einstaka bæi á Efríbyggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgæirsvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

Sýnileikakort

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á lofljómyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti.

Sýnileiki og Mælifellshnjúkur

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loflínu þar sem hún ber við hliðar Mælifellshnjúks í Skagafirði.

Efríbyggðaleið

Í umsögn um Efribýggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribýggðaleið muni línan ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línan frá **öllum** bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línan muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efribýggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna.

Hæð mastra

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra. Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megingilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

Vatnsfar

Vatnsvernd

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir frá Blönduvirkjun til Akureyrar, ef farin er Vatnskarðs og Efribýggðaleið og jarðafjöldinn sem farið er yfir er svipaður sé farin Vatnskarðs og Hólmaleið, en jarðirnar eru mun færri sé farið með línuna um Kiðaskarð. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og áðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

Gróðurfar

Áhrif á gróður

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vástategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð "staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri". Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögna á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif** á gróður.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efribbyggð liggur um vel gróð land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

Votlendi

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efribbyggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnunum á landbúnaðarjörðum.

Sínk

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zínk og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zínkneyslu á áður nefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zínks, í auknu magni, á línuleiðinni?

Ferðabjónusta og útivist

Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðabjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet¹. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðabjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðabjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum

¹ Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulína 3 – á ferðabjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efribýggðarleidd. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séru í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar.** Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

Landnotkun

Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- og rekstrartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist.

Slóðar

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifasvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línusvæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og hávaði

Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.“ Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

Heildavilnið og niðurstöðu

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er

rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheidi.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþjón getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásynnd, ferðaþjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Matsverð og söluverð jarða.

Ekki er hægt að sjá við lestur á frummatsskýrslu Landsnets að neins staðar sé lagt mat á verðfall á þeim jörðum sem nefnd lína kemur til með að fara yfir.


Líklegt má telja og matsverð og söluverð jarða muni lækka við línulögnina og eftirspurn eftir þeim til kaups verða minni þegar kemur að því að núverandi ábúendur verða að hætta búskap og þurfa að selja.

Hvernig ætlar Landsnet að tryggja það að þetta gerist ekki ?


Gott væri að fá ábendingar um það hvort einhvern staðar er að finna úttekt á þessu.

Ætlar Landsnet að bæta bændum verðfallið á jörðum þeirra og eftilvill að tryggja þeim sölu á þeim eða kaupa þær seljist þær ekki þegar núverandi ábúendur verða að hætta geti þeir ekki selt jarðir sínar og línunni verði að einhverju leiti kennt um?

Virðingarfyllt



Blöndulína 3 (220 kV)
Mat á umhverfisáhrifum.
Athugasemdir vegna frummatsskýrslu



Dagsetning: 1.maí 2012

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum.

Í fjölmörgum atriðum er ósamræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaaðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðarlínan verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðarlínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínu í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu.

Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á samfélag verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um efnistökuástand og gerð verði grein fyrir því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuástand og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um óveður á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í óaðgengilega skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Hér er því bent á misræmi við

matslýsingu enda á frummatsskýrsla samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem sjálfstætt rit.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu ósnortinna víðerna eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd en það er ekki gert.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um umferð á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang starfsmannaástöðu en það er ekki gert.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir útfærslu slóða í frummatsskýrslu en það er ekki gert. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á möstrum í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.) en ekki sagt hvaða möstur verða hvar.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu efnisflutningaleiðum í frummatsskýrslu né heldur umfangi aukinnar umferðar.

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir efnistöðustöðum og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegjar) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efrabyggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efrabyggðarleið benda á að svo er ekki. Þörf stóriðju fyrir raforku geti ekki talist til almannaþarfar heldur miklu frekar sérþarfir þess atvinnureksturs. Eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Nýlagning Blöndulínu 3 er eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?

Athugasemdir við frummatsskýrslu.

Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efribygðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Bygðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að t.d. áform um Efribygðarleið ganga eftir.

Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstrartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum** til **verulega jákvæðra**.” Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulega jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!**

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskylt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

Raffræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfénað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að

auka flutningsgetu byggðalínuhingsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þægjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlögn Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

Rannsóknir

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsókuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efríbyggð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

Valkostir

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

Kynning og samráð

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr álitni hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efríbyggð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirknið, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efríbyggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efríbyggðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

Landsnet

Spurt er hvornig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efríbyggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

Slóðar

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagnar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um

slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjalllendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsögð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það vegana sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

Dúkar

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.” Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og mól keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

Plön og útskot

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

Slóðar með línu

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð.

Námur

Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggi ekki fyrir. Ekki liggi fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

Slóðar og umhverfi

Í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur. Slíkir vegir eru skipulagsskyldir en fyrirhugaðair slóðar eru ekki í

Girðingar

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

Skipulag

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í áliti hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunaaðila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagaupprætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

Stefnumótun stjórnvalda

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

Áróðurskennd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

Jarðrask vegna jarðstrengja

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.” Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

Sjónræn áhrif

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

Mat á umhverfisáhrifum

Landslag

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofl útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

Ásýnd

Mat á áhrifum

Í frummatsskýrslu er sagt um Efribygðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert **neikvæðum** áhrifum einstaka bæi á Efribygðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgaersvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

Sýnileikakort

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljómyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti.

Sýnileiki og Mælifellshnjúkur

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði.

Efribyggðaleið

Í umsögn um Efribyggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribyggðaleið muni línan ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línan frá öllum bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línan muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efribyggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna.

Hæð mastra

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra. Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

Vatnafar

Vatnsvernd

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efribyggðaleið. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og áðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

Gróðurfar

Áhrif á gróður

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á válistategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð "staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri". Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögn á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif** á gróður.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efribyggð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

Votlendi

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá

Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efribygðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnnum á landbúnaðarjörðum.

Sínk

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áðurnefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

Ferðaþjónusta og útivist

Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet¹. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðaþjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðaþjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efribygðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séu í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar**. Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

Landnotkun

Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- of rekstrartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist.

Slóðar

¹ Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðaþjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifsvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og hávaði

Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.” Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheidi.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþján getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásýnd, ferðaþjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllst

Hölmun Erla Grétarsdóttir
Kt: 280475-5649

Lífstöðum 580
Varmahlíð

Halldór Einarrson
190775-5699

Abiendur Ánskerri - Lífstöðum -
Sólheimum

3. maí 2012

Skipulagsstofnun
Laugavegi 164
105 Reykjavík

EFNI: Athugasemdir við frummatsskýrslu Blöndulínu 3

Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við framkomna frummatsskýrslu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar.

1. Um nauðsyn 220kV háspennulínu frá Blöndustöð til Akureyrar

Í frummatsskýrslu Landsnets kemur fram að tilgangur Blöndulínu 3 er í meginatriðum tvennskönar. Í fyrsta lagi kemur fram að:

„Tilgangur með langingu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi.“ (Landsnet 2012a, bls. 1).

Blöndulína 3 er 220kV háspennulína með um 560 MVA flutningsgetu. Landvernd telur að Landsnet rökstyðji ekki nægilega vel þörfina á svo stórrí háspennulínu til þess að uppfylla þetta fyrra markmið um styrkingu meginflutningskerfis raforku á Norðurlandi. Ef lítið er til raforkuspár fram til ársins 2050, er talið að orkuaukning á Norðurlandi verði rétt rúmlega 40% (161 GWh), eða u.p.b. 1% á ári (Orkustofnun 2011). Því verður ekki séð að þörf sé að svo stórrí háspennulínu eins og Landsnet gerir ráð fyrir í frummatsskýrslunni, en mikill munur er á umhverfisáhrifum 220kV línur annarsvegar og minni línur hinsvegar. Landvernd fer þess á leit við Skipulagsstofnun að hún leyti frekari rökstuðnings fyrirtækisins á þessu atriði.


2. Sameiginlegt umhverfismat verði gert fyrir hringtengt 220kV rafflutningskerfi á Íslandi

Seinna markmið Landsnets með Blöndulínu 3 lítur að byggingu hringtengds 220kV flutningskerfis hérlendis, oft kallað „styrking byggðalínunnar“:

„Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu byggðalínuhringsins um landið.“ (Landsnet 2012a, bls. 1).

Í nýjstu kerfisáætlun Landsnets (Landsnet 2012b) er rætt um styrkingu meginflutningskerfisins (hryggjarstykkisins) og eru tveir kostir sérstaklega nefndir: (i) *tvöföldun alls byggðalínuhringsins*, sem er umrædd hringtenging samsíða núverandi

byggðalínu, (ii) tenging yfir hálendið og tvöföldun hluta byggðalínuleiðar (1. og 2. mynd). Í báðum tilvikum væri um að ræða lagninu 220kV háspennulínu frá Blöndustöð til Akureyrar. Ekki hefur verið sýnt fram á að svo stóra háspennulínu þurfi á leiðinni fyrir aukningu í almennri notkun (sbr. athugasemd 1 hér að ofan), og því má leiða að því líkum að uppbygging hringleiðarinnar sé fyrst og fremst vegna stórnotenda.



1. mynd: Tvær leiðir Landsnets að styrkingu meginflutningskerfisins á Íslandi, sett fram í Kerfisáætlun 2012 (Landsnet 2012b).



2. mynd: Styrking byggðalínunnar gerir ráð fyrir nýju 220kV flutningskerfi (úr Kerfisáætlun Landsnets, Landsnet 2012b).

Landvernd tekur undir það mat Landsnets að reising Blöndulínu 3 verði ekki tekin úr samhengi við styrkingu meginflutningskerfisins. Samtökin telja hinsvegar ekki annað forsvaranlegt en að einstakir bútar í fyrirhugaðri styrkingu meginflutningskerfisins verði metnir sameiginlega, sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum, þ.m.t. Blöndulína 3, sem er greinilega (einnig að mati Landsnets) hluti af styrkingu meginflutningskerfisins á Íslandi.

Landvernd beinir því til Skipulagsstofnunar að fara fram á sameiginlegt mat þeirra áfanga sem Landsnet setur fram vegna styrkingar meginflutningskerfisins í Kerfisáætlun sinni.

3. Mat á ákveðnum þáttum vantar í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3

3.a. Umhverfisáhrif jarðstrengs ekki metin

Landvernd gerir mjög alvarlegar athugasemdir við það að Landsnet fjallar ekki um umhverfisáhrif jarðstrengs sem valkosti við loftlínu og ber ekki saman umhverfisáhrif þeirra. Þetta er nauðsynlegt að gera, ekki síst á ákveðnum svæðum á leiðinni, sem eru viðkvæmari en önnur sökum áflugsvandamála fugla eða sjónrænna áhrifa.

Í frummatsskýrslunni segir orðrétt:

„Framkvæmdaraðili telur að ekki eigi að fjalla um framkvæmdakosti í mati á umhverfisáhrifum sem ekki eru taldir raunhæfir. Þetta er í samræmi við 2. mgr. 9. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og því á ítarleg umfjöllun í matskafla um jarðstrengi ekki rétt á sér. Framsetning framkvæmdakosta sem ekki koma til greina af hálfu framkvæmdaaðila til jafns á við þá valkosti sem settir eru fram til kynningar og álits Skipulagsstofnunar yrði vafalaust afar villandi og gæti vakið upp óraunhæfar væntingar“. (Landsnet 2012a, bls. 42).

Umfjöllun Landsnets sem á eftir fylgir um jarðstrengi er því einungis almenns eðlis. Það er því ekkert mat á umhverfisáhrifum þeirra sem mögulegs flutningsmáta raforku á leiðinni frá Blöndustöð til Akureyrar, hvorki á leiðinni allri eða einhverjum hlutum hennar. Þessi vinnubrögð verða að teljast ámælisverð og eru óásættanleg út frá umhverfislegu og félagslegu sjónarmiði. Þar með eru hafin að engu óskir fjölda fólks sem býr á svæðinu og Skipulagsstofnunar um að meta þessi áhrif til jafns á við loftlínu.

Það er óásættanlegt að Landsnet fari fram með þessum hætti, enda einungis verið að fara fram á að kanna umhverfisáhrif, þannig að taka megi ákvörðun sem byggir á bestu fánlegu rannsóknaniðurstöðum. Aðeins með því að bera saman umhverfisáhrif mismunandi kosta (í þessu tilviki jarðstrengs og loftlínu) ætti niðurstaða að geta fengist sem er fýsilegust út frá umhverfissjónarmiðum.

Þá vill Landvernd benda á að víða erlendis, m.a. í Danmörku eru loftlínu tekna í jörð á viðkvæmum svæðum, þrátt fyrir að vera af hárru spennu (220kV og hærrí). Þetta er kallað „Partial Undergrounding“. Líta hefði átt til þessa við frummatsskýrslugerð.

3.b. Samanburður Landsnets á kostum jarðstrengja og loftlína

Hér er ekki farið út í að gagnrýna samanburð Landsnets á kostum jarðstrengja og loftlína, en Skipulagsstofnun er bent á athugasemdir Ólafs Valssonar og Sifjar Konráðsdóttur við frummatsskýrsluna (Ólafur Valsson og Sif Konráðsdóttir 2012).

3.c. Umhverfisáhrif þess að Blöndulína 3 fylgi núverandi línu

Þá eru umhverfisáhrif þess að Blöndulína 3 fylgi núverandi línunum í meira mæli ekki metin, en almennt er talið að ef nýjar línur fylgja eldri línunum, þá valdi það minni umhverfisáhrifum. Æskilegt hefði verið að kanna þennan kost til jafns á við þann sem Landsnet leggur fram.

3.d. Samanburður á mismunandi mastragerðum

Á opnum kynningum Landsnets (sjá t.d. Íris Baldursdóttir 2012; Nils Gústavsson 2012) hefur fyrirtækið kynnt nýjungar í mastragerð, m.a. niðurstöður samkeppni um mastragerðir sem taldar eru hafa minni sjónræn áhrif en eldri gerðir. Landvernd telur að eðlilegt hefði verið að gera samanburð á mismunandi mastragerðum, m.t.t. til sjónrænna áhrifa og yfirborðsrasks í frummatsskýrslu Blöndulínu 3. Gera verður þá kröfu til Landsnets að fyrirtækið meti mismunandi gerðir mastra, ekki síst þær sem fyrirtækið kynni á opinberum vettvangi sem umhverfisvænni lausnir. Það dregur upp þjagaða mynd af umhverfisáhrifum framkvæmda á vegum fyrirtækisins að kynna eitt en gera annað.

4. Gagnrýni á sérstaka hluta mats á umhverfisáhrifum í frummatsskýrslu Blöndulínu 3

4.a. Fjöldi flokka fyrir vægi órökstuddur

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (2005a) eru notaðir fimm flokkar fyrir vægi áhrifa. Landsnet kys að nota sjö flokka. Ekki verður séð að sú ákvörðun sé rökstutt, sbr kafli 5.3.3. í frummatsskýrslu (Landsnet 2012a). Landvernd beinir því til Skipulagsstofnunar að kalla eftir rökstuðningi á þessu atriði, enda getur þetta haft áhrif á lokaniðurstöðu mats á umhverfisáhrifum.

4.b. Magnbundnar, prófanlegar spár skortir

Flestar spár í frummatsskýrslu eru eigindlegar (e. qualitative) og fáar magnbundnar (e. quantitative). Í rannsókn Stofnunar Sæmundar fróða (SSf) á sannprófun umhverfismats Sultartangalínu 3 (Guðmundur Ingi Guðbrandsson o.fl. 2012) kom fram að einungis 25% spáa var unnt að sannprófa (þ.e.a.s. að bera saman spáð áhrif og raunveruleg til að sjá hvort spár hefðu gengið eftir og hversu hittnar (e. accurate) og nákvæmar (e. precise) þær voru). Í rannsókninni kom einnig fram að mun stærra hlutfall magnbundinna spáa var sannprófunarhæfur (43%) miðað við eigindlegar (20%). Hér er vissulega ekki lagt mat á sannprófunarhæfi spáa, en Skipulagsstofnun er hvött til að krefjast þess að spár séu í auknum mæli settar fram á magnbundinn hátt, helst með prófanlegum tilgátum, þannig að auðveldara sé að sannreyna umhverfisáhrif að framkvæmdum loknum.

4.c. Forsendur spáa um skerðingu gróðurs þarfnast nánari skoðunar

Gerðar eru athugasemdir við forsendur flatarmálsreikninga í töflu 6.2 í frummatsskýrslu (Landsnet 2012a, bls. 80):

- Í fyrsta lagi er þar gert ráð fyrir að flatarmál gróðurs sem skerðist vegna mastra og slóða verði 120m² fyrir hvert mastur. Ekki er ljóst hvort eingöngu er

átt er við svæði sem fer undir möl, eða einnig svæði sem raskast vegna traðks vinnuvéla. Í sannprófunarrannsókn SSf á Sultartangalínu 3 var meðalstærð malarborins plans fyrir framan möstur um 150 m² og þá var ekki talið með rask utan malarborins yfirborðs (Guðmundur Ingi Guðbrandsson o.fl. 2012). Þess ber að geta að við Sultartangalínu 3 voru notuð V-laga möstur en hér er gert ráð fyrir M-laga möstrum og getur verið munur á raski við þessar tvær gerðir mastra.

- Í öðru lagi er gert ráð fyrir að breidd slóða verði 5m í frummatsskýrslu Blöndulínu 3. Í sannprófunarrannsókn SSf var meðalbreidd hliðar slóða mismunandi eftir svæðum. Meðalbreidd var minnst 5,3m og mest 6,6m (Guðmundur Ingi Guðbrandsson o.fl. 2012). Gert hafði verið ráð fyrir 4-5m breiðri slóð í umhverfismatsskýrslu Sultartangalínu 3, en ástæða þessa fráviks frá spá var talið að stærð vinnuvéla og sá árstími sem verkið var unnið á hefði kallað á meiri ofaníbúð. Hér er gerð athugasemd við það að niðurstöður sannprófunar SSf skuli ekki hagnýttar til að bæta spáforsendur við Blöndulínu 3, en þessar niðurstöður voru fyrst kynntar Landsneti árið 2009.

Því er beint til Skipulagsstofnunar að láta kanna þessar forsendur betur og hagnýta nýjustu rannsóknaniðurstöður á þessu sviði í því sambandi.

4.d. Magnbundnar spár skortir fyrir áhrif á fuglalíf

Í frummatsskýrslu Blöndulínu 3 skortir á magnbundnar spár fyrir áhrif línunnar á fugla, sérlega vegna áflugs. Slíkt er þó ekki bundið við þessa skýrslu, enda er hér um að ræða vandamál sem stafar af gagnaskorti, bæði hvað varðar stærð fuglastofna og tíðni áflugs. Mikilvægt er að bæta úr hvoru tveggja til að hægt sé að segja með meiri vissu til um áhrif háspennuloftlína á fuglalíf, en slík áhrif vara allan líftíma línanna. Landvernd beinir því til Skipulagsstofnunar að í framtíðinni sé gerð sú krafa að fuglastofnar á fyrirhuguðum línustæðum séu vaktaðir í nokkur ár fyrir framkvæmdir m.t.t. stofnstærðar. Auk þess er afar mikilvæg að rannsóknir verði gerðar á áflugsvandamálum hérlendis. Þetta tvennt ætti að geta bætt til muna spár um áflugshættu við loftlínur, og þar með ætti ákvarðanatöku um framkvæmdir að byggja á traustari grunni og vera upplýstari.

4.e. Áflugshætta vegna Blöndulínu 3 er óásættanleg

Að gefnum þeim gögnum sem fyrir liggja, verður áflugshætta á rekstrartíma að teljast óásættanleg þar sem hún er talin verða mest, þ.e.a.s. þar sem línan þverar stórar ár eins og Svartá, Blöndu og Héraðsvötn, en ekki síst á sléttlendi í Skagafirði á fartímum stórra fuglategunda, þ.m.t. válistategunda. Á þessum svæðum hefði verið sérstaklega þörf á að kanna heildarumhverfisáhrif jarðstrengslagnar til jafns á við loftlínur og kanna möguleika á „Partial Undergrounding“.

4.f. Gefa ljósmyndir nægilega góða mynd af því sem þær eiga að sýna?

Í myndahefti sem fylgir frummatsskýrslu eru fjölmargar ljósmyndir þar sem Blöndulína 3 hefur verið teiknuð inn á. Af myndunum að ráða virðist sem þær séu teknar með of lítilli linsu og gefi því ekki nægilega raunsæja mynd. Þetta mætti kanna betur.

5. Athugasemdir vegna mótvægisáðgerða

Landvernd gerir eftirfarandi athugasemdir vegna mótvægisáðgerða í frummatsskýrslu Blöndulínu 3:

- Mótvægisáðgerðir í skýrslunni tengjast ekki með nægilega skýrum hætti spáðum neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar. Mikilvægt er að setja mótvægisáðgerðir skýrt fram og tilgreina hvaða spáðu áhrifum þeim er áætlað að draga úr. Athugasemdir þessa efnis hafa verið birtar áður (VSÓ 2003; Guðmundur Ingi Guðbrandsson o.fl. 2012).
- Þá bendir Landvernd á að t.d. Norðmenn hafa notað þryllur við að reisa möstur þar sem aðkoma að framkvæmdasvæði er erfið, eða þegar rask á framkvæmdatíma eða vegna slóða er talið óviðunandi. Þessi möguleiki er hvergi nefndur í matsskýrslunni sem möguleg mótvægisáðgerð eða tæknilegt úrlausnarefni.
- Neikvæð áhrif Blöndulínu 3 á landslag eru talin verða mest í Kræklingahlíð (talsvert neikvæð; Landsnet 2012a, Tafla 6.1, bls. 63), en þar eru fyrir þrjár aðrar flutningslínur. Engar mótvægisáðgerðir eru settar fram vegna áhrifa á landslag, ekki heldur á þessu svæði. Þær gætu hinsvegar falist í að jarðsetja línur sem eru fyrir á svæðinu, eins og dæmi eru um úr umræðu um Suðvesturlínur og víða erlendis, m.a. í Noregi (Færö 2010). Önnur leið væri að nota möstur með mildara útliti, sem útilokar ekki hina áðgerðina.

6. Vöktunaráætlun

Landvernd gerir athugasemdir við að ekki er sett fram vöktunaráætlun í frummatsskýrslu. Slíkt er mjög til hægðarauka og mælst er til þess í lögum um mat á umhverfisáhrifum og í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (2005b).

Lokaorð

Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við frummatsskýrslu Blöndulínu 3. Sérstaklega þarf að bæta úr skorti á mati á umhverfisáhrifum jarðstrengslagnar til samanburðar við loftlínu, a.m.k. á viðkvæmustu svæðum línuleiðarinnar. Það er óforsvaranlegt að Landsnet geti neitað að láta slíkt mat fara fram og stríðir gegn hagsmunum umhverfis og samfélags. Meðan ekki er vitað hvaða áhrif jarðstrengslögn hefur á umhverfi og samfélag á línuleiðinni er gengið gegn markmiði með lögum um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 1. gr. laganna, liði a, b og c.

Fyrir hönd Landverndar,

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Framkvæmdastjóri Landverndar.

HEIMILDIR

Færö, C. 2010. *EIA and approval – Experiences from new 420 kV powerline Örskog – Fardal*. Fyrirlestur. Statnett SF.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Brynhildur Davíðsdóttir, Birgir Jónsson, Sigurður S. Snorrason, Sigurður Jóhannesson og Guðrún Pétursdóttir. 2012. *Hvað er að marka spár og mótvægisáðgerðir í mati á umhverfisáhrifum? Sannpröfun umhverfisáhrifa og efnda við Sultartangalínu 3*. Stofnun Sæmundar fróða, Háskóla Íslands (108 bls.)

Íris Baldursdóttir. 2012. *Flutningskerfið og umhverfið. Loftlínur og jarðstrengir*. Fyrirlestur á kynningarfundum Landsnets hf. 29. mars 2012. Sótt á vefinn 2. maí 2012, URL: http://landsnet.is/Uploads/document/Upplýsingafundur/2012/29.03.2012/Flutningskerfið%20og%20umhverfið_IB.pdf

Landsnet 2012a. *Blöndulína 3. Frá Blöndustöð til Akureyrar. Frummatsskýrsla*. Landsnet 12009.

Landsnet 2012b. *Kerfisáætlun. Fimm ára áætlun 2012-2016 // Langtímaáætlun til árs 2026*.

Nils Gústavsson. 2012. *Flutningskerfið og umhverfið. Loftlínur eða jarðstrengir*. Fyrirlestur á málþingi RVFÍ, 18. apríl 2012. Sótt á vefinn, 2. maí 2012, URL: <http://www.vfi.is/media/frettir/Flutningskerfid-og-umhverfid---NG.pdf>.

Orkustofnun 2011. *Raforkuspá 2011-2050*. OS 2011/07.

Ólafur Valsson og Sif Konráðsdóttir. 2012. *Athugasemdir til Skipulagsstofnunar við frummatsskýrslu Landsnets hf vegna Blöndulínu 3. Mat á umhverfisáhrifum*. Sótt á veraldarvefinn: URL: <http://www.oxnadalur.is/wp-content/uploads/2012/05/Blondulina3Greinargerð.pdf>.

Skipulagsstofnun 2005a. *Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*. Skipulagsstofnun, Reykjavík, 23 bls. Sótt á veraldarvefinn 11. apríl 2011, URL: http://www.skipulagsstofnun.is/media/umhverfismat/leidbeiningar_um_flokkun_umhverfis_thatta_vidmid_einkenni_og_vaegi_umhverfisahrifa.pdf.

Skipulagsstofnun. 2005b. *Leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda*. Skipulagsstofnun, Reykjavík, 54 bls. Sótt á veraldarvefinn 11. apríl 2011, URL: http://www.skipulagsstofnun.is/media/umhverfismat/leidbeiningar_um_mat_a_umhverfisa_hrifum_framkvaemda.pdf.

VSÓ Ráðgjöf. 2003. *Vegagerð og mótvægisáðgerðir*. Unnið af VSÓ Ráðgjöf fyrir Vegagerðina. VSÓ Ráðgjöf, 45 bls.

Efni:

Blöndulína 3 – Athugasemdir við frummatsskýrslu, dagsett í mars 2012

Til:

Skipulagsstofnun

Laugavegi 166, 105 Reykjavík

Afrit:

Landsnet hf.

Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík

Mannvit hf, verkfræðistofa (bt. Axels Vals Birgissonar)

Grensásvegi 1, 108 Reykjavík

Iðnaðarráðherra, frú Katrín Júlíusdóttir

Arnarhváli, 150 Reykjavík

Umhverfissráðherra, frú Svandís Svavarsdóttir

Skuggasundi 1, 150 Reykjavík

Efnahags- og viðskiptaráðherra, herra Steingrímur J. Sigfússon

Skuggasundi 3, 150 Reykjavík

Sveitarstjórn Skagafjarðar

Ráðhús, Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkróki

Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra

Sæmundargötu 1, 550 Sauðárkróki

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Glerárgötu 26, 600 Akureyri

Orkustofnun

Orkugarði, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Vegagerðin

Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík

Ferðamálastofa

Geirsgata 9, 101 Reykjavík

Eftirfarandi er sent Landsneti og Mannviti verkfræðistofu sem framkvæmdaraðilum að baki Blöndulínu 3: áætlaðri 220kV háspennulínu (sem rekin verður á 132 kV þar til síðar verður ákveðið) frá Blönduvirkjun til Akureyrar. Afrit af bréfinu er sent öllum aðilum sem undirritaður telur að eigi að vita af háttalagi framkvæmdaraðila sem standa að baki lagningar Blöndulínu 3. Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir, ábendingar og kröfur vegna frummatsskýrslu áætlunarinnar.

1.

Blöndulína 3 á að vera byggð fyrir 220kV spennu en skýrt kemur fram að línan skuli aðeins flytja 132kV spennu þar til spennan verður hækkuð „síðar meir“. Gerð er skýlaus krafa um að framkvæmdaraðilar geri grein fyrir a) **hví** er talin þörf á 220 kV spennu og b) **hvenær** áætlað er að hækka spennuna upp í 220kV. Bent er á að þetta er það sem kallast offjárfesting og margir myndu beinlínis kalla þetta soun á almannafé. Taka skal til greina þann aukakostnað sem fer í að leggja 220kV spennulínu í dag þegar aðeins er þörf á 132kV spennulínu í kostnaðar- og ábatagreiningu að baki Blöndulínu 3. Þá er sérstaklega bent á að leggja skal hluta þeirra lína sem tengjast framkvæmdinni um Blöndulínu í 132 kV jarðstreng (sjá mynd 2.4 í frummatsskýrslu). Ef/þegar spenna byggðalínu er hækkuð í 220 kV verður að endurnýja þennan jarðstreng. *Undirritaður efast því stórlega um að þörf sé á að leggja 220 kV spennulínu sem stendur og væri nær að leggja 132 kV jarðstreng alla leið.* Í því sambandi vill undirritaður minn á að Becromal á Akureyri, sem framleiðir aflþynnur og er opinber ástæða þess að farið er í lagningu Blöndulínu, *notar*

aðeins 132 kV en ekki 220 kV spennu. Engar áætlnir eru um uppbyggingu iðnaðar á svæðinu sem Blöndulína 3 fer um sem þarf 220 kV spennu.

2.

Krafa er gerð um að sérstaklega sé sýnt fram áætlanir þess efnis **hvaðan** sú spenna og orka eigi að koma sem gerir það að verkum að leggja verður 220kV línu en ekki aðeins 132kV línu eins og hún mun vera eftir að línan hefur verið reist eða lögð í jörð. Sé ekki hægt að sýna fram á slíkt þykir undirrituðum hæpið að hægt sé að fullyrða að þörf sé á 220kV línu. Þetta er ítrekun á kröfu sem birtist í bréfi mínu til ykkar, dagsettu 28. október 2008 en þessari kröfu hefur ekki verið sinnt.

3.

Ítrekuð er krafa frá bréfi mínu dagsettu 28. október 2008 um að ítarlega verði gert grein fyrir hverjum einasta þætti kostnaðar- og ábatagreiningar sem nauðsynlegt er að ráðast í fyrir jafn stóra framkvæmd sem þessi er. Bent er á að samkvæmt þingsályktun um eflingu græns hagkerfis á Íslandi (þingskjal 1020, 140. löggjafarþing, dagsett 20. Mars 2012) skal bæta inn ákvæði um kostnaðar- og ábatagreiningu í lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, þannig að tryggt sé að umhverfiskostnaður hafi alltaf verið metinn til fjár áður en ráðist er í framkvæmdir. Skýlaus og algjörlega ófrávíkjanleg krafa er gerð um að Blöndulína 3 skuli fylgja kostnaðar- og ábatagreiningu í öllu, hvort heldur sem það ákvæði verði felld inn í lög nr. 105/2006 eða ekki. Bent er á í þessu sambandi, eins og Landsnet virðist ekki gera sér fyllilega ljóst, að markmið raforkulaga nr. 65/2003 varðandi uppbyggingu raforkukerfisins er:

...að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu.

Landsneti er vinsamlegast bent á að með orðinu „þjóðhagslega“ er meint að Landsnet skuli taka fullt tillit til *allra* áhrifa sem uppbygging raforkukerfisins hefur, jafnt innri sem ytri áhrifa, þ.e. áhrifa á þriðja aðila. Þetta ákvæði er einkar mikilvægt að Landsnet uppfylli í tilviki Blöndulínu 3 þar sem lagning línunnar mun grafa undan ferðaþjónustu og þar með byggð, í Skagafirði og á línusvæðinu öllu, jafnvel þótt Landsnet haldi öðru fram á blaðsíðu iv í frummatsskýrslu með orðunum „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðaþjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu.“ Hér fer Landsnet beinlínis ranglega með heimildir og staðreyndir og vil ég minna Landsnet á orð dr. Gunnþóru Ólafsdóttur í skýrslu sinni sem Landsnet sjálf bað um að væri gerð (blaðsíða 107):

Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðaþjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést, fyrst og fremst vegna þess að hún gerir það svæði „ónáttúrulegt“, brýtur niður náttúrustemninguna, beinir athyglinni að „skemmdinni“ og minnir á iðnað/stóriðju. Út frá niðurstöðum rannsóknarinnar má álykta að gamla byggðalínan með tréstauroforminu er skynjuð sem hluti af menningarlandslagi sveitarinnar. Hún virðist vera nægilega

„breytt“ og lágstemmd bæði í efni og anda til að teljast til sveitarinnar og falla inn í sveitalandslagið þar sem hún virðist ekki trufla upplifun fólks á náttúrulegu landslagi sveitarinnar eða koma í veg fyrir að fólk tengist náttúrunni þar á meðal – þó einstaka staur á óheppilegum stöðum fari endalaust í taugarnar á fólki. Hins vegar sýna niðurstöðurnar að það er allt annað mál með Blöndulínu 3 – form hennar og stærð skýtur langt yfir markið að hún geti átt heima í sveitinni eða náttúrunni – fólk skynjar framkvæmdina ekki sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki.

Í þessu sambandi er einnig rétt að taka fram, líkt og er bent á í þingskjali 1020, 140. löggjafarþing, að uppbygging á borð við Blöndulínu 3 er alls ekki ætluð til þess að flytja rafmagn til íslenskra heimila heldur til stórkaupenda og iðnaðarfyrirtækja. Landsneti er bent á í tillögum að þingsályktunartillögu að kostnaður raforkuverð til stórkaupenda skuli taka tillit til þess að leggja línuna í jörð. Það er því ekkert því til fyrirstöðu að Landsnet leggi Blöndulínu 3 í jörð, hver sem spenna línunnar verður, og rukki stórkaupendur, raunverulega kaupendur þeirrar orku sem um strenginn skal fara, fyrir þann aukakostnað sem hugsanlega getur af því hlotist. Þetta er raunar vilji Alþingis Íslendinga og ennfremur áætlun Landsnets m.v. orð Þórðar Guðmundssonar, forstjóra Landsnets (sjá 24 Stundir, 19. júlí 2008):

Byggðalínan milli Blöndu og Akureyrar er elsti hluti byggðalínuhringsins og er í raun orðin flöskuháls í flutningskerfinu. Við förum í þessa framkvæmd á þessum tímamarki til að tryggja rafmagn til aflþynnuverksmiðjunnar. Við nýtum okkur þá framkvæmd til að láta stórnotanda af þessu tagi borga sem mest af uppbyggingunni.

Það er því gerð eðlileg krafa um að Landsnet leggi alla línuna í jörð, líkt og er þverpólitískur vilji fyrir á Alþingi, og láti stórkaupendur, kaupendur raforkunnar, borga fyrir þann aukakostnað sem af slíku getur hugsanlega hlotist, líkt og forstjóri Landsnets hyggur á að gera nú þegar. Þá skal það tekið fram hér að *geri Landsnet og aðrir framkvæmdaraðilar ekki kostnaðar- og ábatagreiningu á Blöndulínu 3 samkvæmt lögum 65/2003 og fyrirhugaða breytingu á lögum 105/2006 og 106/2000 mun undirritaður leita allra kosta þess að fá úr því skorið fyrir dómsstólum hvort slíkt skuli gert.*

4.

Gerð er krafa um að Landsnet geri ítarlegra grein fyrir áætluðum kostnaði á hvern km af jarðstreng, (132 kV og 220 kV) m.v. háspennulínu. *Kaflí 3.3.2. og mynd 3.4. um samanburð á kostnaði við lagningu jarðstrengja og háspennulína er með öllu ófullnægjandi á fjölmargan hátt.*

Í fyrsta lagi fylgir samanburðurinn ekki kostnaðar- og ábatagreiningu þar sem fullt tillit er tekið til umhverfispáttá, áhrif á ferðaþjónustu, bætur til landeiganda o.s.frv.

Í öðru lagi er aðeins gefið til kynna hlutfall kostnaðar á milli lagningar jarðstrengs og loflínu („ætla má að 220 kV jarðstrengur, sem flytja þarf um 560 MVA sé 4-6 sinnum dýrari í stofnkostnaði en loflína.“) en ekki er gefið upp mat á krónutölunni sjálfri, þ.e. hvað kostar að leggja hvern km af jarðstreng og hvað kostar að leggja hvern km af háspennulínu í krónum talið!

Í þriðja lagi er ekki gefið upp hver kostnaður verður m.t.t. tíma. Í því sambandi verður að gera harða athugasemd við að Landsnet miði hlutfall kostnaðar á milli jarðstrengs og loflínu við 560 MVA. Því þótt línan sé hönnuð með þá flutningsgetu í huga (sjá bls. i) þá er miðað við 200 MVA lágmarksflutningsgetu í tilviki jarðstrengsins frá Kífsá að tengivirkinu við Rangárvelli (sjá töflu 2.5). Enn fremur er notast við 200 MVA straum þegar útreikningar á rafsviði og segulsviði eru kynntir í kafla 8.1. *Hvergi kemur fram í allri frummatsskýrslunni hvenær 560 MVA straumur fari um Blöndulínu 3*, þótt línan sé hönnuð með þá flutningsgetu í huga. Af kafla 8.1. má draga þá ályktun að aðeins 200 MVA straumur verði á línunni að jafnaði. *Gerð er skýlaus krafa um að kostnaðarhlutföll og tölur um kostnaðarsamanburð milli jarðstrengs og loflínu verði leiðrétt og taki tillit til þessa.*

Þá má að lokum gera þá athugasemd við áætlanir Landsnets hvað varðar kostnað við lagningu jarðstrengja að síst hafa þær verið nákvæmar hingað til og *hefur kostnaður við jarðstrengi verið ofmetinn*. Þegar Nesjavallalína 2 var lögð (132 kV jarðstrengur) var kostnaður á hvern km af jarðstreng 19,8 milljónir króna m.v. 13,9 milljónir króna fyrir loflínu. Munurinn þar á milli er aðeins 1,44 (jarðstrengur var 44% dýrari) þegar áætlanir gerðu ráð fyrir hlutfallinu 2,00 áður en framkvæmdir hófust (jarðstrengur átti að vera 100% dýrari). Landsnet ofmat því kostnað um lagningu jarðstrengs um 127%, þ.e. þ.e. hlutfallið 2,27 (1,0/0,44). Ef svipað ofmat á við í tilviki Blöndulínu er kostnaður við lagningu jarðstrengs aðeins um 1,8 – 2,6 sinnum hærrí en lagningu loflínu.

Raunar er rétt í þessu sambandi að hrósa Landsneti fyrir lagningu Nesjavallalínu 2. Eins og sjá má á Umhverfisúttekt á Nesjavallalínu 2, dagsettri í Nóvember 2010, **tók aðeins eitt ár fyrir umhverfið að ná sér nærri að fullu eftir lagningu þess 132 kV jarðstrengs**. Þess aukin heldur var, líkt og kemur fram hér að ofan, lagning línunnar mun kostnaðarminni en áætlað var í fyrstu. Kunnátta Landsnets er því mikil við lagningu jarðstrengs og frágangur til fyrirmyndar. Treystir undirritaður því Landsneti fyllilega til þess að leggja jarðstreng alla leið milli Blönduvirkjunar og Akureyrar!

5.

Bent er á að útflutningsverðmæti Becromals í Eyjafirði var áætlað að yrði um 7-9 milljarðar (skv. upplýsingum frá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar). Þar áttu um 100 manns að vinna en þeim hefur raunar fækkað vegna samdráttar starfsemi Becromals á Akureyri. Þá hafa stækkunaráætlanir Becromals verið lagðar á hilluna um sinn. Rétt er að benda á að um 20.000 manns starfa við hótél- og veitingahúsarekstur og samgöngur og flutningar á Íslandi. Útflutningsverðmæti ferðaþjónustu á Íslandi var 161 milljarður króna árið 2010.

Markaðssetning ferðapjónustu á Íslandi byggist á því að undirstrika að landið sé hreint og náttúrulegt um leið og iðnaður hérlandis notist við græna orku. Lagning loftlínu hefur, eins og skýrsla dr. Gunnþóru Ólafsdóttur gefur skýrt til kynna, mjög neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna sem hana sjá og þau neikvæðu áhrif eru fljót að hafa áhrif á framtíðarstraum ferðamanna til landsins (e. spillover effect).

Rétt er að benda á að aðeins örlítill neikvæð áhrif – 0,5% eða 100 manns – þurfa að eiga sér stað til að nettó atvinnusköpun Blöndulínu 3 sé neikvæð. Nauðsynlegt er að taka til greina, sérstaklega í ljósi laga nr. 65/2003 varðandi uppbyggingu raforkukerfisins þar sem segir að það skuli „stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforku kerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu“, neikvæð áhrif loftlínu á starfsmannafjölda í ferðapjónustu sem og neikvæð áhrif loftlínu á útflutningsverðmæti ferðapjónustu. Þetta er einkar mikilvægt í ljósi þess að hagkerfið á Íslandi þarf allar þær gjaldeyristekjur sem það vinnur sér inn og atvinnuleysi er sögulega mjög hátt. Ljóst má þykja að með því að byggja upp iðnað á Eyjafjarðarsvæðinu án þess að leggja Blöndulínu 3 í jörð er verið að fórna krónunni til að vinna sér inn eyrinn.

Þá er rétt að benda á að gjaldeyristekjur sem koma inn í landið vegna starfsemi Becromals á Eyjafirði staldra aðeins stutt við í hagkerfinu. Becromal er í erlendri eigu að langmestu leyti og hagnaður af starfsemi félagsins er því að mestu fluttur út úr hagkerfinu. Það sama gildir alls ekki um íslenska ferðapjónustu sem nándar nærri öll í eigu íslenskra aðila. Þá er dreifing hagnaðar í ferðapjónustu mun betri en í tilviki starfsemi Becromals en aðeins einn íslenskur aðili, Strokkur Energy (forstjóri: Eyþór Arnalds), á íslenska hlutinn í Becromal. Þar sem drefing hagnaðar í ferðapjónustu er meiri og betri eru þjóðhagsleg áhrif hagnaðar af ferðapjónustu mun jákvæðari fyrir hagkerfið allt en takmarkaður íslenskur hagnaður af starfsemi Becromal. Gerð er krafa um að þessi áhrif séu tekin til greina í kostnaðar- og ábatagreiningu á Blöndulínu 3.

Einnig er rétt að benda á að samkvæmt lögmáli Thirlwalls, sem er eitt af fáum „lögmálum“ í hagfræði sem eiga sér stað í raunveruleikanum, eru hagvaxtarmöguleikar Íslands meiri í tilviki ferðapjónustu en uppbyggingu iðnaðar á borð við starfsemi Becromals. Það rímar mjög vel við þá staðreynd að ferðapjónusta, sérstaklega græn ferðapjónusta sem undirstrikar hreinleika náttúru landsins, hefur vaxið hraðar síðastliðin ár en hagkerfið í heild; mikilvægi ferðapjónustu, sérstaklega grænnar ferðapjónustu, innan hagkerfis Íslands er að aukast. Að fórna uppvaxtarmöguleikum ferðapjónustu fyrir fjárfestingu í iðnaði á Eyjafjarðarsvæðinu sem að virðist ekki muni eiga sér stað m.v. gengi Becromals er því vægast sagt óskynsamlegt.

Þá er rétt að vekja athygli á því að samkvæmt Vaxtarsamningi iðnaðarráðuneytisins og er einn af meginpunktum hans að auka ferðamennsku á Akureyrarsvæðinu með stóráukinni nýtingu Akureyrarflugvallar sem alþjóðlegs flugvallar. Samkvæmt upplýsingum frá forsvarsmanni Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar (AFE) er ánægja ferðamanna sem koma til Akureyrar hærri en þeirra ferðamanna sem gera það ekki – og er þá tekið mið af öllum ferðamönnum sem til Akureyrar koma. 90% af ferðamönnum sem koma til Akureyrar segjast munu koma aftur og/eða segja vinum sínum og fjölskyldu að heimsækja Ísland samanborið við um 70% þeirra sem landið heimsækja en koma ekki til Akureyrar.

Sóknaráætlun ferðaþjónustu á Eyjafjarðarsvæðinu miðar við að ferðamenn muni nýta stoðþjónustu í allt að 100km fjarlægð frá Akureyri. Það þýðir að fari þeir vestur yfir Öxnadalshéiði til Skagafjarðar muni þeir horfa á háspennulínuna Blöndulínu 3 *alla leið!*

Þar sem helsta ástæða þess að ferðamenn eru ánægðir með komu sína til landsins er að það er náttúra þess er ósnert og „laust við iðnað“ og annað sem minnir fólk á daglegt amstur og neikvæð áhrif iðnvæðingar er ekki hægt annað en að álykta að ferðamenn sem muni hafa háspennulínu Blöndulínu 3 fyrir augunum muni seint segja landið vera eins hreint og markaðssetning þess gefur til kynna; Ísland er skemmd vara í þeirra augum sjái þeir háspennulínu svo langa vegalengd sem Blöndulína 3 á að vera. Slíkir ferðamenn koma ekki aftur og segja ekki heldur sínum vinum og ættingjum um að koma til Íslands með augljósum áhrifum á uppvaxtarmöguleika ferðaþjónustu á svæðinu og *landinu öllu*. Þetta er dæmi um þau „þjóðhagslegu áhrif“ sem lög nr. 65/2003 tala um og áhrif sem verður að taka tillit til.

Með tilliti til þessara þátta er ljóst að það er ekkert vit í því að leggja 220 kV línu sé hennar ekki þörf nú þegar. Raunar er rétt að benda á, eins og kemur fram í rannsókn dr. Gunnþóru Ólafsdóttur, að jarðstrengur myndi bæta möguleika ferðaþjónustunnar til frekari vaxtar því ferðaþjónustu aðilar gætu bent á jarðstrenginn, eða réttara sagt þar sem hann liggur, og bent á að þarna færi um græn orka; lagning strengsins hefði aðeins lágmarksáhrif á upplifun ferðamanna á landinu sem hreinu landi. *Þar með myndi lagning jarðstrengs styrkja ferðaþjónustu og markaðssetningu landsins sem lands þar sem græn orka með lágmarks umhverfisáhrifum er framleidd*. Atvinnubýgging og byggð yrði beinlínis styrkt, líkt og lög 65/2003 um lagningu raforkukerfisins kveða á um.

Sé vafi um að ferðamenn muni ekki láta háspennulínu á borð við Blöndulínu 3 fara í taugarnar á sér er nægilegt að vísa í rannsókn dr. Gunnþóru Ólafsdóttur um áhrif lagningar línunnar á ferðaþjónustu. Þar kemur skýrt fram að „ferðamönnum þykir mikilvægast að geta upplifað óraskaða náttúru“ og iðnaðarmannvirki á borð við 220 kV háspennulínu er upplifuð sem „skrímsli“ og „hræðilegt lýti“ sem eyðileggi alla upplifun við að njóta landsins.

Þetta vita ferðaþjónustuaðilar. Augljósasta dæmið um þetta er að markaðssetning landsins sem „hreins og fagurs lands“ gengur svo langt að m.a.s. núverandi byggðarlína, sem er talin frekar aumingjaleg ásýndum m.v. „skrímslið“ sem 220 kV spennulína væri, er fjarlægð úr ljósmynd með hjálp tölvutækni („photoshoppuð“ í burtu) sem prýðir kynningarbæklinginn „Skagafjörður – Skemmtilegur í friinu“.

Að Landsnet og Mannvit láti svo hafa eftir sér í Frummatsskýrslu að

talið er að Blöndulína 3 [sem háspennulína ofan jarðar] muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðaþjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu

er vægast sagt skammarleg hegðun og hrein afmyndun á rannsóknnum, þar með talið þeim rannsóknnum sem Landsnet hefur sjálft beðið um að verði gerðar í sambandi við lagningu

Blöndulínu 3! Gerð er skýlaus krafa um að þessi ósannindi verði leiðrétt og Landsnet og Mannvit viðurkenni niðurstöður rannsóknar dr. Gunnþóru Ólafsdóttur og fleiri sem hafa komist að nákvæmlega sömu niðurstöðu.

6.

Bent er á að sveitastjórn Skagafjarðar hefur margoft gert kröfu um að línan skuli lögð í jörð. *Þá er þverpólískur vilji til þess á Alþingi að allar raflínur skuli vera lagðar í jörð, bæði þær sem nú þegar hafa verið lagðar sem og þær sem skulu lagðar í framtíðinni*, sbr. tillögu til þingsályktunar um lagningu raflína í jörð, þingskjal 567, 140. löggjafarþing 2011-2012. Væri loftlína lögð væri Landsnet beinlínis að fara gegn vilja Alþingis um stefnu lagningar raflína í stað loftlína.

7.

Gerð er ófrávíkjanleg krafa um að Landsnet og Mannvit hugi betur að heilsufarsáhrifum raf- og segulsviða. Landsnet notast er við gamlar og úreltar rannsóknir og reglugerðir. Má t.d. sjá að reglugerð EU council (frá 1999) setur mörk segulsviðs við 100 míkrótesla sem „leyfilegan hámarksstyrk gagnvart almenningi“. Landsnet skoðar, blessunarlega, 0,4 míkrótesla mörk. En þau eru enn alltof há!

Í rannsókn Kroll, Swanson, Vincent og Draper frá árinu 2010 („Childhood cancer and magnetic fields from high-voltage power lines in England and Wales: a case-control study“) er bent á að segulsvið yfir 0,2 míkrótesla hafi mjög alvarleg áhrif á krabbamein á borð við hvítblæði hjá börnum og heilakrabbamein hjá fullorðnum. Af mynd 8.5 má álykta sem svo að segulsvið verði langt yfir 0,2 míkrótesla mörkunum í meira en 80m frá línunni. Er þá miðað við 200 MVA straum en flutningsgeta Blöndulínu á samt að vera 560 MVA. Bent er á að eðlilegt segulsvið í mannbústöðum er talið um 0,025 míkróteslar!

Því er í fyrsta lagi gerð krafa um að Landsnet og Mannvit uppfæri viðmiðunarstaðla sína í samræmi við nýjustu rannsóknir. Þá er gerð krafa um að sýnd verði gögn um hversu langt frá línunni, við 560 MVA straum, verði að fara til að segulsviðið verði um 0,025 míkróteslar.

8.

Bent er á að ekki er búið að ákveða framtíðarlagningu þjóðvegur 1 um Skagafjörð, þ.e. hvort Skagafjörður skuli þveraður með nýjum þjóðvegi á nýjum stað. Þar sem mjög mikil andstaða er við að loftlínan rísi annars staðar en þar sem landi hefur þegar verið spillt, líkt og kemur fram í rannsókn dr. Gunnþóru Ólafsdóttur („Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðaþjónustu og útivist“), eða mun verða spillt með framtíðar vegalagningu er gerð krafa um að framkvæmdaraðilar bíði með ákvarðanir um lagningu línunnar þar til ljóst er hvar þjóðvegur 1 skal lagður. Sjálfsagt er að leggja jarðstreng og/eða loftlínu á sama stað og þjóðvegur 1 mun liggja til að spilla ekki meira landi en nauðsyn krefur. Þá er eðlilegt að kostnaðar- og ábatagreiningu á heildarframkvæmd þess að leggja jarð- og/eða loftstreng meðfram framtíðarvegstæði þjóðvegur 1 í Skagafirði verði gerð.

9.

Gerð er krafa um að Landsnet svari þeirri spurningu hvort gert sé ráð fyrir því að tengja hugsanlegar virkjanir við Skatastaði í Skagafirði inn á viðkomandi línu. Bent er á að samkvæmt rammaáætlun um nýtingu vatnsafls til raforkugerðar eru allar eftirfarandi virkjanir í Biðflokki: Villinganesvirkjun, Skatastaðavirkjun B, Skatastaðavirkjun C. Þar með er fullkomlega óvíst í fyrsta lagi hvort virkjað verði í Skagafirði og í öðru lagi hvenær það verði gert.

10.

Ítrekuð er krafa frá bréfi mínu dagsettu 28. október 2008 um um að ítarlega verði gert grein fyrir hvers konar módel, líkindareikningar og mælingar standa að baki áætluðum kostnaði vegna flóðavarna.

11.

Ítrekuð er krafa frá bréfi mínu dagsettu 28. október 2008 um um að ítarlega verði gert grein fyrir hvers konar módel, líkindareikningar og mælingar standa að baki áætluðum kostnaði vegna slóðagerðar og viðhalds slóða.

12.

Krafa er gerð að kostnaðar- og ábatagreining vegna Blöndulínu 3 taki tillit til áhrifa lagningar línunnar á á fuglalíf, efnistöku jarðvegs, heilsufarsáhrif á manneskjur og kostnaður þess fyrir íslenskt heilbrigðiskerfi, ferðaþjónustu og aðra utanaðkomandi þætti.

13.

Ítrekuð er krafa frá bréfi mínu dagsettu 28. október 2008 um um að kostnaðar- og ábatagreining taki tillit til þess kostnaðar sem Vegagerð Ríkisins mun verða fyrir vegna aukinnar umferðar þungaflutningabíla meðan á framkvæmdatíma stendur.

14.

Ítrekuð er krafa frá bréfi mínu dagsettu 28. október 2008 um um að ítarlega verði gert grein fyrir hvers konar módel, líkindareikningar og mælingar standa að baki áætluðum kostnaði vegna ísingarhættu og vindstyrks. Sérstaklega skal þess getið að vestan- og suðvestanátt er mjög sterk undir Efríbyggðarfjöllum.

15.

Gerð er krafa um að trúverðugar rannsóknir og gagnasöfnun verði gerðar á vindstyrk- og ísingarhættu. Á það sérstaklega við um landssvæðið undir Efríbyggðarfjöllum.

16.

Ítrekuð er krafa mín frá bréfi mínu dagsettu 28. október 2008 að öll gögn, ný sem gömul, sem styðja þá fullyrðingu Landsnets að bilanaleit, viðgerðatími og afhendingaröryggi sé lakara í tilfalli jarðstrengs en loftlínu.

17.

Gerð er krafa um að greining á afhendingaröryggi taki tillit til ísingar- og vindstyrkshættu undir Efribyggðarfjöllum.

18.

Lagning Blöndulínu 3 á m.a. að þjóna uppbyggingu iðnaðar á Eyjafjarðarsvæðinu, einkum og sér í lagi aflþynnuverksmiðju Becromals á Akureyri. Það viðurkenndi Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets, í viðtalið við dagblaðið 24 Stundir þann 19. júlí 2008. Þá segir í fimm ára áætlun Landsnets 2012-2016 að Blöndulína 3 sé forsenda fyrir öðrum áfanga aflþynnuverksmiðjunnar á Akureyri. Bent er á að aflþynnuverskmiðja Becromals á Akureyri er sem stendur aðeins rekin á 60% afkastagetu. Þörfin fyrir stækkun aflþynnuverksmiðjunnar er því afar lítil þar sem stækkun er ólíkleg sem stendur. Gerð er krafa um að lagningu Blöndulínu verði frestað þar til ljóst er að raunveruleg þörf er á lagningu línunnar, sérstaklega á 220kV spennu þar sem Becromal á Akureyri notar aðeins 132 kV spennu.

19.

Vakin er athygli á því að tenging virkjunarinnar í Bjarnarflagi skal fara fram með lagningu jarðstrengs milli Bjarnarflags og Kröflu. Sá strengur mun verða lagður í stökk að hluta. Gerð er krafa um að Landsnet skoði möguleika þess að leggja Blöndulínu 3 sem jarðstreng í stökk. Gerð er krafa um að Landsnet skýri nákvæmlega út hví sá möguleiki er ekki talinn raunhæfur ef svo er ekki.

20.

Gerð er krafa um að kostnaðar- og ábatagreining taki tillit til þeirra bóta sem borga þarf landeigendum verði lagning Blöndulínu 3 að veruleika.

Virðingarfyllst,
Ólafur Margeirsson, hagfræðingur

Athugasemdir til Skipulagsstofnunar við frummatsskýrslu

Landsnets hf. vegna Blöndulínu 3

Mat á umhverfisáhrifum



Höfundar:

Ólafur Valsson og Sif Konráðsdóttir

Apríl 2012

Athugasemdir til Skipulagsstofnunar við frummatsskýrslu

Landsnets hf. vegna Blöndulínu 3

Apríl 2012

John Maynard Keynes, enskur hagfræðingur (1883 – 1946):

*"the difficulty lies, not in the new ideas,
but in escaping the old ones."*

MYND Á FORSÍÐU er frá útitónleikum hjómsveitarinnar Sigur Rósar í Öxnadal í júlí 2006, birt með góðfúslegu leyfi sveitarinnar.

SIF KONRÁDSDÓTTIR starfaði sem lögmaður í um 20 ár og er nú sérfræðingur á sviði ríkisaðstoðar hjá alþjóðastofnun.

ÓLAFUR VALSSON var starfandi dýralæknir í um 15 ár, þá sérfræðingur á sviði matvælaöryggis hjá alþjóðastofnun og starfar nú sem ráðgjafi á því sviði.

Sif og Ólafur eru eigendur jarðarinnar Hóla í Öxnadal og hafa stundað þar skógrækt og fleira frá 2007 og haldið úti heimasíðunni www.oxnadalur.com / www.oxnadalur.is Netfang olivals@gmail.com.

Efnisyfirlit

1 Inngangur.....	4
2 Málsmeðferð.....	5
3 Nauðsyn lagningar 220 kV háspennulínu.....	8
4 Samanburður kosta.....	13
5 Athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum.....	15
6 Ýmis dæmi um að frummatsskýrsla er ekki í samræmi við matsáætlun.....	21
7 Öxnadalur	23
8 Hólahólar og Þverárgljúfur.....	26
9 Lokaorð.....	32

1 Inngangur

1.1 Hlutfélagið Landsnet

Hlutfélagið Landsnet er rekstraraðili flutnings- og dreifikerfis raforku á Íslandi skv. einkaleyfi útgefnu af ráðherra.

Um starfsemi flutningsfyrirtækis er fjallað í III. kafla raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum. Segir í 8. gr. laganna að eitt fyrirtæki skuli annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum kaflans. Fyrirtækið er rekið á einkaréttarlegum grunni en skal vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja að fullu í þeirra eigu. Meginregla er að Landsneti hf. er **ekki heimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum eða öðrum lögum**, sbr. 8. gr. raforkulaga.

1.2 Skyldur flutningsfyrirtækis og eftirlit með því

Flutningsfyrirtæki skv. raforkulögum hefur annars vegar skyldur sem rekstraraðili flutningskerfisins og er fjallað um þær í 3. mgr. 9. gr. raforkulaga, og hins vegar kerfisstjórnunarhlutverk sem gerð er grein fyrir í 4. mgr. 9. gr. laganna.

Um skyldur fyrirtækisins að því er varðar **rekstur flutningskerfisins** segir m.a. í 9. gr. raforkulaga:

Flutningsfyrirtækið skal byggja flutningskerfið upp á **hagkvæman hátt** að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Fyrirtækið hefur eitt heimild til að reisa ný flutningsvirki (leturbreyt. höf.)

Í 5. tl. 3. mgr. 9. gr. segir að í rekstri flutningskerfisins felist m.a. að sjá til þess að fyrir liggi **spá um rekstrarþörf og áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins**. Hefur svokölluð Orkuspárnefnd gefið út Raforkuspá og er hana að finna á vefsvæði Orkustofnunar.

Í 4. mgr. 9. gr. raforkulaga er nánar kveðið á um hvað felist í **kerfisstjórnun** flutningsfyrirtækis. Skal það m.a. **stilla saman raforkuvinnslu og þörf** svo að hægt sé að mæta frávikum milli umsaminna kaupa og raforkunotkunar, tryggja nægilegt framboð svokallaðs reiðuafls og hafa tiltækar viðbragðsáætlanir.

Ráðherra hefur, með heimild í 10. mgr. 9. gr. raforkulaga gefið út eftirtaldir reglugerðir: nr. 513/2003, nr. 1040/2005, sbr. 161/2006.

Landsnet hf. hefur, í samræmi við ofangreindar skyldur sínar, árlega gefið út **kerfisáætlanir** til fimm ára í senn og eru þær aðgengilegar á vefsvæði fyrirtækisins. Samkvæmt áætlununum er það markmið fyrirtækisins að skoða á að minnsta kosti fjögurra ára fresti þróun flutningskerfisins 15 ár fram í tímann.

Leyfi Orkustofnunar þarf fyrir raflínum sem flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri skv. 2. mgr. 9. gr. raforkulaga. Getur stofnunin bundið leyfi **skilyrðum er lúta að umhverfisvernd og landnýtingu**, auk skilyrða er lúta að atriðum sem nefnd eru í 1. mgr. 9. gr. Að auki gegnir

Orkustofnun eftirlitshlutverki skv. raforkulögum, en um það segir m.a. í athugasemdum með 9 gr. frumvarps til núgildandi raforkulaga:

Orkustofnun verður að hafa eftirlit með því að flutningsfyrirtækið hafi ofangreind sjónarmið um **hagkvæmni, öryggi, skilvirkni og áreiðanleika og gæði** raforku að leiðarljósi við uppbyggingu kerfisins. Orkustofnun verður því að fylgjast með hvort nauðsynlegar línur séu byggðar og enn fremur að **ekki sé ráðist í byggingu nýrra lína sem ekki er þörf á samkvæmt ofangreindum sjónarmiðum** (leturbreyting höfunda).

2 Málsmæðferð

2.1 Inngangur

Mál þetta fjallar um háspennulínu sem hlutafélagið Landsnet fyrirhugar að leggja og flutt geti raforku á 220 kV spennu um 107 km leið frá Blönduvirkjun til Akureyrar. Ekki eru fyrirhuguð nein úttök á línunni á þessari leið. Er þetta matsskyld framkvæmd skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

2.2 Tillaga að matsáætlun

Landsnet hf. lagði í júlí 2008 fram drög að tillögu að matsáætlun skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum og í október 2008 sendi fyrirtækið Skipulagsstofnun tillögu sína að matsáætlun og bærust stofnuninni umsagnir frá nokkrum aðilum og athugasemdir frá fjölmörgum landeigendum og öðrum aðilum.

Í tillögu fyrirtækisins að matsáætlun (október 2008) segir undir kaflaheitinu Aðrir kostir, þar sem annars vegar er fjallað um mismunandi leiðir loftlínu í Skagafirði og hinsvegar jarðstrengi ásamt því sem minnst er á svokallaðan núllkost:

2.9.2 JARÐSTRENGIR

Umræða hefur verið um það hér á landi að leggja flutningslínur sem jarðstrengi í stað loftlína í þeim tilgangi að minnka sjónræn áhrif háspennulína. Háspennulínur með yfir 100 kV spennu eru almennt lagðar sem loftlínur og er ein ástæðan sú að þær eru verulega ódýrari en jarðstrengir. Landsneti hf. eru settar þær skyldur skv. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003, að byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Ávallt er reynt að halda kostnaði við uppbyggingu og rekstur flutningsnetsins sem lægstum því að aukinn kostnaður lendir á rafmagnsnotendum.

Stofnkostnaður við lagningu jarðstrengja á hárrí spennu er margfaldur á við loftlínur og er munurinn því meiri eftir því sem flutningsþörfin vex. Gerð hefur verið kostnaðaráætlun fyrir byggingu Blöndulínu 3 sem loftlínu. Sé miðað við að línan sé lögð samkvæmt þeim valkostum sem kynntir eru í tillögu að matsáætlun er framkvæmdakostnaður línunnar áætlaður 5 - 5,6 milljarðar. Til samanburðar hefur verið gerð kostnaðaráætlun fyrir jarðstreng með sömu flutningsgetu í stað línunnar. Ef gert er ráð fyrir að jarðstrengurinn fylgi þjóðvegi alla leiðina frá Blöndu til Akureyrar er vegalengdin, samtals um 133 km. Áætlaður kostnaður vegna jarðstrengsins yrði 25 - 28 milljarðar. Munur á stofnkostnaði yrði því u.þ.b. fimmfaldur á allri leiðinni milli

Blöndu og Akureyrar. Mismunur kostnaðar á jarðstrengslaun og loftlínulaun yrði þannig sem nemur kostnaði við þrenn Héðinsfjarðargöng¹.

Væri sá kostur valinn að byggja flutningskerfið að verulegu leyti upp með jarðstrengjum, er ljóst að það myndi hafa gríðarleg áhrif til hækkunar á gjaldskrá fyrir flutning raforku og þar með á raforkuverð til stórnotenda og almennings. Þar sem raforka er stór liður í aðfangakostnaði atvinnulífs er augljóst að breytingin gæti haft viðtæk áhrif til hins verra á þróun og uppbyggingu atvinnulífs, einkum á landsbyggðinni. Hún gæti einnig haft áhrif á samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs gagnvart erlendum keppinautum.

Jarðstrengir með 220 kV spennu eru tæknilega óhagkvæmari lausn en loftlínur með sömu spennu með tilliti til rekstrarvandamála og afhendingaröryggis. Umfjöllun um þessi atriði verða í frummatsskýrslu. Líftími jarðstrengja er minni en loftlína svo og sveigjanleiki til breytinga og aðlögunar flutningskerfisins að breyttum þörfum. Einnig tekur mun lengri tíma að gera við jarðstrengi en loftlínur sem hefur áhrif á afhendingaröryggi raforku. Að lokum má þess geta að jarðstrengir hafa meira jarðrask í för með sér en loftlínur, sem eru í flestum tilvikum afturkræfar framkvæmdir. **Í frummatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri línuleiðinni eða að hluta til), kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínur.** (Leturbreyt höf.)

Í málsmeðferð fyrir Skipulagsstofnun skv. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum sendi Landsnet hf. stofnuninni allmörg bréf dagsett á tímabilinu frá 21. október til 16. desember 2008 og teljast þau viðbót við tillögu fyrirtækisins að matsáætlun eins og greinir í ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 30. desember 2008. Bréf þessi eru hvorki aðgengileg á vefsíðum Landsnets hf. né verkfræðistofunnar Mannvits, sem sér um umhverfismat f.h. fyrirtækisins.

2.3 Matsáætlun

Skipulagsstofnun féllst með ákvörðun dagsettri 30. desember 2008 á tillögu fyrirtækisins að matsáætlun með viðbótunum sem að ofan greinir, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum **með athugasemdum**. Athugasemdir stofnunarinnar eru nokkuð umfangsmiklar og eru reifaðar á þremur blaðsíðum í ákvörðun hennar (bréf Skipulagsstofnunar til verkfræðistofunnar Mannvits hf. f.h. Landsnets hf. dagsett 30. desember 2008, mál nr. 2008060015). Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum svo sem henni var breytt með 7. gr. laga nr. 74/2005 verða **athugasemdir stofnunarinnar hluti af matsáætlun**. Ekki er gerð nein heildstæð grein fyrir athugasemdum Skipulagsstofnunar í frummatsskýrslu. Ekki er ákvörðun stofnunarinnar heldur birt á heimasíðu Landsnets hf. eða verkfræðistofunnar Mannvits hf.

Athugasemdir Skipulagsstofnunar í ákvörðun hennar skv. ofangreindu, var kynnt leyfisveitendum og öðrum umsagnaraðilum svo sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 8. gr. laga um

¹ Þennan samanburð við kostnað jarðganga úr tillögu að matsáætlun er raunar ekki að finna í frummatsskýrslu. Af þessu tilefni vilja höfundar þó benda á að á verðlagi ársins 2010 kostuðu jarðgöngin reyndar 14 milljarða króna. Þetta kostnaðarsamhengi sett fram af Landsneti hf. gefur að mati höfunda **sérstakt tilefni til að bera saman raunverulega áætlun um lagningu 132 kV jarðstrengs um hluta eða alla leið Blöndulínu 3** við þann kost sem settur er fram af Landsneti hf.

mat á umhverfisáhrifum með því að þessum aðilum voru send afrit ákvörðuninnar. Ekki er höfundum ljóst hvort þessir aðilar fengu einnig í hendur afrit bréfa Landsnets hf. til Skipulagsstofnunar sem dagsett eru 21. október til 16. desember 2008 og eru hluti matsáætlunar skv. ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 30. desember 2008. Almenn kynning fór hinsvegar ekki fram á þeim hluta matsáætlunar sem er að finna í athugasemdum Skipulagsstofnunar sem fram eru settar í ákvörðun hennar frá 30. desember 2008 eða ofangreindum bréfum Landsnets hf., en það er ekki lögskilt.

Þar sem athugasemdum Skipulagsstofnunar er heldur ekki gerð rækileg og skipulega skil í frummatsskýrslunni sjálfri, telja höfundar að nokkuð skorti á gagnsæi málsmeðferðar í þessu máli.

Ákvörðunina sjálfa er að finna á vefsvæði Skipulagsstofnunar svo sem boðið er í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum nr. 1123/2005. Hana er hinsvegar hvorki að finna á vefsíðu Landsnets hf. né verkfræðistofunnar Mannvits hf. eins og áður sagði.

2.4 Frummatsskýrsla

Eftir að matsáætlun lá þannig fyrir í árslok 2008 liðu rúm þrjú ár þar til frummatsskýrsla var send Skipulagsstofnun, eða í mars 2012.

Er frummatsskýrslan sjálf 130 blaðsíður auk sérstaks myndaheftis sem er 86 síður. Fylgja skýrslunni sex viðaukar sem allir eru skýrslur unnar af utanaðkomandi aðilum á tímabilinu 2008 til 2009, utan Viðauka 1 (alls 50 síður) sem fjallar um efnistöku og er í formi minnisblaða verkfræðistofunnar Mannvits dagsettra 1. febrúar 2009 og Viðauka 2 (alls 24 síður) sem nefndur er landslag og er unninn af verkfræðistofunni Mannviti að mestu á árunum 2009 og 2010 að því er ráða má af heimildaskrá. Þá fjallar Viðauki 3 (71 síða) um gróður og er unnin af Náttúrufræðistofnun Íslands. Viðauki 4 (20 síður) fjallar um fuglalíf og er unninn af Náttúrustofu Norðausturlands og Viðauki 5 (123 síður) er skýrsla um rannsókn á mögulegum áhrifum 220 kV loftlínu, gerð af Rannsóknarmiðstöð ferðamála. Loks er Viðauki 6 (178 síður) fornleifaúttekt vegna fyrirhugaðrar loftlínu, unninn af Fornleifastofnun Íslands.

Virðast allir viðaukarnir eingöngu taka mið af þeim valkosti að leggja loftlínu alla leið frá Blönduvirkjun til Akureyrar, utan e.t.v. Viðauka 2, sem skilgreinir landslagsheildir með almennum hætti á leiðinni sem um ræðir og nefnir ekki sérstaklega valkostina loftlínu annars vegar og jarðstreng hins vegar en vísar í texta til „Blöndulínu 3“.

Almenn kynning Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 10. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hófst 21. mars 2012 og kynning framkvæmdaraðila (Landsnets hf.) skv. 3. mgr. 10. gr. laganna.

Greinargerð þessi eru athugasemdir höfunda hennar við frummatsskýrslu skv. 4. mgr. 10. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Þá er hún frekari rökstuðningur fyrir þeim tilmælum sem höfundar hennar beina til Skipulagsstofnunar í sérstöku bréfi til stofnunarinnar dagsettu 2. maí 2012.

Verður í köflum 3 og 4 hér á eftir gerð grein fyrir veigamestu athugasemdum almenns eðlis sem höfundar hafa við frummatsskýrslu. Í kafla 5 munu höfundar fjalla um umhverfismat það sem frummatsskýrsla hefur að geyma og hverja þeir telja alvarlegustu ágalla þess. Í kafla 6 verða nokkur frekari dæmi tekin af ágöllum frummatsskýrslu að mati höfunda. Kafla 7 fjallar um þann afmarkaða hluta ætlaðrar línulagnar sem færi um Öxnadal og kafla 8 fjallar sérstaklega um náttúruminjasvæðið Hólahóla og nágrenni. Loks eru lokaorð í kafla 9.

3 Nauðsyn lagningar 220 kV háspennulínu

3.1 Umfjöllun í matsáætlun og frummatsskýrslu

Í tillögu að matsáætlun kom fram að Landsnet hf. hygðist reka fyrirhugaða 220 kV háspennulínu á 132 kV um ótiltekinn tíma. Skipulagsstofnun taldi í athugasemdum sínum við tillögu að matsáætlun frá 30. desember 2008, sem er hluti matsáætlunar eins og að framan greinir, nauðsynlegt að í frummatsskýrslu yrði gerð grein fyrir hversu lengi standi til að keyra fyrirhugaða línu á 132 kV spennu. Þá taldi stofnunin að ítarlega þyrfti að gera þar grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu.

Hvergi í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir hversu langur tími mun líða þar til þörf verður á að hækka spennu hinnar fyrirhuguðu línu í 220 kV og þar er hvorki hægt að segja að finna megi greinargerð um þörf á að leggja 220 kV línu né rökstuðning fyrir slíkri nauðsyn. Þar eru hinsvegar að finna órökstuddar fullyrðingar, líkt og á bls. 1 þar sem segir:

Umtalsverð aukning orkunotkunar, hvort sem er í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslum, er ekki möguleg nema með tilkomu Blöndulínu 3. Því er nauðsynlegt að bæta afhendingaröryggi og auka flutningsgetu til þeirra afhendingarstaða er tengjast byggðalínunni.

Auk þess sem segir á bls. 8 í skýrslunni:

Blöndulína 3 verður mikilvægur hlekkur í meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi og jafnframt hluti af samtengdu meginflutningskerfi raforku á Íslandi. Við hönnun línunnar er tekið mið af þessu framtíðarhlutverki og því er flutningsgeta línunnar ákvörðuð þannig að hún geti annað nauðsynlegum orkuflutningi til langs tíma. Með því móti eru lágmörkuð umhverfisáhrif að því leyti, að þegar upp kemur þörf á orkuflutningi verður ekki nauðsynlegt að byggja ný flutningsvirki í hvert sinn sem nýr orkuframbleiðandi eða orkunotandi, svo sem ný atvinnustarfsemi, kemur til skjalanna. Þannig er meginflutningskerfinu ætlað að hafa sveigjanleika til að mæta slíkri aukningu. Auk þessa er nauðsynlegt að meginflutningskerfi alls landsins, þar með talin Blöndulína 3, hafi næga flutningsgetu til að mæta þeim aðstæðum að óvænt straumrof vegna hugsanlegra bilana verði hvar sem er á byggðalínuhringnum. Jafnframt er til þess að líta að rekstur flutningskerfa raforku kallar á tímabundin straumrof vegna nauðsynlegs viðhalds. Takmörkuð flutningsgeta milli landsvæða sem af straumrofi leiðir, getur valdið skerðingu á afhendingu raforku til notenda, en slík staða gengur þvert á markmið þess lagaumhverfis, sem Landsnet vinnur eftir. Með tilliti til þessa er það metið svo að nauðsynleg flutningsgeta Blöndulínu 3 þurfi að vera á bilinu 500–600 MVA, miðað við 220 kV rekstrarspennu. Flutningsgeta kerfisins er ekki sú sama og flutt magn í MW. Hún er mun hærri, bæði af kerfislegum

ástæðum og einnig til þess að kerfið sé í stakk búið til þess að taka við auknum flutningi vegna nýrra notenda og almennrar álagsþróunar.

Þar sem verulega skortir á að ítarleg grein sé í frummatsskýrslu gerð fyrir þeim þáttum sem Skipulagsstofnun gerði athugasemdir við og þeir rökstuddir, getur skýrslan að mati höfunda ekki talist í fullu samræmi við matsáætlun skv. 10. sbr. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Þar sem Skipulagsstofnun hefur ekki tekið þann kost að vísa því frá að taka frummatsskýrsluna til athugunar skv. 2. málslíð 1. mgr. 10. gr. laganna verður hér á eftir gerð efnisleg grein fyrir athugasemdum höfunda við frummatsskýrsluna.

Samhliða þessum athugasemdum hafa höfundar beint því til Skipulagsstofnunar að hún beiti heimild í 4. mgr. 22. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum til að leita sér sérfræðiálits og/eða að hún beiti heimild í 4. mgr. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og ítreki við Landsnet hf. athugasemdir sínar og tilmæli frá 30. desember 2008.

3.2 Fyrirhuguð framkvæmd

Margoft kemur fram í gögnum frá Landsneti hf. í máli þessu að tilgangur með lagningu Blöndulína 3 sé tvíþættur:

- að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi og
- að verkefnið sé fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu „byggðarlínuhningsins“ um landið.

Um þetta tvíþætta hlutverk verður nú nánar fjallað.

3.2.1 Styrking meginflutningskerfis raforku á Norðurlandi

Raforkuspá Orkuspárnefndar fyrir 2010-2050 gerir ráð fyrir um 40% aukningu á raforkunotkun á Norðurlandi fram til ársins 2050 eða minna 1% á ári.

Sé miðað við raforkuspá má því ljóst vera að ekki er þörf á 220 kV línu frá Blöndu til Rangárvalla til að mæta aukinni raforkunotkun á Norðurlandi. Ekki verður annað séð en að tvöföldun á flutningsgetu t.d. með lagningu 132 kV jarðstrengs eða styrkingu núverandi línu myndi fyllilega anna fyrirséðri þörf næstu 40 ára ef eingöngu er horft til afmarkaðs hluta flutningskerfisins frá Blöndu til Rangárvalla.

3.2.2 Aukning flutningsgetu hringtengingar – fyrsti áfangi

Um aukningu flutningsgetu hringtengingar hefur á hinum svonefndu kerfisáætlunum Landsnets hf. undanfarin ár verið fjallað um hana þannig að Blöndulína 3 sé hluti af áformum um það sem fyrirtækið nefnir „byggðalínuna“, þ.e. hringtenging raforkukerfisins.

Í kerfisáætlun fyrirtækisins 2008 sagði þannig:

Eftir að Blöndulína 3 hefur verið byggð verði byggð ný lína milli Kröflu og Fljótisdals, Kröflulína 3, samhliða núverandi Kröflulínu 2. Þar á eftir verði farið í styrkingu milli Kröflu og Rangárvalla. Síðasta skrefið verði svo annað hvort bygging

hálandislínu milli Þjórsár-Tungnaárvæðisins og Norðausturlands (Rangárvalla eða Kröflu), eða tvöföldun þess sem eftir er af byggðalínunni (Blanda – Brennimelur og Fljótsdalur – Sigalda (sjá kafla 5.9 Byggðalínan 132 kV).

Í kerfisáætlun Landsnets hf. 2010 (Fimm ára áætlun 2011-2015) sagði:

Hjá Landsneti er hafinn undirbúningur að byggingu nýrrar 220 kV línu milli Blöndu og Rangárvalla, Blöndulínu 3. Fleiri kostir varðandi styrkingu byggðalínunnar eru einnig til athugunar, svo sem ný lína milli Kröflu og Fljótsdals, milli Brennimels og Blöndu og milli Kröflu og Rangárvalla. Auk þessara kosta er til skoðunar bygging nýrrar flutningslínu yfir hálandið sem tengir saman Þjórsár-Tungnaárvæðið og Norðausturland (sjá kafla 5.9. Byggðalínan 132 kV).

Nú þegar er hafinn undirbúningur að lagningu Blöndulínu 3 frá Blönduvirkjun til Akureyrar sem byggð verður fyrir 220 kV spennu. Á leiðinni frá Akureyri til Kröfluvirkjunar og þaðan áfram til Fljótsdalsvirkjunar er unnið að nauðsynlegum breytingum á aðalskipulagi og öðrum frumundirbúningi. Á öðrum hlutum leiðarinnar er unnið að kostagreiningu og fyrstu grunnrannsóknunum. Jafnframt eru skoðuð kerfisáhrif tengingar frá Þjórsárvæðinu og inn á byggðalínuhringinn á Norðurlandi. Á Svæðisskipulagi miðhálandis og á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga er gert ráð fyrir tengingu þar á milli. (Kafli 7.1.3. Styrking byggðalínunnar)

Höfundar líta svo á að tilvitnuð skjöl séu áætlanir þær sem um ræðir í 9. gr. raforkulaga sem fjallað var um í inngangi þessarar greinargerðar og Landsneti hf. er skylt að gera.

Miðað við þær forsendur sem Landsnet hf. hefur gefið sér í áætlunum þessum, virðist því Blöndulína 3 vera hluti af heild en hún standi í sjálfu sér ekki sjálfstætt, enda væri þá engin ástæða til þess að leggja hana fyrir 220 kV spennu, svo sem nánar verður fjallað um hér á eftir. Er þetta að mati höfunda í andstöðu við svör Landsnets hf. við athugasemdum ýmissa aðila á fyrri stigum þessa máls, t.d. í bréfi til Skipulagsstofnunar dags. 26. nóvember 2008 þar sem segir:

„Endurnýjun/styrking byggðarlínuhringingsins fellur ekki undir [sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum skv. 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum] þar sem í fyrsta lagi er endurnýjun byggðarlínuhringingsins ekki fyrirhuguð á sama svæði né á sama tíma en mörg ár geta liðið þar til endurnýjun/styrkingu er lokið“².

Ljóst er að framkvæmd við hringtengingu raforkukerfis er ekki á sama landsvæði. Það er heldur ekki skilyrði sameiginlegs umhverfismats, svo sem nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir. Af þeim yfirlýsta tilgangi 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum að **gefa skýrari mynd af heildarumhverfisáhrifum framkvæmda** er að mati höfunda einnig ljóst að það að mörg ár geti liðið milli framkvæmda útilokar ekki sameiginlegt umhverfismat. Það eru sammögnunaráhrifin (e. cumulative) sem hér skipta máli. Ofangreint svar Landsnets hf. var

² Bréfið hefur að geyma svör verkfræðistofunnar Mannvits hf. f.h. Landsnets hf. vegna athugasemda Jóns H. Arnljótssonar, Ytri Mælifellsá. Sama svar getur að líta í bréfi Mannvits hf. dags. 12. nóvember 2008 vegna athugasemda Jóns H. Halldórssonar, Ytri-Mælifellsá sama efnis.

Því ófullnægjandi í þessu samhengi árið 2008. Vegna þess hve langur tími er liðinn frá því tillaga að matsáætlun hlaut umfjöllun (þrjú ár og fjórir mánuðir) er enn frekar ástæða til að gefa því gaum hvað gerst hefur í áætlanagerð Landsnets hf. á þessum tíma og hvort áætlanirnar skuli teknar til umverfismats svo sem síðar verður rakið og/eða sameiginlegt umhverfismats fari fram á fram tengdum framkvæmdum.

Að mati höfunda er samkvæmt öllum aðgengilegum upplýsingum og gögnum ljóst að Landsnet hf. hyggur á stórfellda aukningu flutningsgetu hringtengingar raforkukerfis og Blöndulína með 220 kV er aðeins hluti af þeim áætlunum. Þær áætlanir hafa verið að taka á sig mynd frá þeim tíma sem tillaga að matsáætlun hlaut umfjöllun á árinu 2008.

Þó engar tímasetningar liggi fyrir um heildarframkvæmdina og Landsnet hf. hefur kosið að leggja framkvæmdina Blöndulínu 3 nú í mat á umhverfisáætlun er um augljóst samhengi þeirra áætlaða og Blöndulínu 3 að ræða. Hefur enda Landsnet hf. ekki haldið því fram í frummatsskýrslu eða nýjustu kerfisáætlun að Blöndulína 3 sé afmarkað og sjálfstætt verkefni.

Skipta má áætlunum Landsnets hf. í eftirtalda áfanga skv. núgildandi kerfisáætlun (Fimm ára áætlun 2012-2016//Langtímaáætlun til árs 2026) sem finna má á vefsíðu fyrirtækisins:

- | | |
|-----------|---|
| 1. áfangi | Blöndulína 3 |
| 2. áfangi | Kröflulína 3 |
| 3. áfangi | Styrking frá Kröflu til Rangárvalla |
| 4. áfangi | Hálendislína frá Þjórsársvæðinu til Norðurlands |
| 5. áfangi | Styrking frá Blöndu til Brennimels og frá Fljótsdal til Sigöldu. ³ |

3.3 Sameiginlegt umhverfismat eða 132 kV Blöndulína/jarðstrengur

Höfundum sýnist því að þá aðeins að leiðin frá Blöndu til Rangárvalla sé hluti af fyrirhugaðri „styrkingu byggðalínunnar“, sem svo er kölluð, sé nauðsyn á þeirri 220 kV spennu sem Landsnet hf. fyrirhugar á Blöndulínu 3. Af slíku myndi leiða, að mati höfunda, að Skipulagsstofnun væri rétt, í samráði við Landsnet hf. og leyfisveitendur, að ákveða að umhverfisáhrif hinnar fyrirhuguðu styrkingar leiðarinnar allrar, verði metin sameiginlega í samræmi við 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, eins og því ákvæði var breytt með 5. gr. laga nr. 74/2005. Verður nánari grein gerð fyrir þeirri skoðun höfunda hér á eftir.

Í athugasemdum með áðurnefndri lagabreytingu segir í greinargerð með lagafumvarpi:

Í tillögunni felst að ekki sé nauðsynlegt að framkvæmdir séu á sama svæði til að Skipulagsstofnun geti ákveðið að umhverfisáhrif séu metin sameiginlega. Það geti einnig átt við að framkvæmdir séu **háðar** hver annarri en ekki að þær séu nauðsynlega landfræðilega tengdar. Framkvæmd er háð annarri framkvæmd ef um það er að ræða að **ekki verði af framkvæmdinni nema til komi önnur framkvæmd henni tengd og að um sé að ræða sammögnunaráhrif þessara framkvæmda**. Með þessu verða umhverfisáhrif framkvæmdanna metin saman sem á að gefa **skýrara mynd af því hver heildarumhverfisáhrif eru af framkvæmdunum** (leturbr. höf.)

³ Höfundar gera fyrirvara um nákvæmni þessarar skiptingar, en upplýsingarnar eru settar fram hér eins og höfunum lesa kerfisáætlun Landsnets 2012.

Þar sem ljóst er að **frumhlutverk** Blöndulínu 3, sem Landsnet hf. virðist halda á lofti í þessu máli, að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi, **kallar ekki á 220 kV** heldur uppfyllir 132 kV lína fyllilega þá þörf, er ljóst að vilji Landsnets hf. til að auka flutningsgetu hringtengingar raforkukerfisins er það sem kallar á 220 kV línu.

Höfundar taka sérstaklega fram að engin almannaðörf kallar á slíka framkvæmd.

Er það álit höfunda að það sé einmitt það hlutverk sem línunni er ætlað sem fyrsta áfanga í að auka flutningsgetu „byggðarlínuhningsins“ um landið, sem myndi gera sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum eðlilegt skv. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum sem áður er vitnað til.

Með öðrum orðum: Blöndulína 3 eins og framkvæmdin er kynnt af Landsneti hf. er *háð* framkvæmd á áföngum 2-5 hér að ofan, sem fyrirhugað er að ráðast í framtíðinni og eru í beinum tengslum við Blöndulínu 3.

3.4 Umhverfismat kerfisáætlana Landsnets hf.

Einnig er í þessu sambandi rétt að vekja athygli á ákvæðum laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Blöndulína 3 ásamt framangreindum áföngum 2-5 er sett fram sem hluti heildstæðrar áætlunar um uppbyggingu raforkuflutningskerfisins í kerfisáætlun Landsnets hf. sem unnin er í samræmi við 5. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga.

Líta verður svo á að kerfisáætlun Landsnets hf. uppfylli öll skilyrði laganna fyrir matsskyldu áætlana, þar sem hún markar stefnu um framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum; er unnin af fyrirtæki að fullu í eigu opinbers aðila sem fer lögum samkvæmt með rekstur og áætlanagerð um raforkuflutningskerfið; og er unnin á grundvelli lagafyrirmæla í raforkulögum.

Í slíku umhverfismati gæfist tækifæri til að skoða umhverfisáhrif framkvæmdanna heildstætt, þ.m.t. að bera saman kosti við loftlínur og jarðstrengi á ólíkum hlutum leiðanna.

3.5 Niðurstaða

Nauðsynlega umfjöllun skortir í frummatsskýrslu um þörf á 220 kV framkvæmd svo sem matsáætlun gerði ráð fyrir.

220 kV háspennulína frá Blöndu til Rángárvalla ætti með réttu að fara í sameiginlegt umhverfismat með þeim línunum á hringtengingunni sem áætlaðar eru í kerfisáætlunum Landsnets hf.

132 kV lína/strengur þyrfti hinsvegar ekki að fara í sameiginlegt umhverfismat þar sem slík framkvæmd væri ekki í beinum tengslum eða háð fyrirætlunum Landsnets hf. um aukningu flutningsgetu á hringtengingu raforkukerfisins.

Áform um 220 kV Blöndulínu 3 og önnur áform um styrkingu raforkuflutningskerfisins sem sett eru fram í kerfisáætlun Landsnets hf. falla undir lög um umhverfismat áætlana.

4 Samanburður kosta

4.1 Jarðstrengur - að hluta eða öllu leyti

4.1.1 Umfjöllun í frummatsskýrslu

Matsáætlun gerir eins og áður segir ráð fyrir að mat fari fram á áhrifum þess kosta að leggja háspennulínur í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti, s.s. landslag og sjónræn áhrif, landnotkun, útivist og ferðamennsku, jarðmyndanir, fugla, gróður og fornleifar og bera saman við loftlínu. Svo sem rakið er að framan fjalla viðaukar frummatsskýrslu sem bera áðurgreind heiti, ekki um valkostinn jarðstreng.

Ekki er því hægt að segja að frummatsskýrsla sé í samræmi við áætlun. Raunar gengur Landsnet hf. svo langt á bls. 41 - 42 í frummatsskýrslu að hafna því alfarið að fjalla um þann kost að leggja háspennulínu í jörð á hlutum leiðarinnar, svo sem matsáætlun bauð (sjá ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 30. desember 2008). Öll umfjöllun um jarðstreng í frummatsskýrslu (bls. 41 – 51) er þvert á móti almenns eðlis. Þannig er t.a.m. engin umfjöllun um hugsanlega legu jarðstrengs meðfram núverandi vegamannvirkjum á allri eða hluta leiðarinnar, þar sem nýta mætti þau mannvirki í stað þeirra 150 km af slóðum sem nauðsynlegir væru fyrir loftlínu eins og Landsnet hf. áætla.

4.1.2 Fullyrðingar um jarðstrengi í samanburði við loftlínu

Svo virðist sem hin almenna umfjöllun um jarðstreng sem er að finna í frummatsskýrslunni noti oft og tíðum fullyrðingar sem skortir á að séu rökstuddar eða settar í samhengi. Aðeins nokkur dæmi um þetta verða nefnd hér. Ekki ber að líta á þessa talningu sem tæmandi, heldur er hún hér aðeins nefnd í dæmaskyni og til glöggvunar fyrir Skipulagsstofnun.

(1) Viðgerð

Landsnet hf. leggur nokkra áherslu á ókost jarðstrengja m.t.t. viðgerða á meðan að öll aðgengileg og óháð gögn benda til þess að áreiðanleiki jarðstrenga sé mikill þó þeir séu flóknari í kerfisrekstri en loftlína, einkum í 220 kV. Þannig er á bls. 44 í frummatsskýrslu vísað til Evrópusamtaka flutningsfyrirtækja (CIGRÉ) frá 2009 um að bilanalíkur jarðstrengs á bilinu 200 – 500 kV séu 0,133 truflanir á ári á hverja 100 km. Í fyrsta lagi er örðugt að sjá hversu vel þessar kannanir eiga við þar sem ekkert kemur fram um til hvaða árabils könnunin tekur til en framfarir hljóta að vera hraðar í þessum geira. Að auki er verið að vísa til jarðstrengja á hárri spennu og miklu spennubili. Loks, ef þessar líkur væru færðar yfir á 30 km jarðstreng í Öxnadal t.d., kæmi til truflunar á strengs á svo hárri spennu aðeins einu sinni á líftíma hans.

(2) Jarðrask

Annað dæmi er að um jarðrask er fjallað almennt í frummatsskýrslu en ekki gert ráð fyrir að leggja jarðstreng á hluta eða allri leiðinni, þar sem hann gæti legið með núverandi vegamannvirkjum eins og áður sagði. Lægi jarðstrengur t.a.m. um Öxnadal, sem er um 30 km að lengd, virðist blasa við að skoða legu hans með núverandi þjóðvegi 1, sem lagður var 1992, eða með eldri þjóðvegi.

Þá er ekki tekið tillit til mun minna helgunarsvæðis sem jarðstrengur þarf (10-14 m m.v. 220 kV streng skv. skýrslunni) miðað við háspennulínu. Af mynd 3.6 í frummatsskýrslu má hinsvegar sjá dæmi um lagningu 132 kV jarðstrengs, eins og lagður hefur verið á Nesjavallaleið 2 nýlega á um 25 km leið.

(3) Slóðar

Þá er hin almenna athugasemd í frummatsskýrslu neðst á bls. 47 um að línuvegi með háspennumöstrum megi nýta sem ferðamannavegi og geti gert ýmsa staði aðgengilegri vart í fullu samræmi við þá kröfu Skipulagsstofnunar að Landsnet hf. gerði grein fyrir því hvernig fyrirtækið hygðist takmarka umferð að slíkum vegum m.t.t. ósnortinna svæða.

(4) Endavirki

Lauslega er vikið að þeim kosti að leggja jarðstreng að hluta í jörðu í frummatsskýrslu á bls 48 og þá út frá rekstrarlegum þáttum aðeins. Er því haldið fram að nokkuð umfangsmikil endavirki þurfi að setja þar sem 220 kV lína er tekin í jörð. Nauðsynlegt hefði verið að gera a.m.k. einhverja grein fyrir þessari fullyrðingu, aðra en að vísa í tengivirki Korpulínu 1. Samkvæmt upplýsingum höfunda er slíks endavirkis ekki einu sinni þörf á 220 kV streng.

(5) Útjöfnunarstöðvar

Á bls. 48 í frummatsskýrslu er greint frá því að svokallaðar útjöfnunarstöðvar þurfi að setja upp á lengri strengleiðum. Þetta virðist nokkuð villandi framsetning þegar fjallað er um lagningu jarðstrengs á hluta leiðarinnar. Rök nýsjálenska flutningsfyrirtækisins Transpower fyrir því að nota ekki jarðstrengi í stað loftlína, eru að á löngum leiðum, það er **meira en 30 km**, þurfi að koma fyrir reglulegum útjöfnunarstöðvum. Til hliðsjónar má nefna að Öxnadalur er 30 km eins og áður var nefnt.

(6) Kostnaður

Loks má nefna að kostnaður er iðulega notaður af Landsneti hf. til að rökstyðja að ekki sé fært að setja Blöndulínu 3 í jörð að hluta eða öllu leyti, sjá t.d. bls. 42 í frummatsskýrslu. Fullyrðingar þar um eru hinsvegar nokkuð í formi órökstuddra og stundum villandi staðhæfinga, eins og: „Ætla má að 220 kV jarðstrengur, sem flytja þarf um 560 MVA sé 4-6 sinnum dýrari í stofnkostnaði en loftlína.“ Sé lesið áfram og mynd 3.4 í frummatsskýrslunni skoðuð kemur í ljós að um er að ræða samanburð á 20 km löngu mannvirki.

Kostnaður við lagningu jarðstrengs er mjög breytilegur eftir jarðvegsgerð. Því þarf að skoða og meta kostnað í hverju tilviki fyrir sig.

Enginn samanburður er á kostnaði við lagningu **Blöndulínu 3** í jörð og á lofti og enn síður er gerð grein fyrir að lagning 132 kV línu í jörð er ekki lengur almennt séð nema lítið dýrari í stofnkostnaði en loftlína auk þess sem engin tilraun er gerð til að taka með umhverfiskostnað og því síður að bera kostina saman á þeirri leið sem mál þetta fjallar um.

4.1.3 Niðurstaða

Í heild má segja að mikið af hinni tíu síðna umfjöllun frummatsskýrslu um jarðstrengi sé almenns eðlis fremur en umhverfismat ólíkra valkosta við þessa tilteknu framkvæmdartillögu og einkennist einnig af órökstuddum fullyrðingum en ekki raunhæfum samanburði.

4.2 Styrking Rangárvallalínu

Hin nauðsynlega styrking meginflutningskerfis raforku á Norðurlandi, sem höfundar eru sammála Landsneti hf. um að þarf að ráðast í á leiðinni frá Blönduvirkjun til Akureyrar, gæti hugsanlega farið fram með því að nýta hinn umtalaða sveigjanleika loftlína og uppfæra Rangárvallalínu 1 þannig að flutningsgeta hennar ykist um helming eða í 180 til 200 MW, sem ekki hefur verið sýnt fram á að uppfylli ekki þörf fyrir raforku Norðurlandi. Ekkert er fjallað um þennan kost í frummatsskýrslu.

4.3 Niðurstaða

Það er álit höfunda að frummatsskýrsla uppfylli ekki skilyrði 10. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum í veigamestu þáttum athugasemda Skipulagsstofnunar, þ.e. um framkvæmdina sjálfa (nauðsyn lagningar 220 kV háspennulínu) og um samanburð kosta á línuleiðinni.

Landsnet hf. hefur heldur ekki staðið við sitt eigið loforð í matsáætlun um að „gerð [verði] nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri línuleiðinni eða að hluta til), kostnaði, rekstri og **umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínur**“ (sjá tilvitnun í tillögu að matsáætlun í kafla hér að framan um málsmeðferð).

Í ljósi þess að frummatsskýrsla víkur í svo veigamiklum atriðum frá matsáætlun sem að framan hefur verið rakið, telja höfundar rétt að Skipulagsstofnun nýti heimild í 4. mgr. 22. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum til þess að leita **sérfræðialits** á þeim þáttum sem veigamestir eru; þ.e. nauðsyn 220 kV línu í stað 132 kV og á þeim kosti að leggja jarðstreng á hluta leiðarinnar eða alla leið.

Að mati höfunda er ekki þörf á að bera saman þann valkost að leggja Blöndulínu 3 í 220 kV jarðstreng, nema Landsneti hf. hafi tekist að sýna fram á nauðsyn 220 kV línu. Þangað til er það 132 kV jarðstrengur sem bera þarf saman við loftlínu.

Því aðeins ef Landsneti hf. tekst að sýna fram á nauðsyn 220 kV línu, og þá eftir að slík framkvæmd hefði farið gegnum sameiginlegt umhverfismat/umhverfismat áætlana skv. því sem að framan var rakið, yrði nauðsyn að bera saman valkostina: 220 kV loftlína og 220 kV jarðstrengur.

5 Athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum

Höfundar gera alvarlega athugasemdir við kafla 5 og 6 í frummatsskýrslu sem fjalla um sjálft umhverfismatið. Athugasemdir þessar varða andlag umhverfismatsins, vægi umhverfisáhrifa, flokkun í landslagsheildir, ásýnd, jarðfræði, jarðmyndanir og vernd, vatnafar og niðurstöðu.

5.1 Aðferðafræði (andlag umhverfismatsins)

Í fyrsta lagi benda höfundar á að mat á umhverfisáhrifum getur ekki talist í samræmi við 9. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, þar sem matið fjallar einungis um umhverfisáhrif fyrirhugaðar háspennulínu, þ.m.t. mastra. Hins vegar fjallar hún ekki um sjónræn áhrif slóða né efnistöku, en hvorttveggja hlýtur að teljast mikilvægur þáttur í hinni fyrirhuguðu framkvæmd.

5.1.1 Vægi umhverfisáhrifa

Skipulagsstofnun gefur skv. d. lið 2. mgr. 20. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum út leiðbeiningar um flokkun og viðmið umhverfisáhrifa. Gildandi leiðbeiningar á þessu sviði eru frá desember 2005: “Leiðbeiningar um flokkun, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa“. Skv. lokamálslið 2. mgr. 9. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum skal í niðurstöðu frummatsskýrslu “geta um flokkun og viðmið umhverfisáhrifa einstakra þátta framkvæmdar á grundvelli leiðbeininga sem Skipulagsstofnun gefur út, sbr. 20. gr.“

Í frummatsskýrslu er sagt að “horft sé til leiðbeininga Skipulagsstofnunar um flokkun, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa“. Tafla 5.2 á bls. 58 í skýrslunni tilgreinir vægishugtök og vísar þar með til ofangreindra leiðbeininga. Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar frá 2005 á bls. 19 er í töflu 4 tillaga að hugtökum um vægi áhrifa (vægiseinkunum) og er sú flokkun í samræmi við 3. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum, sem aftur er innleiðing á tilskipun 85/337/EBE svo sem henni var breytt með tilskipun nr. 97/11/EB. Vægishugtökun eru: “verulega jákvæð“, “talsvert jákvæð“, “óveruleg“, “talsvert neikvæð“ og “verulega neikvæð“. Í leiðbeiningunum er jafnframt tekið fram að vilji þeir sem koma að umhverfismati nota önnur vægishugtök þurfi þeir að rökstyðja það.

Frummatsskýrslan fylgir ekki eftir þeim vægishugtökum sem leiðbeiningar Skipulagsstofnunar gera ráð fyrir, heldur bætir um betur og býr til nýja flokka: “nokkuð jákvæð“ áhrif og “nokkuð neikvæð“ áhrif þar sem skýringum úr grunnflokkunum fimm í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar er blandað saman. Úr því verður algerlega ný flokkun sem ekki á stoð í leiðbeiningarreglum, lögum eða Evróputilskipun.

Engan rökstuðning er að finna í frummatsskýrslu um frávik frá flokkum eins og þeir eru settir fram í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar. Höfundar telja engin rök fyrir að víkja frá leiðbeiningunum og munu síðar í þessum kafla fjalla um hverjar afleiðingar það hefur á niðurstöðu umhverfismats Landsnets hf.

Ofangreind fráviksflokkun Landsnets hf. leiðir t.a.m. til þess, allar landslagsheildir fyrirtækisins flokkast innan hins tilbúna flokks fyrirtækisins, “nokkuð neikvæð“, utan Kræklingahlíðar sem fær flokkunina “talsvert neikvæð“. Hefði fyrirtækið fylgt leiðbeiningareglum Skipulagsstofnunar, hefðu allar landslagsheildir á fyrirhuguðu línustæði hlotið flokkunina “talsvert neikvæð“ eða “verulega neikvæð“. Nánari rökstuningur fyrir þessu er að finna hér á eftir þegar fjallað verður um niðurstöður umhverfismats.

5.1.2 Landslagsheildir – Hraunsvatn og Vatnsdalur

Í frummatsskýrslu er landi sem fyrirhugað línustæði færi yfir skipt upp í 27 landslagsheildir. Svo tekið sé dæmi af því svæði sem höfundar þekkja gerst, Öxnadal, er svæðinu í og við dalinn skipt í þrjár landslagsheildir: Gloppu, Öxnadal og Hraunsvatn (á náttúruminjaskrá). Verður nú fjallað um þær skilgreiningar á landslagsheildum.

Landslagsheild er ekki lagalegt hugtak en Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun hafa í minnisblaði frá 17. desember 2004 sett fram sína skilgreiningu á hugtakinu. Vísað er til minnisblaðsins á bls. 2 í Viðauka 2 við frummatsskýrslu. Viðaukinn, sem vísað er til á bls. 60

Í frummatsskýrslu, nefnir fimm þætti sem notaðir séu við flokkun í landslagsheildir: Jarðfræði, gróðurfar, vatnafar, landnotkun og landform. Hinsvegar ber svo við að í þessum viðauka við frummatsskýrslu er í kafla 3.5, Jarðfræði, eftirfarandi setning: „Jarðfræðin þótti ekki afgerandi þáttur í flokkun landslagsheilda...“.

Þessi fullyrðing er algerlega órökstudd. Hvers vegna ætti jarðfræði ekki að hafa gildi þegar horft er til landslagsheilda, mætti spyrja sig. Landslag er auðvitað ekki neitt án jarðfræði.

Höfundar munu nú fjalla um það hvernig sú aðferðafræði sem Landsnet hf. beitir leiðir til þess að náttúruleg landslagsheild, þar sem þeir þekkja best til á hinu fyrirhugaða línustæði, hefur verið skipt upp í frummatsskýrslu í ósamræmi við jarðfræði og þar af leiðandi landslag.

Landsnet hf. hefur þannig búið til svokallaða landslagsheild sem fyrirtækið kallar Hraunsvatn og er fjarri fyrirhuguðu línustæði bæði sjónrænt og í fjarlægðum. Erfitt er að koma auga á tilgang þessarar tilbúnu landslagsheilda í því samhengi sem hér er til umfjöllunar.

Höfundar taka fram að Hraunsvatn er einmitt hluti af stærri landslagsheild svo sem almennt hefur verið gengið út frá um árhundruðir. Er hér um að ræða er eitt stærsta berghlaup Íslands sem þverar Öxnadal allt frá Drangafjalli að Hólafjalli. Ritaðar heimildir um þetta eru fjölmargar⁴. Enda er það svo að þessi landslagsheild hefur verið undirorpin sérstakri vernd sem landslagsheild allt frá 1978 þegar hún var sett á náttúruminjaskrá. Sem slík hefur landslagsheildin því hátt verndargildi.

Fyrirhuguð háspennulína færi yfir þessa landslagsheild. Frummatsskýrslan telur hinsvegar umhverfisáhrifin af þverun þessarar landslagsheilda óveruleg.

Í ljósi alls ofangreinds eru þeir flokkar sem listaðir er á bls. 62 í frummatsskýrslu um viðmið um vægi umhverfisáhrifa óraunhæfir, þar sem aðferðafræðin tekur ekki tillit til þess að fyrirhuguð lína færi yfir landslagsheild á náttúruminjaskrá: Hraunsvatn og Vatnsdalur. Nánar er fjallað um þetta svæði síðar í þessari greinargerð.

5.1.3 Gildi landslagsheilda

Landsnet hf. hefur hannað kerfi til að meta gildi hvorrar landslagsheilda og eru tilgreindir þrjú þættir, sjá kafla 4 í Viðauka 2:

- nýting til útivistar og annarrar afþreyingar
- vernd
- lega þjóðvegur.

Þessi aðferðafræði leiðir til mjög bjagaðrar myndar af gildi landslagsheilda að mati höfunda, svo sem nánar verður nú gerð grein fyrir.

⁴ Brynjólfur Sveinsson o.fl.: Ofanflóð á fyrirhugaðri leið 220 kV raflínu milli Blöndustöðvar og Akureyrar. Desember 2008

Landsnet hf. gengur þannig út frá því í frummatsskýrslu að ”tilvist og nálægð við þjóðvegi [sé] almennt talin draga úr gildi landslags”. Því hefur Landsnet hf. tekið ”legu þjóðvegur nr. 1 inn í gildismatið”. Landsnet hf. vísar til skilgreiningar á ósnortnum víðernum í lögum um náttúruvernd nr. 44 frá 1999 til stuðnings þessari aðferðafræði við að komast að niðurstöðu um gildi landslagsheilda.

Tilvitnun til skilgreiningar um ónortin víðerni á alls ekki við og er villandi í þessu sambengi að mati höfunda. Í fyrsta lagi er verið að nota hugtak í náttúruverndarlögum sem fjallar um ósnortin víðerni sem eru meira en 5 km frá mannvirkjum hvort sem eru vegir, slóðar eða raflínur svo dæmi séu tekin, ekki eingöngu þjóðvegur nr. 1 og í annan stað hafði Landsnet hf. áður tekið fram að upplýsingar um ósnortin víðerni væru ekki notuð til að meta gildi landslagsheilda vegna fyrirhugaðra framkvæmda þar sem áhrif á ósnortin víðerni yrðu óveruleg.

Illskiljanlegt er því af hverju þjóðvegur 1 er tekinn fyrir sérstaklega við gildismatið. Sem dæmi um rökleysu þessa þáttar í gildismati landslagsheilda má nefna landslagsheildina Kræklingahlíð en hún fær hátt gildi í töflu á bls. 63 í frummatsskýrslu. Engu að síður eru þar nú þegar þrjár raflínur og myndi fyrirhuguð lína verða sú fjórða. Ekki verður séð að þó þrjár línur séu nú um Kræklingahlíð sé gildi þeirrar heildar minna við mat á áhrifum við lagningu fjórðu línunnar. Margir myndu einmitt halda því fram að því væri öfugt farið og að ekki sé hægt að bæta þar við frekar.

Sé dæmi tekið af landslagsheildinni Hlíðarfjall í frummatsskýrslu eru mannvirki þar mikil og vegir liggja þar þó ekki sé þar þjóðvegur 1. Það að taka legu þjóðvegur 1 inn í gildismat landslagsheilda dregur því ekki fram gildi landslagsheilda einsog Landsnet hf. heldur fram heldur villir það um og gerir gildismatið ónákvæmt og beinlínis skakkt. Engin haldbær rök eru færð fram fyrir því að taka þjóðveg 1 sérstaklega inn í gildismat. Allt eins mætti færa fyrir því rök að lega þjóðvegur 1 yki gildi landslagsheildarinnar þar sem fyrirhuguð lína hefði þar með áhrif á mun fleiri en ella.

Þar sem frumforsendur Landsnets hf. að því er varðar afmörkun landslagsheilda (hugtök og vægi áhrifa) er röng samkvæmt ofansögðu, verður öll úrvinnsla og niðurstaða fyrirtækisins röng.

5.2 Ásýnd

5.2.1 Háspennulína

Höfundar eru sammála því sem kemur fram á bls. 68 í frummatsskýrslu um að nálægð fyrirhugaðarar línu við þjóðveg hafi **veruleg neikvæð** áhrif á leiðinni Norðurárdalur – Öxnadalur. Bendir Landsnet hf. réttilega á það að á þessari leið muni nálægð við fyrirhugaða línu vera hvað mest á leiðinni séð frá þjóðvegi. Á þetta við um allan Öxnadal, einkum að bænum Engimýri. Háspennulínan eins og hún er hugsuð af hálfu Landsnets hf. myndi breyta gersamlega ásýnd Öxnadals alls.

5.2.2 Efnistaka

Í umhverfismati Landsnets hf. er ekki fjallað um þau áhrif sem efnistaka vegna hinnar umfangsmiklu slóðagerðar myndi hafa á ásýnd en fyrirhugað er að taka 460 000 rúmmetra af mól í slóða. Benda má að efnistaka 150 000 rúmmetrar eða meira er matsskyld framkvæmd ein og sér.

Þetta getur ekki talist í samræmi við 9. gr. laga um umhverfismat þar sem skylt er í frummatsskýrslu að tilgreina öll þau áhrif sem fyrirhuguð framkvæmd hefði á umhverfi.

Ákvæði VI. kafla náttúrverndarlaga fjalla um efnistöku í jörð og námuleyfi. Þar sem höfundar þekkja best til, í Öxnadal, er samkvæmt frummatsskýrslu og Viðauka 1 gert ráð fyrir að farið verði í **allar meginárkeilur** að austan í framanverðum dalnum en það væru **allt nýjar námur**. Nánar verður fjallað um efnistöku og námur síðar í þessari greinargerð þar sem fjallað er um Öxnadal sérstaklega.

5.2.3 Slóðagerð

Í umhverfismati Landsnets hf. er ekki fjallað um áhrif slóða á ásýnd. Umhverfisáhrif 150 km af fyrirhuguðum slóðum á ásýnd hafa því enn ekki verið metin. Sjónræn áhrif af slóðum myndu þó vera veruleg og til langs tíma.

Skortir samkvæmt ofangreindu á að uppfyllt séu skilyrði 9. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum að því er varðar hina umfangsmiklu slóðagerð.

5.3 Jarðfræði, jarðmyndanir og vernduð svæði

Í umfjöllun um jarðfræði og jarðmyndanir í frummatsskýrslu er horft hjá þeirri staðreynd að fyrirhuguð lína myndi þvera eitt stærsta berghlaup á Íslandi. Svæði þetta er á náttúruminjaskrá (Hraunsvatn og Vatnsdalur) svo sem áður er getið.

Stærstu skriðuföllin sem orðið hafa á Öxnadalssvæðinu eru þau sem almennt hafa verið nefnd berghlaup á íslensku. Af þeim er talsverður fjöldi á svæðinu og eru sum þeirra með þekktustu berghlaupum á landinu (Sigurður Þórarinnsson 1954, Ólafur Jónsson 1957, 1976, Haukur Jóhannesson 1991, Häberle 1991). Þar er átt við berghlaupið sem kennt hefur verið við Hraun í Öxnadal. Það er um 4–5 km langt og hefur fallið úr Drangafjalli í vesturhlíð dalsins og nefnist vesturhluti þess Hraunshraun, en sá hluti sem liggur austan Öxnadalssár Hólahlólar. (Brynjólfur Sveinsson o.fl. 2008).

Ekki er þess heldur getið að línan myndi þvera fossaröð í gljúfri Þverár í Öxnadal, sbr. umfjöllun síðar um fossa.

Niðurstaða frummatsskýrslu um að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi óveruleg áhrif á jarðmyndarnir sem njóta verndar eða eru friðlýstar sbr. bls. 70 í frummatsskýrslu er því röng.

5.4 Vatnafar

Í kafla frummatsskýrslu um vatnafar er fjallað um ýmsar rannsóknir. Engan rökstuðning er þar að finna um að þær rannsóknir eigi við á því svæði sem hér um ræðir. Mikið ber á

umfjöllun um mosabreiður en ekki er mikið um slíkt á þeirri leið sem um ræðir, a.m.k. þar sem höfundar þekkja best til, í Öxnadal.

Áhrif efnistöku á vatnafar eru ekki metin enda hefur Landsnet hf. ákveðið að horfa fram hjá vatnsvernd en fylgja flokkun Vegagerðarinnar að öðru leyti. Engin rök eru færð fyrir því að Landsnet hf. geti horft framhjá vatnsvernd í umhverfismati sínu.

Ekki er réttlætt frávik frá flokkun Vegaðarinnar að þessu leyti né er skýrt því Landsnet hf. telji að minni líkur séu á að framkvæmdir fyrirtækisins hefðu neikvæð áhrif á vatnafar heldur en sambærilegar framkvæmdir Vegagerðarinnar, sé það skoðun fyrirtækisins.

Fyrirhugaðir efnistökuastaðir á því svæði sem höfundar þekkja gerst, í Öxnadal, falla allir í flokk 2 í flokkun Vegagerðarinnar og hafa því **hátt verndargildi**. Landsnet hf. kemst hins vegar að því að verndargildi námanna sé lágt eða mjög lágt, þ.e. flokkar 4 eða 5 í flokkun Vegagerðarinnar.

Sú niðurstaða frummatsskýrslu um að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi óveruleg áhrif á vatnafar og gæði grunnvatns og yfirborðsvatns er ekki í samræmi við flokkun Vegagerðarinnar og frávik frá flokkunarkerfi Vegagerðarinnar er órökstudd.

5.5 Gróður

Í kafla 6.5 um gróður í frummatsskýrslu gætir ónákvæmni í lýsingu á gróðurfari. Ekki er getið um mýrarfláka sem eru 3 ha eða stærri og horft er framhjá því að í mörgum af þeim árkeilum sem hugsaðar eru til efnistöku eru viðkvæmur mosi.

Nánar er fjallað um gróður að því er varðar Hólahóla og nágrenni síðar í greinargerð þessari.

5.6 Fuglalíf

Frummatsskýrsla rekur tegundir fugla og fjölda á fyrirhuguðu línustæði. Helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðrar línu á rekstratíma eur talin áflug fugla. Í skýrslunni er tekið fram að litlar rannsóknir hafi farið fram hér á landi um áflug fugla. Engu að síður treystir Landsnet hf. sér til að komast að þeirri niðurstöðu að fyrirhuguð háspennulína hafi óveruleg eða nokkuð neikvæð áhrif á fuglalíf, sjá töflu 9.3 bls. 129 í frummatsskýrslu.

Að mati höfunda getur þessi niðurstaða ekki talist traust, auk þess sem áhrif háspennulínu á fuglalíf miðað við jarðstreng eru að sjálfsögðu ekki tíunduð í umhverfismati frummatsskýrslu, frekar en annar samanburður umhverfisáhrifa.

Sérstaklega verður fjallað um fugla að því er varðar Hólahóla og nágrenni síðar í greinargerð þessari.

5.7 Ferðaþjónusta og útivist

Höfundar skoðuðu sérstaklega upplýsingar sem er að finna í umhverfismatshluta frummatsskýrslu sem fjallar um ferðaþjónustu og útivist á Öxnadalshéiði og Öxnadal á bls. 94 – 95. Villur eru í kaflanum, t.a.m. er því haldið fram að fyrirhuguð lína myndi liggja við hlið Rangárvallalínu 1 á svæðinu Öxnadalshéiði – Öxnadalur (sjá bls. 95 efst). Þetta er ekki allskostar rétt þar sem fyrirhugað línustæði vikur frá Rangárvallalínu í gegnum Hólahóla á

móts við Hraun og einnig við Bægisá. Sú ályktun skýrslunnar að breidd framkvæmdasvæðis sé í lágmarki, er því ekki rétt; fyrirhuguð lína myndi ekki alfarið liggja við hlið hinnar gömlu.

Í umfjöllun um útivist er ekki getið um reiðleið frá Hólum yfir Kambskarð og að Vindheimamelum en sú leið er á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012 til 2024, bls. 86 merkt reiðleið E. Fyrirhuguð lína myndi þvera þessa reiðleið. Ekki er heldur getið um þekkta gönguleið upp með Þverá á Jökulborgir og eftir fjallatoppum fyrir botni Glerárdals, sjá leiðarlýsingu á www.naturalis.is. Fyrirhuguð lína myndi þvera þessa leið og vera sýnileg á leiðinni upp á Jökulborg.

Landsnet kemst að því að fyrirhuguð framkvæmd hafi **nokkuð neikvæð áhrif** á ferðaþjónustu og útivist á svæðinu Öxnadalshéiði - Öxnadalur. Hefði Landsnet hf. fylgt flokkunarkerfi Skipulagsstofnunar sem getið er um hér að framan hefðu áhrifin verið metin sem talsvert neikvæð hið minnsta, þar sem engan veginn er hægt að halda því fram að áhrifin séu tímabundin eða afturkræf á ferðaþjónustu og útivist eða að línan myndi ekki sjást í Öxnadal. Að auki er enn bent á að ekkert umhverfismat fór fram á ásýnd slóða og hefur því ekki verið tekið tillit til þess við mat. Áhrifin á ferðaþjónustu og útivist hlytu því að teljast **talsvert eða verulega neikvæð** sé tekið mið af leiðbeiningum Skipulagsstofnunar.

5.8 Samvirk áhrif

Í 2. mgr. 9. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum eru þau atriði tilgreind sem tiltaka skal í frummatsskýrslu. Samkvæmt ofangreindu er ljóst, að mati höfunda, að því fer fjarri að Landsnet hf. hafi uppfyllt þessar lagaskyldur í frummatsskýrslu. Þetta á ekki síst við um það sem nefnt er samvirk áhrif í tilvitnuðu lagaákvæði. Þannig eru til dæmis ekki metin sameignlega sjónræn áhrif þess að efnistaka sé áætluð í nánast hverri einustu árkeilu í Öxnadal, rétt við þjóðveg 1.

6 Ýmis dæmi um að frummatsskýrsla er ekki í samræmi við matsáætlun

Nokkuð er um það, auk meginatriða þeirra sem nefnd voru að framan og varða galla á frummatsskýrslu, að skýrslan sé ekki í samræmi við matsáætlun skv. 1. mgr. 9. gr., sbr. 8. gr., laga um mat á umhverfisáhrifum. Er hér um að ræða fjölmörg atriði, mismikilvæg, og verða fáein þeirra nefnd hér.

Höfundar telja að Skipulagsstofnun sé skylt við þessar aðstæður að nýta heimild til þess að afla sérfræðimats á þessum þáttum eins og hinum fyrri, eða að krefja Landsnet hf. um úrbætur.

6.1 Jarðstengur í því landslagi sem er á leið Blöndulínu 3

Í umsögn Umhverfisstofnunar til Skipulagsstofnunar dags. 5. nóvember 2008 um tillögu að matsáætlun er lögð áhersla á að stofnunin telji að í frummatsskýrslu eigi að gera grein fyrir þeim umhverfisáhrifum sem fylgja lagningu jarðstrengs með 220 kV spennu og að lýst verði verklagi við lagningu jarðstrengs á hlutum leiðar og þar sem þarf að þvera gil eða árfarvegi.

Í bréfi verkfræðistofunnar Mannvits f.h. Landsnets hf. dagsettu 12. nóvember 2008 til Skipulagsstofnunar vegna umsagnar Umhverfisstofnunar, sem er hluti af matsáætlun skv. því sem kemur fram hér að ofan, er fullyrt að: “Framkvæmdaraðili tekur undir framangreint og mun fjalla um í frummatsskýrslu um [sic] þá þætti sem snúa að lagningu 220 kV jarðstrengs í því landslagi sem er á leið Blöndulínu 3.” Höfundar geta ekki séð að í frummatsskýrslu sé á neinn hátt annan en almennan fjallað um jarðstreng á leið Blöndulínu 3. Þannig er enginn samanburður á áhrifum á umhverfi á loftlínu þeirri sem tíunduð er í frummatsskýrslu og jarðstreng staðsettum þar sem minnst umhverfisröskun yrði enda telur Landsnet hf. að jarðstrengur sé ekki raunhæfur kostur og því beri ekki að meta umhverfisáhrif hans, svo sem fram kemur á bls. 42 í frummatsskýrslu.

Ekki verður séð að frummatsskýrsla sé í samræmi við matsáætlun að þessu leyti.

6.2 Núverandi lína aflögð og fjarlægð

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 30. desember 2008 segir að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram upplýsingar um afdrif núverandi línu með tilkomu nýrrar, þ.e. hvort línan mundi standa áfram eða verða tekin niður. Er þetta atriði því hluti af matsáætlun.

Þá er í bréfi verkfræðistofunnar Mannvits f.h. Landsnets hf. dagsettu 26. nóvember 2008 til Skipulagsstofnunar vegna umsagnar sveitarfélagsins Skagafjarðar, sem er hluti af matsáætlun, fullyrt að: “Framkvæmdaraðili mun fjalla um hvenær núverandi byggðalína um héraðið verður aflögð og fjarlægð í frummatsskýrslu.”

Ekki verður séð að frummatsskýrsla sé í samræmi við matsáætlun að þessu leyti enda er í skýrslunni ekki getið um tímasetningar á því að núverandi lína verði aflögð og tekin niður.

6.3 Tréstaumar

Í bréfi verkfræðistofunnar Mannvits f.h. Landsnets hf. dagsettu 10. desember 2008 til Skipulagsstofnunar vegna umsagnar nokkurra landeigenda, sem er hluti af matsáætlun skv. því sem kemur fram hér að ofan, er sagt á bls. 6 að: “Tréstaurlína verður einnig til skoðunar og borin saman með tilliti til s.s. sjónrænna áhrifa, kostnaðar og röskunar á umhverfi. “ Á bls. 40-41 í frummatsskýrslu þar sem lítillega er drepíð á þann möguleika að setja trémöstur á hluta leiðarinnar, er **ekkert** fjallað um sjónræn áhrif, kostnað og röskun á umhverfi.

Ekki verður séð að frummatsskýrsla sé í samræmi við matsáætlun að þessu leyti.

6.4 Yfirlit yfir jarðir

Matsáætlun segir fyrir um að í frummatsskýrslu skuli gefa yfirlit yfir þær jarðir sem fyrirhugað er að fyrirhuguð lína muni liggja um miðað við mismunandi línuleiðir. Er það rökstutt í ákvörðun Skipulagsstofnunar með því að hugmynd Landsnets hf. geri ráð fyrir að háspennulínan muni liggja um margar landareignir.

Ekki verður séð að frummatsskýrsla sé í samræmi við matsáætlun að þessu leyti enda er þar ekki að finna sérstakt yfirlit um jarðir.

6.5 Kynning og samráð

Misræmi er á milli tillögu að matsáætlun og frummatsskýrslu þar sem Norðurlandsskóga er getið sem umsagnar- og samráðsaðila í fyrra skjalinu en er það ekki skv. frummatsskýrslu, kafla 1.4 um kynningu og samráð.

Þá er tekið fram að höfundar fengu hvorki bréf í júlí 2008 né í september 2008, svo sem fullyrt er í frummatsskýrslu, en voru þó landeigendur á þeim tíma sem og nú. Aldrei hefur verið haft samband við höfunda varðandi neitt í máli þessu þar til bréf frá Landsneti hf. barst á heimili systur annars höfunda á Akureyri í lok mars 2012 þar sem greint var frá frummatsskýrslunni.

Engar upplýsingar er að finna í frummatsskýrslunni um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina eða matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi, svo sem Skipulagsstofnun bauð sérstaklega í ákvörðun sinni frá 30. desember 2008 í ljósi þess að **svo margar athugasemdir höfðu borist við tillögu að matsáætlun þar sem lagningu 220 kV háspennulínu var hafnað um viðkomandi landareignir.**

Frummatsskýrsla er því ekki í samræmi við matsáætlun að þessu leyti auk þess sem skýrt er kveðið á um þessa skyldu í 4. tl 2. mgr. 18. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum þar sem segir um þær upplýsingar sem skuli koma fram í frummatsskýrslu:

Upplýsingar um kynningu, álitsumleitan og samráð sem staðið hefur verið að af hálfu framkvæmdaraðila við mat á umhverfisáhrifum og upplýsingar um **afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrslu á vinnslustigi** (leturbr. höfunda).

7 Öxnadalur

7.1 Inngangur

Öxnadalur er þröngur dalur svo sem margsinnis kemur fram í gögnum Landsnets hf. og má teljast alkunna.

Í Viðauka 5 við frummatsskýrslu er Öxnadal og þeim áhrifum sjónrænum sem háspennulína myndi hafa á ásýnd dalsins ágætlega lýst á bls. 76 til 79 og kemur þar réttilega fram að línan myndi vera mjög nálægt þjóðvegi 1 og myndi blasa við vegfarendum. Þverun vegar yrði áberandi og línur myndu þvera munn Vaskárdals. Þá segir á bls. 78:

Í Öxnadalnum verður línan sjáanleg ferðamönnum og útivistarfólki í dalnum og getur því mögulega truflað upplifun þeirra.

Undir þetta taka höfundar, en telja að hér sé um meira en mögulega truflun á upplifun að ræða. Tölvugerðar myndir úr Öxnadalnum í myndahefti með frummatsskýrslu sýna ágætlega hversu háspennumöstur og –línur myndu gerbreyta ásýnd dalsins, sjá einnig mynd nr. 1.

Viðauki 5 nefnir einnig að línan yrði hluti af útsýninu yfir dalinn frá fólkvanginum í Hrauni og að fjallsbrúnum norðvestan dalsins. Mynd 2 sýnir það.


Áætluð lega Blöndulínu er í beinni sjónlínu frá fólkvanginum og fræðasetrinu.

Í ljósi þessara miklu sjónrænu áhrifa í dalnum og frá Hrauni, kemur á óvart sú flokkun sem frummatsskýrslan hefur á vægi þessara þátta í umfjöllun um landslag og landslagsheildir, sem fjallað er um hér að framan. Gera verður þá kröfu að vandaðra umhverfismat fari fram að þessu leyti að því er varðar Öxnadal og er því beint til Skipulagsstofnunar að sjá til þess þegar metin verða áhrif annars vegar jarðstrengs og hins vegar háspennulínu.

Hvað varðar athugun í Viðauka V á áhrifum Blöndulínu 3 á ferðaþjónustu og útivist á bls.44-85, sem er meginumfjöllun viðaukans, kemur á óvart að engin umfjöllun er um ásýnd vegaslóðanna sem háspennulínulögin kallar á (alls 150 km). Verður þetta að teljast þeim mun ámælisverðara að ekkert hefur komið fram annað en að slóðar myndu standa um ókomin ár og óumdeilanlega myndu þeir hafa mikil sjónræn áhrif.

Verður þetta að teljast stórfelldur galli á frummatsskýrslunni, einkum með vísan til þess að í kafla 6 í frummatsskýrslu þar sem fjallað er um umhverfisáhrif, kafla 6.2. ásýnd, er ekki heldur fjallað um sýnileika slóða.

Er því beint til Skipulagsstofnunar að sjá til þess að þetta verði metið um leið og metin yrðu áhrif annars vegar jarðstrengs og hins vegar háspennulínu.



Mynd 1, tölvugerð yfirlitsmynd af Öxnadal með fyrirhugaðri háspennulínu og núverandi línu. Landsnet hf.

7.2 Efnistaka

Viðauki I fjallar um mögulegar efnisnámur vegna háspennulínu frá Blöndu til Eyjafjarðar. Í Öxnadal er getið um 9 mögulega staði. Af þeim eru 6 nýir efnistökuastaðir og Geirhildargarðar að auki sem er ekki á skrá Vegagerðarinnar sem náma. Í frummatsskýrslu er þess getið að stuðst sé við flokkunarkerfi Vegagerðarinnar um verndargildi jarðmyndana, sem útlitað er á bls. 69 í skýrslunni. Tekið er fram á bls. 27 í frummatsskýrslu að allir efnistökuastaðirnir falli undir flokk 2 með hátt verndargildi. Hins vegar horfir Landsnet hf. fram hjá vatnsvernd (bls. 24), án þess að rökstyðja þá nálgun og ályktar að allar námur í Öxnadal hafi þar með lágt eða mjög lágt verndargildi (Verndarflokkar 4 og 5).

Þessi niðurstaða á ekki við rök að styðjast, jafnvel þó horft væri fram hjá vatnsvernd, þar sem ætlaðir efnistökuastaðir eru vel sjáanlegir frá Þjóðvegi 1 (sbr. töflu 1 í minnisblaði Viðauka I sem fjallar um hugsanlegar efnisnámur í Hörgársveit) myndu hafa veruleg áhrif á ásýnd Öxnadals í alfaraleið.

7.3 Ferðaþjónusta og útivist

Svo sem fram kemur í Viðauka V við frummatsskýrslu, Ferðaþjónusta og útivist, mun Blöndulína 3 vera mjög sýnileg í Öxnadal öllum. Taka höfundar svo sem áður segir undir umfjöllun í viðaukanum í meginatriðum, að því er snertir Öxnadal. Ýmislegt hefur þó láðst að nefna um ferðaþjónustu og útivist í Öxnadal sem rétt er að halda til haga við mat á umhverfisáhrifum.

Háspennulínan yrði mjög áberandi í landi Hóla gegnt fólkvanginum í Hrauni, jafnvel þó fyrirhugað línustæði viki frá núverandi línustæði og lagt sé til að færa hana ofar og leggja hana eftir mýrarfláka, svokallað Sund, sem er ofarlega í Hólahólum í landi Hóla, svo sem gerð er grein fyrir annarstaðar í greinargerð þessari (sjá einnig mynd 2).

Eins og fjallað er um í Viðauka 5 með frummatsskýrslu er í Hrauni rekin töluverð menningarstarfsemi en jörðin er í eigu menningarfélagsins Hraun í Öxnadal ehf. Gefið hefur verið út kort með gönguleiðum í og við fólkvanginn og er Hraunsvatn og fjöllin í kringum fólkvanginn vinsælt útivistarsvæði. Í júnímánuði ár hvert er í Hrauni haldin vinsæl hátíð, Fífilbrekkuhátíð, og skipulagðar gönguferðir í tengslum við hana og fleiri atburði. Farnar hafa verið skipulagðar fjölskylduferðir að Þverbrekkuvatni en þaðan væri línan áberandi (sjá mynd 2). Að auki má geta þess að samkvæmt aðalskipulagi Hörgársveitar er í landi Hrauns skipulögð frístundabyggð, en Blöndulína 3 myndi blasa við þaðan og skerða verulega gæði þess lands.

Í landi jarðarinnar Hóla myndi fyrirhuguð háspennulína þvera fjölfarna reiðleið yfir Kambskarð milli Eyjafjarðar og Öxnadals eins og áður var nefnt.

Línuvegur myndi opna fyrir umferð vélknúinna ökutækja upp á svokallað Sund (sjá umfjöllun hér á eftir um votlendi) sem hingað til hefur verið ósnortinn nokkurra hektara mýrarfláki í friðsælu dalverpi í hvarfi frá mannvirkjum og gljúfur með fögrum fossum.

Ferðaþjónusta er í Engimýri þar sem gert er út á útivist og útsýni þaðan bæði inn dalinn og til fjalls, sem háspennulína, slóðar og fyrirhuguð möstur myndu hafa verulega neikvæð áhrif á að ætla má.



Mynd 2, tölvugerð mynd, horft yfir til Hólahóla og Þverárgljúfurs frá fólkvanginum í Hrauni, Hóladalur í baksýn, með ætluðum línunum og möstrum ásamt núverandi línu. Landsnet hf.

8 Hólahólar og Þverárgljúfur

8.1 Inngangur

Hólarnir eru fyrir miðjum Öxnadal. Oft er talað um að dalurinn sé hvað landslag varðar á tveimur hæðum ef svo má segja:

Við Bægisána var leiðin frá Akureyri í Bakkasel hálfnuð en langur fannst mér Öxnadalurinn og það var langt á milli bæja, en þarna komu þeir hver af öðrum og seinna lærði ég að þekkja þá alla með nöfnum eins og fólkið sem þar bjó. Við Þverána kemur í ljós að dalurinn er tveggja hæða og eru Hólarnir sem “hálfan dalinn fylla” þreppin upp í framdalin. Við urðum að fara yfir alla þessa háu hóla, ofan í dældirnar á milli og aftur og aftur yfir hóla en loksins blasti við framdalurinn. Við vorum á sléttri grundu ofan við bæinn Engimýri og þarna var tekið af hestunum og áð um stund.

Tryggvi Emilsson: Fátækt fólk, 1976.

Vegna staðþekkingar sinnar og þekkingar á náttúrufari vilja höfundar hér á eftir fjalla sérstaklega um það landsvæði sem þeir þekkja hvað best í Öxnadal og varða þetta mál; Hólahóla og Þverárgljúfur.

Landslagsfyrirbærinu Hólahólum hefur t.d. verið lýst í Lýsingu Eyjafjarðar eftir Steindór Steindórsson:

Undir Drangafjalli fyrir neðan mynni Vatnsdals og yfir þveran Öxnadal gengur hólahrúgald mikið. Eru þeir skildir frá suður að Hraunsvatni, þvert yfir dalinn og hátt upp í hlíðar við mynni Hóladals. Er hólagarður þessi 2-3 km á breidd. Yfirleitt eru hólarnir stórgerðir, grýttir, með bröttum brekkum og djúpum lautum, en einna hæstir og hrikalegastir eru þeir þó fyrir mynni Vatnsdalsins, en niður með Hraunsá, suður af bænum Hrauni, skapast í þeim urðarhraun mikið. Hólahrúgald þetta er að líkindum gamlar jökulöldur úr öllum dölunum þremur, sem þarna mætast. Að einhverju leyti kunna þeir þó að vera skapaðir af framhruni úr fjöllum, einkum Drangafjalli. Norðan við hólana uppi undir hlíð Drangafjalls, rís upp einstakur hnjúkur, sem Einbúi heitir. Ber allmikið á honum. Hólarnir kallast Hraunstapar að vestan en Hólahólar að austan.

Steindór Steindórsson: Lýsing Eyjafjarðar, 1949.

Hólahólar eru hólarnir austan Öxnadalsár. Ná þeir allt að Þverá í norðri og eru að mestu leyti í landi jarðarinnar Hóla en ná einnig inn í land Engimýrar í suðri.

Landslagsheildin Vatnsdalur, Hraunsvatn, Hraunshraun og Hólahólar eru á náttúruminjaskrá og hefur svo verið allt frá árinu 1978⁵ og með eftirgreindum rökum: “Fjölbreytt og fagurt land með stöðuvötnum, stórum framhlaupum og sérkennilegum klettadröngum, Hraundröngum”.⁶ Landslagsvernd er talin æskileg.

Hluti af landslagsheildinni er nú fólkvangur, eða mestur hluti jarðarinnar Hrauns, gegnt jörðinni Hólum.

Athugasemd var áður gerð við Viðauka 2, sem fjallar um landslag, en þar er svæðinu öllu skipt niður í 27 landslagsheildir. Hólahólar ættu með réttu, í samræmi við ofangreint, að vera hluti af Hraunsvatni í skilgreiningu viðaukans á landslagsheildum. Með þeirri aðferð sem viðaukinn notar fæst ekki eðlilegt mat á áhrifum fyrirhugaðrar línulagnar á svæði sem er hluti af landslagsheild á náttúruminjaskrá.

8.1.1 Votlendi

Í Viðauka 3 við frummatsskýrslu, sem fjallar um gróður, segir á bls. 28 um línustæði í landi Hóla:

Frá Engimýri um land Hóla og að Þverá er umtalsverð breyting fyrirhuguð frá núverandi línustæði á um fjögurra kílómetra kafla. Til að minnka sjónræn áhrif nýju línunnar verður hún flutt allt að 450 m frá fyrri línu ofar í hlíðina þar sem hún er lítt

⁵ Náttúruminjaskrá, 2. útg. 1978, verndarsvæði nr. 52.

⁶ Náttúruminjaskrá, 7. útg. 1996, verndarsvæði nr. 505.

áberandi frá Þjóðveginum á móts við Hraun. Á þeim kafla er landið nokkuð vel gróið en grýtt. Gróðurfar er allfjölbreytt og votlendi talsvert, einkum mýrlendi. Gróðurfélögin eru þau sömu og áður hafa verið nefnd, auk U4 (*mýrastör-klóffifa*). Ofan og sunnan við Hóla fer línustæðið um mýrlendi á um 800 m kafla. Verulegur hluti þess hefur einhvern tíma verið ræstur fram án þess þó að landið hafi þornað mikið. Þarna þarf að gæta þess vel að spilla sem minnst votlendi við staursetningu línunnar. Í landi Þverár eru enn inni tveir valkostir fyrir línustæðið með stuttu millibili. Staurasetning í neðra stæðinu tekur mun meira tillit til votlendisins og mælir Náttúrufræðistofnun því frekar með því.

Ofarlega í Hólahólum er votlendi sem kallað er Sundið. Nær þetta svæði allt frá Þverárgljúfri í norðri og langleiðina að landamerkjum jarðanna Hóla og Engimýrar í suðri og er um allmarga hektara að ræða. Þar tekur við annar minni mýrarfláki, ónefndur, sem nær allt suður í land Engimýrar.

Nyrsti hluti Sundsins var ræstur fram á árum áður, en unnið er að endurheimt þess votlendis. Syðri hluti Sundsins, sá sem ekki var reynt að ræsa fram á árum áður, er nokkrir hektarar að stærð (> 3 ha). Fyrirhugað línustæði Landsnets hf. færi yfir Sundið endilangt. Alls er um að ræða u.þ.b. 1,5 km langan kafla.

Frummatsskýrsla gerir ráð fyrir slóðagerð um umrætt svæði þannig að slóðar yrðu lagðir úr suðri að stöguðu súluhorni sem er mastur nr. 314 skv. fyrirætlunum Landsnets hf. Undir því yrði allt að 120m² plan skv. skriflegum upplýsingum frá verkfræðistofunni Mannviti þar sem segir að mastrið sé fyrirhugað að staðsetja að hluta til á mel sem nýst gæti við framkvæmd (rétt er að taka fram að þar sem hér er vísað til “mels“ er átt við Hólahóla, sem er á náttúruminjaskrá skv. ofansögðu.) Þá byggir tillagan á að slóð yrði lögð áfram í norður yfir votlendið, að mastri merktu 315 í tillögu. Tillagan gerir loks ráð fyrir að slóði verði lagður úr vestri, fyrir ofan túngirðingu á jörðinni Hólum, yfir skógræktarland (sjá umfjöllun um skógrækt hér á eftir) upp á milli mastra merktra 316 og 317 og að þeim úr sitt hvorri áttinni. Þessi slóði og mastur nr. 316 myndu vera á landsvæði því sem tilheyrir endurheimtu votlendi, samkvæmt framansögðu. Þá myndi mastur á gljúfurbarmi Þverárgljúfurs merkt 317 bera við fossinn, sjá umfjöllun hér á eftir um fossinn Hrynjanda, og standa í skógræktarlandi, sjá umfjöllun hér á eftir um skógrækt.

Gert er ráð fyrir að möstur merkt 315, 316 og 317 verði á bilinu 25,6 til 27,6 m há M-möstur, stálgrindarmöstur sömu gerðar og reist voru í tengslum við Búrfellslínu 2 árið 1973 skv. upplýsingum frá Landsneti hf.

Mýrar, 3 ha og stærri, njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Ljóst er að fyrirhuguð framkvæmd í votlendum ofarlega í Hólahólum yrði óafturkræf, þar sem ógjörningur er að afmá ummerki um slóða og masturstæði í votlendum á Sundinu.

8.2 Fossar

Þverá er vatnsmikil dragá sem fellur í miklu gljúfri norðaustan við það svæði sem lýst hefur verið hér að ofan. Ónefndur foss, sem kallaður er Hrynjandi, er efsti og stærsti fossinn (sjá mynd 3) í fossaröð en nokkrir minni fossar falla þar fyrir neðan (sjá mynd 4).

Fossar njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.



Mynd 3, Hrynjandi, efsti og hæsti fossinn í Þverárgljúfri í Öxnadal. Johan Holst.

Landsnet hf. gerir samkvæmt frummatsskýrslu ráð fyrir að háspennulínan þveri ána rétt fyrir neðan Hrynjanda og að því virðist yfir smáfossunum. Mastur merkt nr. 317 (sem staðsett yrði innan skógræktarsvæðis, sjá umfjöllun hér fyrir neðan), 25,6m hátt, myndi skyggja á fossinn af hefðbundnum útsýnisstað.

Mynd 5 sem hefur verið stækkuð úr ljósmynd úr Viðauka 3, sýnir vel athugunarsvæði, fyrirhugaða staðsetningu masturs á gljúfurbarmi og legu línu. Samkvæmt því er Hrynjandi rétt utan við athugunarsvæðið og smáfossaröðin innan þess. Virðist sem fyrirhugað sé mastur um 150 metrum neðan við Hrynjanda og rétt við smáfossaröðina.

Engin umfjöllun er um fossinn né smáfossaröðina í Þverárgljúfri í gögnum Landsnets hf. og er líkt og fyrirtækinu hafi sést yfir fossana.




Mynd 4, einn fossanna í smáfossaröð í Þverárgljúfri. Mynd: Johan Holst.

8.3 Smyrill (*falco columbarius*)

Smyrilshreiður er í Þverárgljúfri, nánast á þeim stað þar sem gert er ráð fyrir að háspennulínan fari yfir gljúfrið.

Mynd 5 sýnir athugunarsvæði, fyrirhugaða staðsetningu mastur á gljúfurbarmi og legu línu. Samkvæmt því er fyrirhugað að leggja háspennulínu yfir smyrilshreiðrið að staðsetja háspennumastur örskammt frá hreiðrinu.

Ekki er getið um þetta smyrilsvarp í Viðauka 4, Fuglalíf, við frummatsskýrslu eða annarstaðar í gögnum þessa máls og er líkt og að Landsneti hf. hafi sést yfir þetta varp.



Mynd 5, stækkuð mynd af athugunarsvæði Landsnets hf. í landi jarðarinnar Hóla í kringum og yfir Pverárgljúfri. Bláa línar sýnir fyrirhugað línustæði Blöndulínu 3. Bleiki hingurinn fyrir miðri mynd sýnir fyrirhugað masturstæði. Landsnet hf.

8.4 Skógrækt

Eigendur jarðarinnar Hóla gerðu á árinu 2007 samning við Norðurlandsskóga um 90 hektara svæði undir skógrækt (sjá mynd 6). Fyrirætlanir Landsnets hf. gera ráð fyrir að háspennulínan liggja í gegnum þetta skógræktarland og myndu eitt til tvö möstur af fjórum innan landamerkjja jarðarinnar lenda innan skógræktarsvæðis. Þegar hefur verið plantað í þetta svæði.

Ekkert kemur fram um þetta í frummatsskýrslu eða viðaukum hennar og er líkt og Landsneti hf. hafi sést yfir þá staðreynd að í Hólum er rekin ein umfangsmesta skógrækt í allri Hörgársveit (sjá aðalskipulag Hörgársveitar, bls. 67).



Mynd 6, skógræktarsvæði Norðurlandsskóga og eigenda jarðarinnar Hóla. Norðurlandsskógar.

8.5 Slóðar

Að því er varðar slóðagerð innan landamerkja jarðarinnar Hóla, kemur fram í gögnum með frummatsskýrslu og loftmyndum sem sendar hafa verið höfundum frá verkfræðistofunni Mannviti hf. að gert er ráð fyrir “lagfæringu eldri slóða” frá Þjóðvegi 1 upp með Þverá í gegnum skógræktarsvæði. Höfundar taka fram að ekki er neinn eldri slóði á þeim stað sem loftmynd vísar til nema að litlum hluta og sá slóði eða troðningur er ekki einu sinni jeppafær. Sýnist því vera um að ræða áætlanir um nýja slóðagerð að öllu leyti innan jarðarinnar Hóla. Áætluðum slóðum yfir votlendið ofar í landinu var lýst að framan þar sem fjallað var um votlendi.

8.6 Niðurstaða

Verulegir annmarkar eru á umhverfismati frummatsskýrslu að því er varðar Hólahóla og umhverfi og áskilja höfundar sér allan rétt komi til þess að háspennulína í líkingu við þá sem Landsnet hf. hefur áætlað, komi til ákvörðunar um framkæmd þessa.

9 Lokaorð

9.1 European Grid Declaration

Í stefnumarkandi yfirlýsingu flutningsfyrirtækja raforku í Evrópu og umhverfisverndarsamtaka frá 10. nóvember 2011, European Grid Declaration on Electricity

Network Development and Nature Conservation in Europe, kemur m.a. fram að raforkuflutningsfyrirtæki Evrópu tala fyrir umhverfismati áætlana sem tæki til að þess að auka umhverfisvernd:

4.1.3 In strategic spatial planning the Parties will promote the use of Strategic Environmental Assessment as a means to find the most environmentally acceptable options with regard to protected areas and ecological sensitivities.

Að yfirlýsingunni standa, ásamt samtökum sem láta sig umhverfisvernd varða, öll helstu raforkuflutningsfyrirtæki í Evrópu svo sem Statnett í Noregi og Swissnet, Elia í Belgíu, National Grid í Bretlandi, Terna á Ítalíu og Tennet í Hollandi. Þrátt fyrir að Landsnet hf. beri sig gjarnan saman við Statnett, vekur athygli að Landsnet hf. stendur ekki að yfirlýsingunni.

9.2 Þingsályktun um lagningu raflína í jörð

Þann 1. febrúar 2012 var samþykkt á Alþingi svofelld þingsályktunartillaga:

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra að skipa nefnd er móti stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Iðnaðarráðherra skal flytja Alþingi skýrslu um störf nefndarinnar fyrir 1. október 2012.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram að á undanförunum árum hefur orkuframleiðsla á Íslandi aukist mjög og jafnframt gagnrýni á neikvæð umhverfisáhrif hennar. Einn þáttur þeirra áhrifa er sjónmengun af völdum háspennulína og hefur sú krafa orðið háværi að jarðstrengir séu nýttir í stað loftlína. Mikilvægt er að fyrir liggi stefnumörkun um með hvaða hætti og á hvaða forsendum skuli stefnt að lagningu raflína í jörð og til hvaða þátta skuli sérstaklega taka tillit í þeim efnum

Hefur ráðherra þegar skipað nefndina og sett henni erindisbréf⁷. Skal nefndin ljúka störfum 20. September 2012.

Að mati höfunda gefur þessi vilji löggjafans enn frekara tilefni til að beina því til stjórnvalda að áform í kerfisáætlun Landsnets hf. séu í heild skoðuð m.t.t. lagningar loftlína eða jarðstrengja, þ.m.t. Blöndulína 3.

9.3 Ályktun

Um gríðarlega umhverfislega hagsmuni er hér að tefla og getur ekki talist goðgá að vanda svo til verka sem kostur er við mat á umhverfisáhrifum, ekki síst með það í huga að fjallað er um mannvirki, möstur og slóða, sem standa myndu í 70 ár eða í mannsaldur, á meginleið milli höfuðborgarsvæðis og Norðurlands, eins og hún er nú. Framkvæmd eins og lögð er til í þessu máli myndi í stuttu máli gerbreyta ásýnd alls Öxnadals um ókomna framtíð.

Frá því mál þetta fór af stað árið 2008 hefur krafa um jarðstrengi vegna hinna neikvæðu umhverfisáhrifa háspennulína orðið æ háværi. Jafnframt hefur tækni fleygt fram erlendis og nokkur dæmi eru um langingu jarðstrengja hér á landi nú þegar. Þá hafa rannsóknir verið gerðar á mörgum sviðum sem þessu tengjast, líka hér á landi og ekki einungis á tæknilegu hliðinni, svo sem rannsókn á varmalosun frá jarðstrengjum á Nesjavallastreng,


⁷ Sjá <http://www.idnadarraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/3500>

Landbúnaðarháskólinn 2009, rannsókn á greiðsluvilja vegna sjónrænna áhrifa háspennulína, hagfræðildeild Háskóla Íslands, 2010 og hjá stofnun Sæmundar fróða er unnið að rannsókn á framkvæmd á umhverfismati dreifinets og áhrifum sjónmengunar af völdum háspennulína, svo nokkuð sé nefnt. Nefna má einnig þá þróun sem orðið hefur á sviði svokallaðs Partial Undergrounding sem nú er mikið fjallað um í Evrópu, sjá <http://www.europacable.com/>.

Landsnet hf. hefur mikla yfirburði hér á landi að því er varðar möguleika til að afla þekkingar á sviði jarðstrengja og miðla þeirri þekkingu. Því fylgir mikil ábyrgð. Með hliðsjón af hinum mikla aðstöðumun sem er á höfundum athugasemda þessara annars vegar og Landsneti hf. hins vegar að því er varðar sérfræðiþekkingu á háspennulögnum og jarðstrengjum, er því beint til Skipulagsstofnunar að skoða athugasemdir þessar í því ljósi og með hliðsjón af rannsóknarreglu stjórnisýslulaga. Er skorað á stofnunina að afla af sjálfsdáðum sem ítarlegustra gagna og upplýsinga sem tilefni kann að vera til með hliðsjón af þeim athugasemdum sem fram koma í þessari greinargerð.

Andmæli höfunda við frummatsskýrslu fjalla að miklu leyti um gundvallarskort á fylgni Landsnets hf. við matsáætlun, svo sem hún var samþykkt af Skipulagsstofnun, að því er varðar það að gera grein fyrir i) þörf á 220 kV línu og ii) samanburði við jarðstreng á hluta eða allri leiðinni. Á meðan Landsnet hf. hefur einfaldlega hafnað að fjalla um jarðstreng á línuleiðinni sem valkost og ekki fært fram rök fyrir flutningsþörf sem kalli á 220 kV línu, sýnist Skipulagsstofnun ekki eiga annan kost en að leita álits sérfræðinga á þessum þáttum en beina því eftir atvikum til Landsnets hf. að bæta úr ágöllum skv. 4. mgr. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

~~~~~



Skipulagsstofnun

Laugavegi 166

150 Reykjavík.

vill Undirritaður, leigjandi og umrómamaður kirkjujarðarinnar Mælifells í Skagafirði, hér með koma á framfæri eftirfarandi ábendingum vegna fyrirhugaðrar lagningu Blöndulínu 3 um Skagafjörð.

Hugmyndir um svon. Efribyggðarleið gera ráð fyrir, að línan komi ofan af Vatnsskarði að Kirkjuhól, en þaðan fram Efribyggð skammt ofan túna á jörðum þar, að Mælifellsá og þaðan ofan Mælifells og Starrastaða, yfir Svartá milli bæjanna Hafgrímsstaða og Brúnastaða og yfir Eggjar og Héraðsvötn í land Flatatungu og að eldri línu ( Rngárvallalínu 1 ) í mynni Norðurárdals.

Hvað snertir leið línunnar um Mælifellsland, þá mun línan koma suðuryfir svok. Háubrekku og síðan skáhallt til suðausturs niður fjallið ofan næsta bæjar, Starrastaða.

Á Háubrekku mun línan verða í beinni sjónlínu á allöngum kafla séð heiman frá bæjarhlaði á Mælifelli. og í ca. 1 km fjarlægð frá bænum.

Í frummatsskýrslunni segir, " að við Brúnastaði, Hamrahlíð og Mælifell megi gera ráð fyrir verulega neikvæðum áhrifum vegna nálægðar við línuna."

Mælifellshnjúkur ( 1138 m ) er sem kunnugt er eitt helsta kennileyti Skagafjarðar og sést frá flestum bæjum í aðalhéraði Skagafjarðar.

Útsýni til hnjúksins er einkar fagurt frá Mælifelli. Verði línan þarna, munu hin rísa - stóru stálmöstur skera í augu, þegar horft er til hnjúksins.

Útsýni af Háubrekku austur og norður yfir héraðið er mikið og fagurt, og þá yrði línan í nærmynd, þegar horft væri yfir.

Ótalið er þá allt það rask, sem óhjákvamilega mun fylgja línulögninni, svo sem vegslóðar þvers og kruss og mastursstaði ásamt tilheyrandi efnistöku og umröti.

Hið sama á að sjálfsögðu við um leið línunnar um Efri - byggð og Tungusveit, sem mun stórspilla bújörðum þar, svo þær verða vart byggilegar að framkvæmdum loknum.

Ég vil taka það fram, að svok. Héraðsvatnaleið, sem til skoðunar er sem annar valkostur, virðist mér á engan hátt betri.

Þar mun línan einnig spilla jörðum, sem hún fer yfir, og útsýni.

Báða þessa kosti tel ég nokkurn veginn jafn slama.

Ég veit heldur ekki betur en full samstaða sé um það meðal landeigenda, sem hér eiga hlut að máli, að hafna þessum valkostum báðum.

Það veur nokkra eftirtekt, að í frummatsskýrslunni vegna framkvæmdanna er Efribyggðaleið talið það mjög til gildis, að línan verði þar fjarri þjóðveginr.1.

2.

Mikið virðist almennt lagt upp úr því í matinu, að línan verði sem minnst sýnileg ferðafólki, sem um þann veg fer.

En við hljótum að gera þá kröfu, að landið sjálft, bújarðir bænda og hagur fólksins, sem þær byggir, sé líka einhvers metið, en á það er varla minnst í skýrslunni.

Yfirleitt virðist landið lítils metið.

Hér er líklega fárra góðra kostá vöð.

En sé hin nýja Blöndulína jafn aðkallandi og af er látið, sem mjög margir hafa efa - sendir um, enda mun hún stíluð upp á ~~væntanlega~~ stórnotendur rafmagns í framtíðinni, t.d. á Akureyri og væntanlega Húsavík, þá virðist mér skásti kostur hljóti að vera að leggja hana sem næst samhliða hinnri eldri byggðalínu hér um Skagafjörð.

Þótt þar sé vafalaust við ýmis vandamál að etja, virðist það í augum leikmanns illskásti kosturinn, þ.e.a.s. ef Landsnet útilokar alfarið þann möguleika að leggja línuna í jörð t.d. meðfram þjóðvegi nr.1, sem flestir mundu álíta besta kostinn.

Rökin, sem fram eru sett í frummatsskýrslunni fyrir því að fylgja ekki núverandi línu - leið í Skagafirði, heldur velja nýjar leiðir, sem valda munu verulegum spjöllum, virðast mér á engan hátt sannfærandi. Þau bera fremur vott um yfirgang og tillitsleysi. Þó er tekið svo til orða í skýrslunni, " að línuleið meðftam núv. línu um Skagafjörð sé líklega tæknilega fær." ( Bls. 36 ).

Því þá ekki að fara þá leið ?

Er það ekki sá kostur, sem menn eiga að skoða í fullri alvöru, e.t.v. með einhverjum útfærslubreytingum, t.d. að leggja línuna fram með Héraðsvötnum austanverðum að Flata - tungu, svo ekki þurfi að fara yfir tún í Blönduhlíð svo verulegu nemi.


Á endanum verður hvort eð er að finna lausn, sem flestir geta sæst á, ef menn vilja ekki stofna til átaka, sem óhjákvamilega munu fylgja þeim valkostum, sem nú eru settir fram og enginn veit til hvers munu leiða.

Mælifelli 17. apríl 2012

Olafur Þ. Halldórsson,  
forseti Ráðsgræðingja.

Afrit sent Skipulagsstofnun,  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík.

Blöndulína 3 (220 kV)  
Mat á umhverfisáhrifum.  
Athugasemdir vegna frummatsskýrslu



Dagsetning: 1.maí 2012

Ég á jörð upp á Efríbyggð í Skagafirði sem stendur til að troða loftlínu þvert í gegn um. Hefði þessi línuhugmynd verið komin til þegar við ákváðum að kaupa jörðina, hefði ekkert orðið úr kaupunum einfaldlega vegna þess að svona framkvæmd rýrir jörðina notagildi, verðgildi og sem útivistarsvæðis. Einnig veit ég um að það hafi verið fallið frá kaupum úr part úr jörð á Efríbyggð vegna þess að þá var farið að tala um að leggja línuna þarna, á þessu tapaði bóndinn stórfé. Sýnir þetta að loftlína sem þessi rýrir verðgildi allra þeirra jarða sem línan fer í gegn um vegna umhverfis og sjónmengunar.

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3.  
Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum.

Í fjölmörgum atriðum er ósamræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaáðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínan verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðarlínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínur í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu.

**Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki áætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.**

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á samfélag verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um efnistökuastaði og gerð verði grein fyrir því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuastaði og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um óveður á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í óaðgengilega skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingarþryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Hér er því bent á misræmi við matslýsingu enda á frummatsskýrslu samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem sjálfstætt rit.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu ósnortinna víðerna eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd en það er ekki gert.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um **umferð** á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang **starfsmannaáðstöðu en það er ekki gert.**

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir **útfærslu slóða** í frummatsskýrslu en það er ekki gert. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á **möstrum** í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.) en ekki sagt hvaða möstur verða hvar.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu **efnisflutningaleiðum** í frummatsskýrslu né heldur **umfangi aukinnar umferðar.**

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir **efnistökustöðum** og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efríbyggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efríbyggðarleið benda á að svo er ekki. Þörf stóriðju fyrir raforku geti ekki talist til almannaþarfar heldur miklu frekar sérþarfir þess atvinnureksturs. Eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmum þegar þar að kemur. Nýlagning Blöndulínu 3 er eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að setta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hversu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?

Athugasemdir við frummatsskýrslu.

#### **Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu**

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efríbyggðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum

þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum samarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að t.d. áform um Efribyggðarleið ganga eftir.

#### **Inngangur, samantekt.**

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstrartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra.**“ Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulaga jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!**

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskipt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

#### **Raffræðilegar hönnunarforsendur.**

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfénað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

#### **Tilgangur**

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu byggðalínuhingsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarlik áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlögð Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

#### **Valkostir**

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að “...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.” Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

#### **Rannsóknir**

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efribyggð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

#### **Kynning og samráð**

EKKI hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr áliti hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efribyggð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkið, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri

fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlægum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loflínu/jarðstreng á Efríbyggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

#### **Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.**

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efríbyggðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

#### **Landsnet**

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efríbyggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

#### **Slóðar**

Blöndulína 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagningar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýfrankvæmd.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleglega slóða ræðst ekki fyrir en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ástættanleg þegar leggja á slóða um fjalllendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsögð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförmum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það veganet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi

Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

#### **Dúkar**

Í frummatsskýrslu segir „Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.“ Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og mól keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

#### **Plön og útskot**

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

#### **Slóðar með línu**

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð.

#### **Námur**

Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggi ekki fyrir. Ekki liggi fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

#### **Slóðar og umhverfi**

Í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur. Slíkir vegir eru skipulagsskyldir en fyrirhugaðir slóðar eru ekki í frummatsskýrslu.

#### **Girðingar**

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttáð t.d. á girðingum.

## Skipulag

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í áliti hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunadila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagaupprætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

### Stefnumótun stjórnvalda

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrir en stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

### Áróðurskennd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

### Jarðrask vegna jarðstrengja

Í frummatsskýrslu stendur: „Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.“ Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

### Sjónræn áhrif

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

## Mat á umhverfisáhrifum

### Landslag

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

### Ásýnd

#### Mat á áhrifum

Í frummatsskýrslu er sagt um Efríbyggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert neikvæðum áhrifum einstaka bæi á Efríbyggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð. Allir bæirnir á Efrí byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgaersvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

#### Sýnileikakort



Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljósmyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti.

#### **Sýnileiki og Mælifellshnjúkur**

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði.

#### **Efribyggðaleið**

Í umsögn um Efrbyggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efrbyggðaleið muni línan ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línan frá öllum bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línan muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efrbyggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna.

#### **Hæð mastra**

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra. Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

#### **Mótvægisáðgerðir**

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

#### **Vatnafar**

#### **Vatnsvernd**

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efrbyggðaleið. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og áðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna Gróðurfar

#### **Áhrif á gróður**

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á válistategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð "staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri". Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlög á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur talsvert neikvæð áhrif á gróður.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efrbyggð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

#### **Votlendi**

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina lítið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efrbyggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnum á landbúnaðarjörðum.

#### **Ferðapjónusta og útivist**

#### **Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats**

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet<sup>1</sup>. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðaþjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðaþjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

#### **Reiðleiðir**

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efirbyggðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séu í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar.** Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði. Landnotkun

#### **Áhrif á landnotkun**

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- of rekstrartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist.

#### **Byggð**

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifasvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamatís ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línusvæðinu án þess að það sjáist á kortum.

#### **Slóðar**

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess að Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhóðunum fyrir framkvæmdina.

#### **Sínk**

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp sínk og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áðurmeðfarðar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

Raf- og segulsvið og hávaði

#### **Áhrif á búpening**

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.“ Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

<sup>1</sup> *Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðaþjónustu og útivist.* Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

#### Heildaráhrif og niðurstaða


Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheidi.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþján getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.


Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásynnd, ferðaþjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllst

  
Óli S. Petsson  
S. Matitellsá - 1.

Magnús Sigmundsson  
Vindheimum  
560 Varmahlíð  
Sími 860 1266  
Netfang: [magnus@activitytours.is](mailto:magnus@activitytours.is)



Skipulagsstofnun  
b.t. Rutar Kristinsdóttur  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Efni: Blöndulína 3.  
Mat á umhverfisáhrifum. Athugasemdir vegna frummatsskýrslu

Ágætu skýrsluhöfundar,

Sem íbúi Skagafjarðar og hagsmunaaðili vegna fyrirhugaðrar lagningar Blöndulínu 3 um Skagafjörð mótmæli ég fyrirhugaðri framkvæmd og óska eftir að hún verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar.

Hér á eftir eru tilgreind nokkur atriði sem telja verður að þurfi frekari athugunar við og sjálfsagt er að fá nánari umfjöllun.

Í fjölmörgum atriðum er ósamræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu t.d. á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, áhrif á ferðaþjóustu og kortlagningu og gildi ósnortinna víðerna. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til.

Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist og að marktæk úttekt óháðra aðila liggi fyrir á ýmsum kostnaðaliðum og áhrifum þessarar framkvæmdar áður en lengra er haldið með þetta mál.

1. Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
2. Ef ekki er tælin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu **jarðstrengs** til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínur í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu.

Í frummatsskýrslu er fullyrt að lagning línunnar að hluta eða að ölluleiti í jörð verði of kostnaðarsöm.

Óskað er eftir upplýsingum um á hverju þessi fullyrðing byggist.

- Hverjir eru innflytjendur og umboðsaðilar fyrir jarðstrengi og fyrir efni til bygginga háspennumastra á Íslandi ?
- Hvernig er verðmyndun byggingarefnisins, hverjar eru verðálögur þessara aðila á innflutt efni og hverjar eru álögur ríkisins ?
- Hvernig hefur hlutfall kostnaðar við lagningu jarðstrengja borið saman við byggingu loftlína þróast í Evrópu síðastliðin 10 ár t. d. í Englandi og Danmörku ?
- Hvernig hefur þróun kostnaðar við lagningu jarðstrengja borið saman við háspennulínur orðið á Íslandi síðustu 10 ár ?
- Hversu mörg tilboð þurfa að berast í lagningu Blöndulínu 3 í jörð / í lofti til að raunhæfur kostnaður liggi fyrir.
- Frá hvaða löndum mega fyrirtæki bjóða í línulagnir á Íslandi ?
- Óskað er eftir mati hlutlausra aðila á upplýsingum sem fram koma varðandi þessa liði.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðarlínan verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðarlínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets.

**Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.**

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á **samfélag** verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en **umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti**. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

### **Reiðleiðir og hestatengd ferðaþjónusta**

Dregin er í efa hæfni skýrsluhöfunda þegar kemur að umfjöllun um ferðaþjónustu í frummatsskýrslunni, áhrif sjónmengunar, notkunnargildi línuvega sem reiðleiða með tilliti til rafsegulmengunar í nálægð við háspennulínur.

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet<sup>1</sup>. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðaþjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðaþjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést.

Eftir áratuga starf í ferðaþjónustu og þá sérstaklega í hestategndri ferðaþjónustu fullyrðir undirritaður að þessi fullyrðing „Nokkuð jákvæð“ **á alls ekki við rök að styðjast**. Sjónmengun af mannvirkjum eins og háspennulínunum í náttúru Íslands er þvífik að líkja má við hnefahögg í andlit þeirra sem ferðast um landi hvort sem er, akandi, gangandi eða ríðandi. Sérlega glöggt dæmi er háspennulínan sem þverar Kjalleiðina ofan við Gullfoss.

Fjölfarin reiðleið austan í Reykjatungu og á bökkum Héraðsvatna frá Stapa um Steinsstaðahólm og norður með Vindheimabrekkum er ein af náttúruperlum Skagafjarðar / Íslands og ætti ef til vill heima á náttúruminjaskrá, svo litskrúðugt og fágætt er fuglalíf á þessu svæði.


Leiðin tengist einnig sterkum böndum sögu sviði Sturlungaaldar þegar Skagafjörður var vettvangur fjörbrota þjóðveldisins á 12. og 13. öld þessu svæði má ekki undir neinum kringumstæðum raska með lagningu háspennulínu. Áður en lengra er haldið með þetta mál er óskað eftir að:

- Metnir verði möguleikar sögu og menningartengdrar ferðaþjónust með tilliti til sövusviðs Íslendingasagna í Skagafirði svo sem, Örlygsstaða, Haugsness, Flugumýri, Miklabæjar, Reykja- og Skíðastaðalaugar, Vallalaugar, Flatatungu og svo mætti lengi telja.
- Með rannsóknum verði lagt mat á gildi ósnortinnar náttúru svæðisins við uppbyggingu ferðaþjónustu meðal íbúa Skagafjarðar og erlendra og innlendra ferðamanna sem heimsækja svæðið.
- Að náttúruverndargildi vatnasvæðis Héraðsvatna og þá sérstaklega Steinsstaðahólmi verði metið af þar til bærur sérfræðingum með tilliti til verndunar eða jafnvel friðlýsingar.
- Með rannsóknum verði lagt mat á sjónmengun sem 220 kv loflína gæti valdið í samanburði við lagningu jarðstrengs frá Blönduvirkjun til Akureyrar.

Vakin er athygli á að ferðaþjónustan er orðin ein af grunnundirstöðu atvinnuvegum Íslendinga Margsinnis hefur komið fram í könnunum meðal ferðamanna að sérstæð og ósnortin náttúra Íslands sé langsterkast aðráttaraflið í ferðaþjónustu. Glæsilegur árangur greinarinnar á síðustu árum staðfestir réttmæti náttúruverndar og að varlega skuli farið á þessu sviði.

Varmahlíð 01.05.2012.

Með vinsemd og virðingu,

  
Magnús Sigmundsson



Skagafirði 27. apríl 2012.

Til Skipulagsstofnunar.

Efni: Athugasemdir við frummatsskýrslu vegna Blöndulínu 3.

Undirritaður vill koma á framfæri athugasemdum og mótmælum við fyrirhugaða Efribýggðaleið.

Vegagerð.

Allir sem til vegagerðar þekkja vita að þessir 4,5 - 5 m. sem ætlaðir eru fyrir breidd vegarins eru kolrangir og standast hvergi, jafnvel ekki á þurru og hörðu landi.

Á Efribýggðalínu væri nær að áætla 25 - 35 metra í þeim djúpa og blauta jarðvegi sem þar er. Mengandi plastdúkur sem undirlegg undir veg kemur ekki til greina að mínu mati.

Sjónmengun.

Gífurleg sjónmengun yrði af framkvæmdinni og varir hún um ókomin ár.

Heilsufar.

Allar líkur eru á að rafsegulmengun og heilsufarsleg skaðsemi sé langtum meiri en látið er í veðri vaka, samanber krabbaneimstílfelli nálægt spennustöðvum.

Ætla má að frágangur skilgetins afkvæmis Landsvirkjunar, sem Landsnet er, verði líkur og þegar þeir stálu efni úr landi mínu þegar Blöndusamningur var uppfylltur með því að malbera veg í Kiðaskarði. Þá var tekin mól úr Skeiðhvammi.

Meðfylgjandi er afrit af lýsingu á honum úr örnefnaskrá. Þar er talað um að þar þótti fýsilegt að leggja hestum til skeiðs. Eins og sést á meðfylgjandi mynd væri það ekki spennandi kostur í dag. Efnistaka úr landi Mælifellsár verður aldrei leyfð hvorki úr "Námu" sem merkt er BAN-10 eða BAN-11 né annars staðar. Nær væri að Landsvirkjun og Landsnet bættu ósómamann sem blasir við á meðfylgjandi mynd.

Framkvæmdin öll Blöndulína 3 er byggð á forsendum um raforkusölu til stóriðju sem eftir vananum verður seld undir kostnaðarverði eins og alltaf hefur verið gert ef um stóriðju er að ræða. Þar að auki mun Blöndulína 3 alltaf valda óafturkræfum umhverisspjöllum og þjóðinni tjóni.

Heilbrigð skynsemi felst ekki í því að velja lengstu leiðina sem veldur mestum umhverfisspjöllum og mesta tapi í flutningi þegar aðrar styttri leiðir sem ekki þarfnast vegagerðar eru bæði sunnar og norðar en umrædd Efribýggðaleið.

Undirritaður leyfir aldrei lagningu 220 kV háspennulínu um land Mælifellsár. Lagning jarðstrengs kæmi til greina.

  
Margeir Björnsson

Hann heitir Staparani (19). Skammt norðan Staparana er árgilið grýtt og illt yfirferðar. Þar heitir Stapagil (20) Hvítihvammur (21) liggur í Stapa suðaustanverðum. Hann liggur ekki alveg að ánni.

Skammt ofan Staparana er nokkuð stór hvammur, nefndur Berjahvammur (22). Djúpihvammur (23) heitir skammt ofan hans. Hann er hringmyndaður. Nokkuð langt ofan Berjahvammis er stór hvammur, nefndur Berfætluhvammur (24). Enginn veit hvernig á því nafni stendur. Hvammurinn er beint á móti Sellæk í landi Mælifells. Hann er einnig stundum nefndur Langihvammur (25).


Um það bil 300 metrum ofan Berfætluhvammis er langur hvammur með sléttum eyrum við ána. Hann heitir Skeiðhvammur (26). Í honum þótti fýsilegt að leggja hestum til skeiðs. Fast ofan hans fellur Sellækur (27) í Mælifellsá. Nokkru áður en hann fellur í ána, fellur Skarðslækur (28) í hann. Sá lækur kemur úr Kiðaskarði (29). Tungan á milli lækjanna heitir Seltunga (30). Neðst í Seltungu var Mælifellsársel (31). Þar sjást ennþá tóftir. Á bakkanum norðan við Sellæk var eitt sinn reist rétt, u.þ.b. á móts við tungusporðinn. Í henni var fyrst réttað árið 1902 en hún lagðist síðan skjótt niður. Síðan hefur svæðið þar í kring verið kallað Á réttum (32). Einnig var talað um að fara fram á Selrétt (33).

Upp af Seltungu er hár hnjúkur, nefndur Selhnjúkur (34). Vestan við hann er grjótdrag, sem gengur norður úr Kiðaskarði. Það heitir Dverdalur (35). Hlíðin vestur úr Dverdalnum er kölluð Skarðshlíð (36). Flói eða mýri í Kiðaskarði, vestan Dverdals, heitir Skarðsflói (37). Í Kiðaskarði, vestan Skarðsflóa, er hryggur, nefndur Þröskuldur





# Blöndulína 3 (220 kV) Mat á umhverfisáhrifum. Athugasemdir vegna frummatsskýrslu



Dagsetning: 1.maí 2012

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum.

Í fjölmörgum atriðum er ósamræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaaðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínun verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðarlínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínu í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu.

Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á samfélag verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um efnistökuastaði og gerð verði grein fyrir því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuastaði og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um óveður á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í óaðgengilega skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Hér er því bent á misræmi við

matslýsingu enda á frummatsskýrsla samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem sjálfstætt rit.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu ósnortinna víðerna eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd en það er ekki gert.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um umferð á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang starfsmannaaðstöðu en það er ekki gert.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir útfærslu slóða í frummatsskýrslu en það er ekki gert. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á möstrum í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.) en ekki sagt hvaða möstur verða hvar.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „ megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu efnisflutningaleiðum í frummatsskýrslu né heldur umfangi aukinnar umferðar.

Í matslýsingu eru Norðurlandskkógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandskkógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir efnistöðustöðum og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

---

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efrabyggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efrabyggðarleið benda á að svo er ekki. Þörf stóriðju fyrir raforku geti ekki talist til almannaþarfar heldur miklu frekar sérþarfir þess atvinnureksturs. Eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Nýlagning Blöndulínu 3 er eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?

Athugasemdir við frummatsskýrslu.

### Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efribygðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að t.d. áform um Efribygðarleið ganga eftir.

### Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir: „Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og talsvert jákvæð en óbein á rekstrartíma og geti orðið frá nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra.“ Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulaga jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskyt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

### Raffræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispenntu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfénað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

### Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að

auka flutningsgetu byggðalínuhringsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlögn Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

#### **Rannsóknir**

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efribbyggð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

#### **Valkostir**

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

#### **Kynning og samráð**

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr áliti hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efribbyggð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkni, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efribbyggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

#### **Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.**

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efribbyggðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

#### **Landsnet**

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efribbyggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

#### **Slóðar**

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagnar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um

slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjalllendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsgöð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það vegana sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

#### **Dúkar**

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.” Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og mól keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

#### **Plön og útskot**

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

#### **Slóðar með línu**

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð.

#### **Námur**

Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggi ekki fyrir. Ekki liggi fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

#### **Slóðar og umhverfi**

Í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur. Slíkir vegir eru skipulagsskyldir en fyrirhugaðair slóðar eru ekki í

#### **Girðingar**

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

#### **Skipulag**

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í álitni hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunaaðila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagaupprætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarraena framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

#### **Stefnumótun stjórnvalda**

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

#### **Áróðurskennd umfjöllun**

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

#### **Jarðrask vegna jarðstrengja**

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.“ Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

#### **Sjónræn áhrif**

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

## **Mat á umhverfisáhrifum**

### **Landslag**

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

### **Ásýnd**

#### **Mat á áhrifum**

Í frummatsskýrslu er sagt um Efribyggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert neikvæðum áhrifum einstaka bæi á Efribyggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgeirsvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekkum og Starrastöðum inn á kort.

#### **Sýnileikakort**

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljómyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti.

#### **Sýnileiki og Mælifellshnjúkur**

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði.

#### **Efribyggðaleið**

Í umsögn um Efribyggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribyggðaleið muni línan ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línan frá öllum bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línan muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efribyggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna.

#### **Hæð mastra**

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra. Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

#### **Mótvægisáðgerðir**

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

#### **Vatnafar**

##### **Vatnsvernd**

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efribyggðaleið. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifsvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og aðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

#### **Gróðurfar**

##### **Áhrif á gróður**

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vátlistategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð "staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri". Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögn á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur talsvert neikvæð áhrif á gróður.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efribyggð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

##### **Votlendi**

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá



Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efribyggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnnum á landbúnaðarjörðum.

#### Sínk

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áður nefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

#### Ferðaþjónusta og útivist

##### Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet<sup>1</sup>. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðaþjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðaþjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

##### Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „Nokkuð jákvæð áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efribyggðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séru í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar.** Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

#### Landnotkun

##### Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- of rekstartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist.

##### Slóðar

<sup>1</sup> Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðaþjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

#### Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifsvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og hávaði

#### Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.” Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheidi.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþjón getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásýnd, ferðaþjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllt *Abiendur Litla-Dal*

*Maríní Öfnun Jón 19.05.73 - 5759*

*Hanna Björg Hauksdóttir 06.06.78 - 3089*

Skipulagsstofnun  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



Málefni: Blöndulína 3

Akureyri 29 apríl 2012

Ég undirrituð, María Valgerður Sigtryggsdóttir eigandi að 5 hektara spildu úr landi Geirhildargarða í Öxnadal geri alvarlegar athugasemdir við fyrirhugaða legu Blöndulínu 3 yfir landareign mína. Miðað við núverandi hugmyndir að legu línunnar fer hún yfir vestari hluta landareignarinnar þar sem er nú þegar aðstöðuhús og þar hafa staðið hjólhýsi undanfarin ár og eru fyrirhugaðar sumarhúsabyggingar í framtíðinni. Ég tel að vel sé hægt að færa línuna til vesturs á þessu svæði svo að hún skaði ekki landareign mína. Með bréfinu fylgir ónákvæmur uppdráttur af landareign minni á korti sem línan er teiknuð inn á.

Virðingarfyllt.

María Valgerður Sigtryggsdóttir

Kennitala: 2111314389

Sími: 4627838 og 6947838


Netfang: stebbig@btnet.is

Lönguhlíð 6 kjallara

603 Akureyri

Click on Sign to add text and place signature on a PDF file.





Sólheimagerði 26. apríl 2012

**Skipulagsstofnun  
Laugarvegur 166  
105 Reykjavík**

**Efni:**

**Athugasemdir vegna lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar,  
(Héraðsvatnaleið.)**

Við undirritaðri eigendur Steinstaðahólma í Skagafirði mótmælum harðlega hugmyndum um lagningu Blöndulínu 3 um Steinstaðahólma, fyrir landi jarðanna Víðivalla, Hellu, Miðsitju, Sólheima, Sólheimagerðis og Úlfsstaða í Blönduhlíð.

Við gerum alvarlegar athugasemdir við rannsóknarskýrslu á fuglalífi í línustæði Blöndulínu 3 í Steinstaðahólma, Héraðsvatnaleið, unnið af Náttúrustofu Austurlands (Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson.)

Þar kemur fram (bls.10) að aldrei var farið um Steinstaðahólma, til rannsókna á fuglalífi. Þær athugarnir sem gerðar voru af bílvegum úr mikilli fjarlægð, gátu með engu móti gefið hugmynd um það gríðarlega þetta gæsavarp og fluglalíf sem þar er.

Enda kemur fram að við rannsóknina urðu þeir sem hana gerðu ekki varir við gæsavarp, en sögðu í skýrslunni „er líklegt að þær (gæsirnar) verpi á áreyrunum.“ (bls.11.)

Allir sem til þekkja vita að í Steinstaðahólma verpa gæsir í miklum þéttleika, sennilega mesta gæsavarp í Skagafirði. Gæsirnar verpa ekki á áreyrunum, enda mikil flæðihætta þar, þó það sé annað mál.

Flugleiðir gæsa frá náttstað við Héraðsvötn til bithaga í innhluta fjarðarins liggja yfir Steinstaðahólma og með Héraðsvötnun. Bygging háspennulínu á þessari leið þeirra hlýtur að hafa í för með sér mikla hættu á afföllum gæsa af hennar völdum.

Steinstaðahólmi er algerlega ósnortið land, laust við öll mannvirki (girðingar, vegi, byggingar, ræktun) og því dýrmætt til fuglaskoðunar og útivistar um alla framtíð. Fullur vilji er hjá eigendum að halda landinu ósnortnu áfram og teljum það óverjandi að setja þar niður slíkt mannvirki að

naðsynjalusu. Það er mikils virði að hafa slíkt svæði í hjarta héraðsins, aðgengilegt og opið og sjálfsagt að reyna að vernda það fyrir eftirkomendur.

Virðingarfyllst

| Nafn | kt. | Heimili | Póstfang |
|------|-----|---------|----------|
|------|-----|---------|----------|

|                       |        |      |  |
|-----------------------|--------|------|--|
| * Fyrir hönd Miðsítja |        |      |  |
| Birgir E Birgússon    | 260865 | 2939 |  |

|                              |     |           |  |
|------------------------------|-----|-----------|--|
| Þorkell Guðlaugur Þóroddsson | 560 | Varmahlit |  |
|------------------------------|-----|-----------|--|

|                          |        |      |  |
|--------------------------|--------|------|--|
| ** Fyrir hönd. Ulfstaðir |        |      |  |
| Mósa Jóhannsdóttir       | 690101 | 2620 |  |

|                            |       |         |                            |
|----------------------------|-------|---------|----------------------------|
| Fyrir hönd Sólheimagestis, | Eyþór | Ernason | 270776-4189, Sólheimagesto |
|                            |       |         | 560 Varmahlit.             |

\* Ath. jörðin Hella er sameinuð Miðsítja.

\*\* Ulfstaðir eru í eigu Kúrkerps ehf. 690101-2620

*Grjótgarði 22.4 2012.*

*Athugasemdir vegna frummatsskýrslu 2012 um Blöndulínu.*

Ég undirritaður Pétur Karlsson frá Grjótgarði í Hörgársveit geri eftirfarandi athugasemdir vegna misræmis á milli viðauka 6

um fornleifar og fyrirhugaðrar legu Blöndulínu í landi jarðarinnar Grjótgarðs og jarðinnar Skúta sem eiga land á því svæði sem heitir Laugalandsheiði í Hörgársveit sem fyrirhuguð Blöndulína mun liggja um til Akureyrar Nú hefur legu fyrirhugaðrar línu samkvæmt frummatsskýrslu 2012 verið breytt í gegnum fyrrnefndar jarðir og tilvonandi lína verið færð ofar í landið og lengra frá byggð en greinilegt er að fornleifaúttekt hefur ekki verið breytt í samræmi við það. Þar af leiðandi hafa forsendur um fornleifar í viðauka 6 breyst hvað varðar fornleifar á þessum jörðum Grjótgarði og Skútum. Viðauki 6 er gerður árið 2008 og gerður út frá skýrslu Landsnets nr 08029 dagsett 15.10. 2008, sem þá gerði ráð fyrir línunni neðar og nær byggð en nú er. Því er farið fram á það og þess krafist að viðauki 6 um fornleifar verði endurskoðaður og breytt í samræmi við breytta legu Blöndulínu á þessu svæði þannig að gögn um fornleifar annarsvegar og staðsetningar línunar hinsvegar séu í samræmi.

Einnig er gerð athugasemd vegna ósamræmis á milli blaðsíðu 101 í frummatsskýrslu sem telur upp þær fornleifar í Kræklingahlíð sem taldar eru í stórhættu á línuleiðinni annarsvegar og hins vegar myndar 77 á blaðsíðu 80 í kortahefti sem sýnir skráðar fornleifar í Kræklingahlíð sem eru í stórhættu vegna línulagningar.

Vakin skal athygli Skipulagsstofnunnar á því að samræmi á milli fornleifa og tilfærslu á legu línunnar hefur breyst á fleiri stöðum í Hörgársveit og má þar nefna til dæmis svæðið Kræklingahlíð.

Í viðauka 6 er aðeins getið um eina fornleif í landi Grjótgarðs í námunda við legu fyrirhugaðrar Blöndulínu en það er fornleifin EY-254:009 Hið rétta er að fornleifarnar sem lenda í nánd við fyrirhugaða Blöndulínu eru fjórar talsins, þrjár í landi Grjótgarðs að meðtalinni EY-254:009 og ein í landi Skúta miðað við fyrirhugaða legu línunnar í frummatsskýrslu 2012. Hér á eftir læt ég þær fornleifar sem skráðar eru í nánd við fyrirhugaða línu í Grjótgarðslandi og Skútalandi fylgja með þeirri skammstöfun og hnitum eins og þær koma fyrir í fornleifaskýrslum.

**Fornleifar í Laugalandsheiði sem ekki eru í viðauka 6 með frummatsskýrslunni um Blöndulínu en munu lenda nærri og í námunda við fyrirhugaða línu, en þeirra er getið í fornleifaskýrslum II og III um Glæsibæjarhrepp.**

**EY-254:014. Bræðravarða.**  
65°43.302N 18°15.256V

**EY-254:013 Grjótgarðssel.**  
65°43.083N 18°15.128V

**EY-270:006 Skút[n]asel seltóft/.**  
65°43.343N 18°14.717V  
(Í landi jarðarinnar Skúta.)

Um EY-254:014. Bræðravörðu. Varða þessi er ekki bara skráð fornleif, heldur er hún einnig merkjavarða á landamerkjum jarðanna Grjótgarðs og Laugalands. Örnefnið Bræður kemur fyrir í landamerkjalyðsingu Grjótgarðs og Laugalands sem viðmið á staðsetningu vörðu þessarar. Um örnefnið Bræður segir í örnefnalýsingu Péturs Karlssonar um Laugalandsheiði

frá árinu 2011. (**Bræður (44), ytri og syðri, tveir allháir og sérstakir klettur sem skapa landslaginu þarna sérstaka ásýnd.**) Sunnan við þá er **Bræðralág**.

Klettur þessir eru mjög sérstakir og skera sig úr landslaginu þarna í heiðinni. Og eru eitt mest áberandi örnefnið í Laugalandshéið. Samkvæmt mynd númer 6 og mynd númer 23 í kortahefti 2012-03-14 mid res sem fylgir frummatsskýrslunni er gert fyrir háspennumastri upp á klettum þessum og vek ég athygli skipulagsstofnunnar sérstaklega á því, þar sem æskilegt væri að skráðum örnefnum, sér í lagi þeim sem tilgreind eru í landamerkjalyfingum sé hlíft og umgengist af varfærni við framkvæmdir af þessu tagi. og sérstaklega tekið tillit til slíkra örnefna.

Ennfremur geri ég athugasemd við kafla þann í frummatsskýrslunni sem fjallar um vatnafar. Í þann kafla vantar allar upplýsingar um vatnslitla lækir sem línar fer yfir og það hvernig framkvæmdaraðili þ.e. Landsnet ætlar að umgangast vatnslitla lækir. Því er spurt. Ætlar Landsnet að setja ræsi á minni lækir? Og ætlar Landsnet að tryggja það við framkvæmdirnar að lækjarvegir haldist óbreyttir sem og rennsli þeirra? Og hefur staðsetning háspennumastra áhrif á lækjarvegi? Þess er krafist að skipulagsstofnun taki þetta atriði sérstaklega til skoðunar.

Á blaðsíðu 81 í frummatsskýrslunni er ritað um mótvægisáðgerðir um lágmarksröskun við framkvæmdir, á votlendi og við uppsetningu mastra og tengdra þátta, efnistöku og slóðagerðar og fleira.

Ég geri athugasemd við það að í þessum þætti skýrslunnar kemur ekki fram hvaða aðili muni hafa eftirlit með mótvægisáðgerðunum sé fylgt eftir á meðan á framkvæmdartíma stendur. Rökin sem ég set fyrir þessari athugasemd eru sú að væntanlega verður framkvæmdin boðin út og þá munu hinir ýmsu verktakar og undirverktakar og fleiri vinna við framkvæmdina og ætlar Landsnet að tryggja það að þeir aðilar fylgi þessum mótvægisáðgerðum verði fylgt eftir á meðan á framkvæmd stendur eða á að ganga frá óþarfa raski eftir að framkvæmdatíma lýkur?

Því til áréttingar vek ég athygli Skipulagsstofnunnar á því að í Laugalandshéið í Hörgársveit eru nokkrir vatnslitlir lækir sem falla niður héiðina sem línar fer yfir. Lækir þessir geta orðið nokkuð vatnsmiklir í leysingum. Lækir þessir eiga upptök sín upp undir fjallinu ofan héiðarinnar, utan einn lækur sem á upptök sín í fjallinu vestan Stóra-Hnjúks. Einn þessarra lækja er landamerkjalyfingur á milli jarðanna Skúta og Grjótgarðs. Einnig vek ég athygli á því að og bent skal á að á loftmyndum um staðsetningu háspennumastra í Laugalandshéið, að nokkur möstur eru alveg fast við lækir eða mjög nálægt þeim. Einnig er talsvert af viðkvæmu votlendi í Laugalandshéið.

Sérstaklega skal vakin athygli skipulagsstofnunnar á mynd 83, bls. 86 í kortahefti 2012-03-14 mid res sem sýnir skiptingu jarða á fyrirhugaðri línuleið Blöndulínu 3 í hluta Hörgársveitar og í Akureyrarkaupstað. Kort þetta er greinlega byggt á gögnum frá Nyttjalandi og því ekki marktækt sökum þess að útlínur eignalandar jarða samkvæmt þessu korti eru rangar. Nefni ég í því sambandi sérstaklega jarðirnar Grjótgarð, Laugaland og Krossastaði sem eru rangar og ekki marktækar samkvæmt korti Nyttjaland, og ekki í nokkru samræmi við þau gögn sem til eru, sbr landamerkjalyfingar og örnefnalyfingar á þessu svæði. Ennfremur skal bent á að á mynd þessari sem og fleiri myndum kemur fyrir nafnið Krossastaðaheiði, en hún er ekki til, heldur heitir það svæði Fossárheiði frá Fossá að Krossastaðaá og skal þess getið að í Fossárheiði eiga fjórar jarðir eignalönd en á mynd 83 eru engar eignalands útlínur sýndar á myndinni á því svæði.

Undirritað: Pétur Karlsson



## Blöndulína 3 (220 kV) - Mat á umhverfisáhrifum Athugasemdir vegna frummatsskýrslu



Mosfellsbæ, 29. apríl 2012

Til þess er málið varðar:

Hér á eftir eru gerðar athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirritaðri.

Í fjölmörgum atriðum er ósamræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsing á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaaðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínan verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðarlínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu **jarðstrengs** til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínu í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu.

**Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.**

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á **samfélag** verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en **umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti**. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um **efnistökustaði** og gerð verði grein fyrir því **magni** sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuastaði og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um **óveður** á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í óaðgengilega skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Hér er því bent á misræmi við matslýsingu enda á frummatsskýrslu samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem **sjálfstætt rit**.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu **ósnortinna víðerna** eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd en það er ekki gert.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um **umferð** á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang **starfsmannaáðstöðu** en það er ekki gert.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir **útfærslu slóða** í frummatsskýrslu en það er ekki gert. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbýggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á **möstrum** í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.) en ekki sagt hvaða möstur verða hvar.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu **efnisflutningaleiðum** í frummatsskýrslu né heldur **umfangi aukinnar umferðar**.

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir **efnistökustöðum** og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi. Bent er á að vaninn er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggi frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

---

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efríbyggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efríbyggðarleið benda á að svo er ekki. Þörf stóriðju fyrir raforku geti ekki talist til almannaþarfar heldur miklu frekar sérþarfir þess atvinnureksturs. Eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Nýlagning Blöndulínu 3 er eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar- og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?

Athugasemdir við frummatsskýrslu.

### Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efribygðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntímann í framtíðinni einhvers staðar á Íslandi eins og gefið er til kynna í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að t.d. áform um Efribygðarleið ganga eftir.

### Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum** til **verulega jákvæðra**.” Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði**, **nokkuð jákvæð** og **verulaga jákvæð** yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskylt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

### Raffræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennuöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfénað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang

Þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

#### **Tilgangur**

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu byggðalínuhringsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á norðurlandi vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhvers staðar einhverntímann. Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlögn Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

#### **Rannsóknir**

Gerð er athugsemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efrabyggð án þess að hafa samband við ábúendur á svæðinu til að fá upplýsingar frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

#### **Valkostir**

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

#### **Kynning og samráð**

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr áliti hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnlustigi“. T.d. kemur hvergi fram að allir ábúendur á Efrabyggð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkið, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efrabyggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

#### **Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.**

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efrabyggðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

#### **Landsnet**

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efrabyggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

#### **Slóðar**

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagnar á 107 km langri línu. Gerð er athugsemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um

áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er ósættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungis sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjallendi og óbyggðir en slíkt á að sjálfsögðu ekki við þegar leggja þarf yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það veganet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

#### **Dúkar**

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.“ Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og möl keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

#### **Plön og útskot**

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

#### **Slóðar með línu**

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð.

#### **Námur**

Gerð er athugasemd við að ekki liggja fyrir hvaða námur eigi að nýta við slóðagerð auk þess sem efnismagn og efnistökuáætlun liggja ekki fyrir. Ekki liggur heldur fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur.

#### **Slóðar og umhverfi**

Í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur. Bent er á að slíkir vegir eru skipulagsskyldir.

#### **Girðingar**

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

#### **Skipulag**

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í áliti hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunaðila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi

Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagaupprætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúa hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

#### **Stefnumótun stjórnvalda**

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

#### **Áróðurskennd umfjöllun**

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möglegum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng?

#### **Jarðrask vegna jarðstrengja**

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.” Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

#### **Sjónræn áhrif**

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

## **Mat á umhverfisáhrifum**

### **Landslag**

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

### **Ásýnd**

#### **Mat á áhrifum**

Í frummatsskýrslu er sagt um Efribyggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert **neikvæðum** áhrifum einstaka bæi á Efribyggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efribyggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni þar sem Álfgeirsvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá eru í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

#### **Sýnileikakort**

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljómyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti.

#### **Sýnileiki og Mælifellshnjúkur**

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði.

#### **Efribyggðaleið**

Í umsögn um Efribyggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribyggðaleið muni línan ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línan frá öllum bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línan muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efribyggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna.

#### **Hæð mastra**

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra. Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

#### **Mótvægisáðgerðir**

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Einn megintilgangur umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

#### **Vatnafar**

##### **Vatnsvernd**

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efribyggðaleið. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifsvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og áðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

#### **Gróðurfar**

##### **Áhrif á gróður**

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á válistategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð "staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri". Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögn á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif** á gróður.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efribyggð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

##### **Votlendi**

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efribyggðarleið ... þekur votlendi 45% af

flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnnum á landbúnaðarjörðum.

#### **Zink**

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áðurnefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

#### **Ferðapjónusta og útivist**

##### **Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats**

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðapjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet<sup>1</sup>. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðapjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðapjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

##### **Reiðleiðir**

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efribyggðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séru í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar.** Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

#### **Landnotkun**

##### **Áhrif á landnotkun**

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- of rekstrartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðapjónustu og útivist.

##### **Slóðar**

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með

<sup>1</sup> Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðapjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.



landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

### **Byggð**

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifsvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og hávaði

### **Áhrif á búpening**

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.” Fjöldi rannsókna bendir til að nálægð við háspennulínur geti valdið alvarlegum sjúkdómum og heilsuleysi. Gerð er athugasemd við að ekki er rætt um þetta atriði í frummatsskýrslunni.

Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheidi.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþján getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru vegna ásýndar, ferðapjónustu og útivistar. Ekki eru lagðar til neinar mótvægisáðgerðir vegna þessa sem er óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllt

*Rakel Heiðmarsdóttir*

140872-3429

# Blöndulína 3 (220 kV)

## Mat á umhverfisáhrifum.

### Athugasemdir vegna frummatsskýrslu

Dagsetning: 1.maí 2012

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum, sem eru landeigendur að Hvíteyrum í Skagafirði og umráðamenn Háubrekku í Skagafirði.

Í fjölmörgum atriðum er ósamræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaaðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínun verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðalínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaáðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínu í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu.

**Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaáðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaáðila er skýrð.**

Í skýrslu Jóns Bergmundssonar rafmagnsverkfræðings og Kjartans Gíslasonar rafmagnstækni-fræðings hjá Eflu- verkfræðistofu, segir eftirfarandi um jarðvegsaðstæður á línuleiðum:

„Auðveldustu aðstæðurnar eru þar sem um er að ræða auðgræfan jarðveg og einfaldan frágang á yfirborði, t.d. sáningu. Dýrast er þar sem fleyga þarf strengleið í gegnum klöpp og hraun. Þá þarf stundum að bora í gegnum kletta eða hæðir og undir árfarvegi. Þá getur kostnaður verið mikill í þéttbýli þar sem grafa þarf upp götur og gangstéttir.“ (bls. 14.)

Af þessu er ljóst að jarðvegsaðstæður geta haft mikil áhrif á kostnað við strenglagningu. Því er varasamt að taka bókstaflega viðmiðanir um einingarverð á km og nota við hvers kyns framkvæmdir af þessu tagi. (bls. 14) Heimild: Notkun jarðstrengja í flutningskerfum raforku – ódagsett en notaðar eru heimildir frá 2008, svo ætla má að skýrslan sé unnin á eftir það ár.  
<http://www.landsnet.is/uploads/1069.pdf>

Með vísan í tilvitnun þessa úr skýrslunni vilja undirrituð ítreka athugasemd sína við að jarðstengur sé ekki metinn sem valkostur, út frá jarðvegsaðstæðum á áætlaðri línuleið, líkt og kemur fram í matslýsingu að muni verða gert.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á **samfélag** verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en **umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti**. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um **efnistökustaði** og gerð verði grein fyrir því **magni** sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuastaði og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um **óveður** á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í óaðgengilega skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Hér er því bent á misræmi við matslýsingu enda á frummatsskýrslu samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem sjálfstætt rit.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu **ósnortinna víðerna** eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd en það er ekki gert.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um **umferð** á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang **starfsmannaaðstöðu en það er ekki gert**.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir **útfærslu slóða** í frummatsskýrslu en það er ekki gert. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á **möstrum** í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.) en ekki sagt hvaða möstur verða hvar.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu **efnisflutningaleiðum** í frummatsskýrslu né heldur **umfangi aukinnar umferðar**.

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir **efnistökustöðum** og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggi frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir

tvöföldun Suðurlandsvegur) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

---

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efribyggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efribyggðarleið benda á að svo er ekki. Þörf stóriðju fyrir raforku geti ekki talist til almannaþarfar heldur miklu frekar sérþarfir þess atvinnureksturs. Eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vítað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Nýlagning Blöndulínu 3 er eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.“

Astæða er til að velja upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar- og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hversu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?

Athugasemdir við frummatsskýrslu.

### Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efribyggðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhvern tíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Í áður nefndri skýrslu frá Eflu verkfræðistofu segir á bls. 11 að „Reynsla liðinna ára og áratuga hefur sýnt að með bættri framleiðslutækni og meiri reynslu í framleiðslu háspennustrengja lækkar verð þeirra og verður samkeppnis -hæfara við háspennulínur.“ Undirrituð vilja því hvetja til þess að áform um lagningu Blöndulínu 3 verði lögð til hliðar, þar sem fyrir liggur skv. frummatsskýrslu að hún verður hvort sem er rekin á hálfum afköstum um óákveðin tíma. Kröftum framkvæmdaraðila

og þeirra verkfræðistofa sem koma að undirbúningi og hönnun línunnar, mætti á meðan beina að því þarfa verkefni að finna lausnir hvað varðar að stytta viðgerðatíma jarðstrengja, sem er skv. frummatsskýrslu talinn einn helsti ókostur strenglagnar.

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að t.d. áform um Efrbyggðarleidd ganga eftir.

#### **Inngangur, samantekt.**

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra.**“ Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulega jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!**

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskytt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhvern tímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

#### **Raffræðilegar hönnunarforsendur.**

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfénað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

#### **Tilgangur**

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu byggðalínuringsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhvern tíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað er réttlætanlegt að kosta miklu til til að byggja upp mikið flutningskerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma, þegar dæmi eru um að aðstæður innan lóðar hjá stórnotendum geta einnig valdið spennufalli.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlögn Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

#### **Valkostir**

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að “...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.” Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umtjöllunar.

## Kynning og samráð

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr áliti hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efribýggð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkið, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efribýggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

### Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efribýggðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

### Landsnet

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efribýggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

### Slóðar

Blöndulína 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagningar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjalllendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsögð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það vegnet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulína 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

### Dúkar

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.” Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og mól keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

### Plön og útskot

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slíkt útskot verði á slóðum við BL3. Hér

er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

#### **Slóðar með línu**

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð.

#### **Námur**

Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggi ekki fyrir. Ekki liggi fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

#### **Girðingar**

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

#### **Skipulag**

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í álitni hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunaðila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagauppdrætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

#### **Stefnumótun stjórnvalda**

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

#### **Áróðurskennd umfjöllun**

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu.

#### **Jarðrask vegna jarðstrengja**

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.“ Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Birt er mynd af lagningu 400kV strengs, en jafnframt kemur fram að jarðrask aukist með aukinni flutningsgetu og því ljóst að myndbirtingin er í algeru ósamræmi við hugsanlegt rask sem hlýst af lagningu jarðstrengs með minni flutningsgetu en 400kV. Þá kemur

ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

#### **Sjónræn áhrif**

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

## **Mat á umhverfisáhrifum**

### **Landslag**

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

### **Ásýnd**

#### **Mat á áhrifum**

Í frummatsskýrslu er sagt um Efribbyggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert **neikvæðum** áhrifum einstaka bæi á Efribbyggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Alfgeirsvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

#### **Sýnileikakort**

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljósmyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti.

#### **Sýnileiki og Mælifellshnjúkur**

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði, sem er eitt af helstu kennileitum í Skagafirði og rómaður fyrir fagurt útsýni.

#### **Efribbyggðaleið**

Í umsögn um Efribbyggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribbyggðaleið muni línan ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línan frá **öllum** bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línan muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efribbyggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna.

#### **Hæð mastra**

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra. Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

#### **Mótvægisáðgerðir**

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.



## Vatnafar

### Vatnsvernd

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efrbyggðaleið. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifsvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og aðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

### Ferðapjónusta og útivist

#### Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu úr sérfræðiskýrslu um ferðapjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet<sup>1</sup>. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðapjónustu sem stunduð er á áhrifsvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls. 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðapjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

#### Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efrbyggðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séu í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar.** Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

## Landnotkun

### Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- of rekstartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðapjónustu og útivist.

### Slóðar

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhónnun fyrir framkvæmdina.

### Byggð

<sup>1</sup> Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðapjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifsvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og hávaði

#### Ahrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.” Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheidi.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþján getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásynnd, ferðaþjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllst

Þórir Þjórnvaldur 300841-3689

Blöndulína 3 (220 kV)  
Mat á umhverfisáhrifum.  
Athugasemdir vegna frummatsskýrslu

20/11/2007

Dagsetning: 1. maí 2012

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum.

Í fjölmörgum atriðum er ósamræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaástöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínan verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðarlínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdir vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínur í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu.

**Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.**

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á samfélag verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en **umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti**. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um **efnistökustaði** og gerð verði grein fyrir því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuastaði og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um **óveður** á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í óaðgengilega skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Hér er því bent á misræmi við

matslýsingu enda á frummatsskýrsla samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem sjálfstætt rit.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu ósnortinna víðerna eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd en það er ekki gert.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um umferð á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang starfsmannaáðstöðu en það er ekki gert.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir útfærslu slóða í frummatsskýrslu en það er ekki gert. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á möstrum í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.) en ekki sagt hvaða möstur verða hvar.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu efnisflutningaleiðum í frummatsskýrslu né heldur umfangi aukinnar umferðar.

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir efnistöðustöðum og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

---

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efrbyggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efrbyggðarleið benda á að svo er ekki. Þörf stóriðju fyrir raforku geti ekki talist til almannaþarfar heldur miklu frekar sérþarfir þess atvinnureksturs. Eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmum þegar þar að kemur. Nýlagning Blöndulínu 3 er eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velja upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?

Athugasemdir við frummatsskýrslu.

### Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efribygðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að t.d. áform um Efribygðarleið ganga eftir.

#### Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra.**“ Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulaga jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!**

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskylt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

#### Raffræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfénað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

#### Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að

auka flutningsgetu byggðalínuhringsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlagn Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

#### **Rannsóknir**

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efribygð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

#### **Valkostir**

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

#### **Kynning og samráð**

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr áliti hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efribygð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkið, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efribygðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

#### **Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.**

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efribygðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

#### **Landsnet**

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efribygð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

#### **Slóðar**

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagnar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um

slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjallendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsgöð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það vegnet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

#### **Dúkar**

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.” Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og möl keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

#### **Plön og útskot**

EKKI er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

#### **Slóðar með línu**

EKKI er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð.

#### **Námur**

Gerð er athugasemd við að ekki liggja fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggja ekki fyrir. EKKI liggja fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

#### **Slóðar og umhverfi**

Í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur. Slíkir vegir eru skipulagsskyldir en fyrirhugaðair slóðar eru ekki í

#### **Girðingar**

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. EKKI er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

#### **Skipulag**

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í áliti hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunaaðila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagauppdrætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

#### **Stefnumótun stjórnvalda**

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

#### **Áróðurskennd umfjöllun**

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möglegum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

#### **Jarðrask vegna jarðstrengja**

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.“ Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

#### **Sjónræn áhrif**

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

## **Mat á umhverfisáhrifum**

### **Landslag**

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

### **Ásýnd**

#### **Mat á áhrifum**

Í frummatsskýrslu er sagt um Efrabyggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert **neikvæðum** áhrifum einstaka bæi á Efrabyggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlið.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgesvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.



Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

#### **Sýnileikakort**

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljómyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti.

#### **Sýnileiki og Mælifellshnjúkur**

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði.

#### **Efribyggðaleið**

Í umsögn um Efribyggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribyggðaleið muni línan ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línun frá öllum bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línun muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efribyggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna.

#### **Hæð mastra**

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra. Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

#### **Mótvægisáðgerðir**

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

#### **Vatnafar**

##### **Vatnsvernd**

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efribyggðaleið. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og aðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

#### **Gróðurfar**

##### **Áhrif á gróður**

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á válistategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð "staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri". Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundin en svo að um er að ræða nýlögn á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif á gróður**.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efribyggð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

##### **Votlendi**

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá

Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efribýggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnnum á landbúnaðarjörðum.

### Sínk

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áðurnefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

### Ferðapjónusta og útivist

#### Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðapjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet<sup>1</sup>. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðapjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðapjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

#### Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efribýggðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séru í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar.** Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

### Landnotkun

#### Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- of rekstartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðapjónustu og útivist.

#### Slóðar

<sup>1</sup> Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðapjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

#### **Byggð**

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifasvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og hávaði

#### **Áhrif á búpening**

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.“ Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

Heildaráhrif og niðurstaða


Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheiði.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþjón getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásynd, ferðaþjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllt

  
010449-2279

Svalbarðsströnd 27. apríl 2012

Blöndulína 3 (220 kV)  
Mat á umhverfisáhrifum.  
Athugasemdir vegna frummatsskýrslu

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum.

Ég er alinn upp í Lýtingsstaðahreppi hinum forna á ofanverðri síðustu öld og tel mér skylt að koma að athugasemdum mínum við ofangreinda framkvæmd til skila. Að hluta þjó ég á Mælifellsá, hvar móðir mín býr, og þekki því hluta ætlaðrar línuleiðarinnar vel.

Í fjölmörgum atriðum er ósamræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaaðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínun verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðarlínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu **jarðstrengs** til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínur í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu.

**Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.**

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á **samfélag** verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en **umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti**. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um **efnistökustaði** og gerð verði grein fyrir því **magni** sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuastaði og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um **óveður** á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í óaðgengilega skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Hér er því bent á misræmi við matslýsingu enda á frummatsskýrsla samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem **sjálfstætt rit**.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu **ósnortinna víðerna** eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd en það er ekki gert.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um **umferð** á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang **starfsmannaaðstöðu en það er ekki gert**.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir **útfærslu slóða** í frummatsskýrslu en það er ekki gert. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á **möstrum** í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.) en ekki sagt hvaða möstur verða hvar.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu **efnisflutningaleiðum** í frummatsskýrslu né heldur **umfangi aukinnar umferðar**.

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir **efnistökustöðum** og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

---

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efríbyggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efríbyggðarleið benda á að svo er ekki. Þörf stóriðju fyrir raforku geti ekki talist til almannaþarfar heldur miklu frekar sérþarfir þess atvinnureksturs. Eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Nýlagning Blöndulínu 3 er eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að setta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?

## Athugasemdir við frummatsskýrslu.

### **Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu**

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efribygðarleid hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærra framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að t.d. áform um Efribygðarleid ganga eftir.

### **Inngangur, samantekt.**

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra**.” Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulaga jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!**

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskilyrt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

### **Raffræðilegar hönnunarforsendur.**

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfénað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

### **Tilgangur**

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu byggðalínuhingsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef

ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlagn Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

### **Valkostir**

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

### **Kynning og samráð**

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr áliti hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efribyggd hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkið, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efribyggdaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

### **Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.**

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efribyggdaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

### **Landsnet**

Spurt er hvornig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efribyggd hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

### **Slóðar**

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagnar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjalllendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsögð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það vegnet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en

ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

#### **Dúkar**

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.” Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og mól keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

#### **Plön og útskot**

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

#### **Slóðar með línu**

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð.

#### **Námur**

Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggi ekki fyrir. Ekki liggi fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

#### **Slóðar og umhverfi**

Í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur. Slíkir vegir eru skipulagsskyldir en fyrirhugaðair slóðar eru ekki í

#### **Girðingar**

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttáð t.d. á girðingum.

#### **Skipulag**

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í álitni hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunaðila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagaupprætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

#### **Samanburður og jarðstreng og loftlínu.**

##### **Stefnumótun stjórnvalda**

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.



### Áróðurskennd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

### Jarðrask vegna jarðstrengja

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.“ Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

### Sjónræn áhrif

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

## Mat á umhverfisáhrifum

### Ásýnd

#### Mat á áhrifum

Í frummatsskýrslu er sagt um Efribygðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert **neikvæðum** áhrifum einstaka bæi á Efribygðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrimsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgaersvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

#### Sýnileikakort

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljósmyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti.

#### Sýnileiki og Mælifellshnjúkur

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði.

#### Efribygðdaleið

Í umsögn um Efribygðdaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribygðdaleið muni línan ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línan frá **öllum** bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línan muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efribygð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna.

#### Hæð mastra

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra. Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

## Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

## Vatnafar

### Vatnsvernd

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efribyggðaleið. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðisefirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og aðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

## Gróðurfur

### Áhrif á gróður

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vástategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð “staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri”. Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögna á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif** á gróður.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efribyggð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

Athugasemd er gerð við að ekki var gerð könnun á hvort framkvæmdin hafi áhrif á tegundir mosa eða fléttna sem eru á vástalista sbr. Vástalista 1 (Náttúrufræðistofnun 1996). Líkt og kemur fram í skýrslu Náttúrufræðistofnunar (NÍ-09018) á bls 38 og vísað er til í Frummatsskýrslunni á bls. 77 þá eru fyrirbyggjandi gögn ófullnægjandi hvað varðar útbreiðslu og tegundafjölbreytni mosa og fléttna á svæðinu. Það að þekja moslendis sé á bilinu 1%-11% segir ekkert um tegundafjölbreytnina eða líkurnar á að finna tegundir á vástalista. Einnig er rétt að benda á að síðan Vástalisti 1 var gefin út árið 1996 hafa tvær skýrslur verið gerðar á vegum Náttúrufræðistofnunar þar sem koma fram tillögur stofnunarinnar um hvaða tegundir beri að vernda og eigi að lista upp í Náttúruverndaráætlun (NÍ-02016 og NÍ-08008) og þó svo að breytingar á hvaða háplöntutegundir eru taldar verndar þurfi séu ekki miklar þá er allmiklar breytingar á hvaða fléttutegundir séu í þörf fyrir vernd. Nokkrar af þeim fléttutegundum eru fundnar í gljúfri Héraðsvatna og Jökulsánnu beggja og fundust þar þegar unnið var að rannsókn á gróðurfari á áhrifasvæði áætlaðrar Villinganesvirkjunar (NÍ-01011). Því tel ég nauðsynlegt að möguleg áhrif framkvæmdarinnar á tegundir sem eru á lista yfir tegundir sem taldar eru verndarþurfi í Náttúruverndaráætlun 2009-2014 (sbr. þskj. 239 – 192. mál sem lagt var fyrir 136. löggjafarþingið 2008-2009).

### Votlendi

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina lítið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efribyggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnum á landbúnaðarjörðum. Sérstaklega vil ég benda á að votlendi hefur rýrnað umtalsvert og er því lítt snortið votlendi mun sjaldgæfara nú en áður en skurðgröftur hófst. Því er gildi votlendis þess sem raska á ofan Efribyggðar mikið og blasir við að slóðagerð er öll mun umfangsmeiri á votlendi en þurrlendi og því enn meiri umhverfisáhrif af Efribyggðarleið en gefið er í skyn með samanburði á lengd slóða og efnisþörf í töflu 2.12 á bls. 31 í Frummatsskýrslunni.

## Sínk

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áður nefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

## Ferðaþjónusta og útivist

### Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet<sup>1</sup>. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðaþjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðaþjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

## Landnotkun

### Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- of rekstartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist.

### Slóðar

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

### Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifasvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum.

## Raf- og segulsvið og hávaði

### Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.“ Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

<sup>1</sup> Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulína 3 – á ferðaþjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

## Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheidi.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþján getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásýnd, ferðaþjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllt



Starri Heiðmarsson

Sólheimum 9

Svalbarðsstrandarhreppi

**Blöndulína 3 (220 kV)**  
**Mat á umhverfisáhrifum - Athugasemdir vegna frummatsskýrslu**  
Dagsetning: 1. maí 2012

## 1 Inngangur

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Athugasemdirnar eru settar fram í inngangi sem tekur almennt á viðfangsefninu auk þriggja tölusettra kafla þar sem farið er með beinskeyttari hætti í frummatsskýrsluna sjálfa.

Fyrst skal það tekið fram að undirritaður skilur ekki þá þörf sem lögð er til grundvallar lagningu Blöndulínu 3 á 220kV spennu, enda ekki ætlunin að reka línuna nema á 132kV spennu um fyrséðá framtíð. Þá er jafnframt erfitt að sjá að um almannahagsmuni sé að ræða, enda ljóst frá spám orkuspárnefndar að þörf fyrir svo mikinn flutning raforku er ekki almennings. Sé þörfin fyrir lagningu línunnar uppbygging atvinnu og þá sér í lagi stóriðju, leggur undirritaður ríka áherslu á að fleiri þættir en mat á umhverfisáhrifum verði hafðir til grundvallar við ákvarðanatöku um framkvæmdina.

Við mat á skynsemi framkvæmdar sem Blöndulínu 3, er nauðsynlegt að veða og meta heildaráhrif en ekki einungis áhrif á þröngu sviði atvinnulífins. Uppbyggingu einnar atvinnugreinar (orkufrekrar stóriðju í þessu tilfalli) er nauðsynlegt að meta í samhengi við áhrif uppbyggingarinnar á aðrar atvinnugreinar. Í því sambandi vill undirritaður sér í lagi benda á ferðapjónustu og matvælaframleiðslu, sem gegna síst minna hlutverki í þjóðhagslegu tilliti en stóriðju.

Það er erfitt að meta með óyggjandi hætti hvaða áhrif Blöndulína 3 hefur á matvælaframleiðslu. Ljóst má þó vera að þegar kemur að ímyndarsköpun matvælaframleiðanda eru áhrifin neikvæð, enda er við ímyndarsköpun þeirra leitast við að tengja framleiðsluna við óspillta náttúru og hreinleika en ekki við iðnvæðingu og spillingu þess lands þar sem hráefna framleiðslunnar er aflað. Ímyndarsköpun skiptir í dag mjög miklu máli við markaðssetningu matvæla. Íslenskir matvælaframleiðendur hafa orðið áþreifanlega varir við þetta sl. mísæri, til dæmis í tengslum við umræðu um iðnaðarsalt og kadmíum í áburði en ekki síður í formi aukinnar þarf fyrir umhverfissvottun íslenskra sjávarafurða. Afar nærtækt dæmi um slíkt er nýleg ákvörðun Icelandic Group um að afla framleiðsluvörum fyrirtækisins MSC vottunar og þróun Iceland Responsible Fisheries.

Staða ferðapjónustu er að öllum líkindum sambærileg, í öllu falli má ljóst vera að ímynd Íslands sem „náttúruperla“ hlýtur að hafa áhrif á markaðssetningu landsins til ferðamanna sem „náttúruperlu“. Það getur vart talist líklegt til árangurs í slíkri markaðssetningu að tjalda til iðnaðarmannvirkjum á borð við háspennulínur. Í þessu sambandi er bent á skýrslu dr. Gunnþóru Ólafsdóttur sem unnin var vegna Blöndulínu 3 (bls. 107): „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðapjónustunni og útvistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést, fyrst og fremst vegna þess að hún gerir það svæði „ónáttúrulegt“, brýtur niður náttúrustemninguna, beinir athyglinni að „skemmdinni“ og minnir á iðnað/stóriðju“.

Fjöldmörg atriði önnur mætti telja upp, en það verður látið ógert að sinni. Þó skal bent á, í ljósi villandi umræðu um kostnaðarauka af loftlínu í samanburði við jarðstrengslögn, að við verðmyndun raforkusölu vegur flutningur orkunnar mun minna en salan á orkunni sjálfri. Þar sem heildarverð raforkunnar er það sem hefur áhrif á efnahag notenda er að mati undirritaðs nauðsynlegt að skoða hversu mikil heildaráhrif til hækkunar raforku það hefði yrði Blöndulína 3 lögð sem jarðstrengur í stað loftlínu og bera þann mögulega kostnaðarauka saman við mögulegan ávinning af jarðstrengslögn í stað loftlínu, svo sem á starfsumhverfi matvælaframleiðslu og ferðapjónustu.

## 2 Ósamræmi við matsáætlun

Hér á eftir eru tilgreind fjölmörg atriði þar sem misræmi er milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaaðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínan verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðalínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets, nú er ekki lengur um að ræða endurnýjun byggðalínunnar heldur nýlagning í gegn um Skagafjörð til að flytja rafmagn milli framleiðenda og notenda fjarri Skagafirði.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu **jarðstrengs** til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínu í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu. Þrátt fyrir ofangreind svör framkvæmdaaðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar er sá **valkostur að leggja jarðstreng ekki borinn saman við þann valkost að leggja línuna sem loftlínu**. Framkvæmdaaðili ber fyrir sig að um misskilning sé að ræða. Hér er bent á að ég og fleiri sem gerðum athugasemdir við tillögu að matslýsingu skildum svör framkvæmdaaðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar sem svo að jarðstrengir yrðu teknir til mats sem valkostir. Í svari framkvæmdaaðila er enda talað um að nauðsynlegt sé að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs og þar sem um er að ræða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda þá þótti ljóst að jarðstrengur yrði tekin til mats sem valkostur.

Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á **samfélag** verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en **umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti**. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um **efnistökustaði** og gerð verði grein fyrir því **magni** sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuastaði og mögulegu efni sem er hægt að

vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um **óveður** á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Skýrsla Veðurstofunnar er ekki aðgengileg með kynningargögnum frummatsskýrslunnar og því ekki hægt að segja að nánar sé fjallað um óveður á línuleiðinni í frummatsskýrslu. Hér er því bent á misræmi við matslýsingu enda á frummatsskýrsla samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem **sjálfstætt rit**.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu **ósnortinna víðerna** eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Þetta er ekki gert heldur sagt að greining á ósnortnum víðernum hafi leitt í ljós að skerðing ósnortinna víðerna verði lítil sem engin af völdum fyrirhugaðra framkvæmda (bls. 60). Því séu ósnortin víðerni ekki tekin inn í gildismat fyrir landslagsheildir. Hér er bent á ósamræmi milli matslýsingar sem segir að kort verði gerð sem sýni ósnortin víðerni og þeirrar umfjöllunar sem er í frummatsskýrslu. Lesandi getur ekki út frá þessu gert sér grein fyrir hvort skerðing ósnortinna víðernar verði lítil sem engin, né heldur hvar þessi skerðing verði.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um **umferð** á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um umferð og er hér bent á þetta ósamræmi við matslýsingu.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang **starfsmannaáðstöðu**. Í matsskýrslu er hins vegar sagt að mögulegar staðsetningar vinnubúða verði ákveðnar síðar. Þarna er misræmi á milli fyrirheita í matsáætlun og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir **útfærslu slóða** í frummatsskýrslu en það er ekki gert umfram þá umfjöllun að slóðar verði 4,5 m og 150km að lengd. Óskað er skýringa á því hvers vegna ekki er gerð nánari grein fyrir slóðagerð en sem nemur almennri umfjöllun á sem nemur einni A4 bls. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á **möstrum** í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.). Þar eru einnig sýnd hugsanleg snjóflóðamöstur og ekki gerð frekari grein fyrir þeim, hæð þeirra eða virkni. Þar er því ekki verið að gera grein fyrir niðurstöðum um val á möstrum og er óskað eftir skýringum á því ósamræmi við matslýsingu.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu efnisflutningaleiðum í frummatsskýrslu né heldur umfangi aukinnar umferðar.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um á „hvaða hátt fyrirhugaðar framkvæmdir geta haft áhrif á landslag og sjónræna þætti og hugsanlegar mótvægisáðgerðir“. Hér er bent á að ekki er fjallað um

neinar mótvægisáðgerðir fyrir sjónræn áhrif af línulögninni þrátt fyrir að greind séu nokkuð neikvæð til talsvert neikvæð umhverfisáhrif á ásjón (bls 129).

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3. Dæmi eru um að svæði innan Norðurlandsskóga séu innan áhrifasvæðis línunnar t.d. í innan 1km fjarlægðar frá línunni þar sem sjónræn áhrif eru umtalsverð t.d. í landi Mælifellsár.

Á nokkrum stöðum eru ekki sýndir slóðar með fram línunni og er ekki gerð grein fyrir hvernig framkvæmdaraðili hyggst komast að línunni á þeim svæðum.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir efnistöðustöðum og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi verið ef svo er, hvers vegna enn er óvissa um slóðagerð, staðsetningu mastra og nothæfa efnistöðustaði ef svo sé, eins og fram kemur í frummatsskýrslu. Þá er hér einnig spurt hvort að verkhönnun hafi verið unnin fyrir báða kostina, Héraðsvatnaleið og Efribygðarleið. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegar) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

### **3 Athugasemd um lagningu línu um einkalönd.**

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efribygðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efribygðarleið benda á að svo er ekki.

Línunni er skv. lýsingu ætlað að liggja í gegn um Skagafjörð án allra tenginga við dreifikerfið sem þjónar almenningi. Eða eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Þrátt fyrir tilkomu Blöndulínu 3 verði Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 nauðsynlegir hlekkir í raforkukerfinu“. Tilgangur og markmið lagningar línunnar er að styrkja meginflutningskerfi raforku og gera kerfinu kleift að mæta umtalsverðri aukningu orkunotkunar (bls 1). Slík umtalsverð aukning getur bara orðið vegna stóriðjuframkvæmda eins og dæmi er tekið um í matslýsingunni um stækkun Becromal á Akureyri. Því er nýlagning Blöndulínu 3 eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera?



## 4 Athugasemdir við frummatsskýrslu.

### Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Í frummatsskýrslu er sagt að jarðrask tengt jarðstrengjalögn dragi úr umhverfislegum ávinningi. Hér er bent á að það ver að sjálfsögðu eftir aðstæðum. T.d. getur lítið borið á raski vegna lagningar jarðstrengs ef hann er lagður í vegköntum og vel getur gengið að græða upp land ef strengur er lagður í grónu landi. Hér er bent á að sá valkostur að leggja jarðstreng hefur ekki verið metinn og því ekki hægt að fullyrða neitt um aðstæður fyrir lagningu hans í tilfalli Blöndulínu 3. T.d. hefur ekki verið sýnt fram að slóðagerð vegna jarðstrengs þurfi endilega að vera lengri því þrátt fyrir að leggja eigi 107 km loftlínu þá stendur til að leggja 155 km af slóðum hennar vegna, þar af 105 km af nýjum slóðum. Þá er hér bent á að sjónræn áhrif af loftlínu vara allan líftíma línunnar á meðan sjónræn áhrif jarðstrengs geta verið lítil ef vel tekst upp við frágang og uppgræðslu þar sem það á við.

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efríbyggðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Vakin er athygli á því að í umfjöllun um kosti bls. 36 er greint frá því að endurnýja þurfi núverandi 132 kV tengingu Blöndulínu 2 „með einhverjum hætti innan fárra áratuga en óljóst er með hvaða hætti það verður gert“. Er þetta nefnt í því sambandi að þetta séu gild rök fyrir því að Blöndulína 3 fylgi ekki núverandi línuleið. Hér er hins vegar spurt hvort að ætlunin sé að endurnýja Blöndulínu 2 innan fárra áratuga og auka þar með umfang hennar og eftir það liggja t.d. um Skagafjörð tvær línuleiðir með tilheyrandi áhrifum á sýnileika? Hér er einnig spurt hvort að ekki sé mögulegt að endurnýja Blöndulínu 2 nú og auka flutningsgetu hennar í núverandi línustæði og seinka á móti nýlagningu Blöndulínu 3 um nokkra áratugi?

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að áform um Efribýggðarleið ganga eftir.

## Almennt

### Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstrartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra.**” Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulega jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!** Umfjöllunin er úr inngangskafli 1.5.3 *Hugsanleg áhrif* en umhverfismatið og þeir þættir sem þar eru skoðaðir eru til umfjöllunar í kafla 6.

um að hugsanlega og mögulega og kannski verði allir hlutir jákvæðir ef þetta eða hitt gerist! Gerð er alvarleg athugasemd við alla umfjöllun í kafla 1.5.3 *Hugsanleg áhrif*. Öll umfjöllun þar er sett fram án þess að hægt sé að vísa í heimildir og sem dæmi má efa það stórlega að fjölgun starfa geti talist umhverfisáhrif í skilningi laga um umhverfismat framkvæmda.

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskilyrt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

Á móti má líka velta fyrir sér hver áhrif línunnar verði á atvinnurekstur á línuleiðinni, t.d. á uppbyggingu ferðaþjónustu, eflingu landbúnaðar og lífræns búskapar.

### Rafræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfenað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

### Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu byggðalínuringsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þægjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlögn Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjárrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

### Rannsóknir

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efribyggd án samráðs við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

#### **Valkostir**

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að "...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því." Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

#### **Kynning og samráð**

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr áliti hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efribyggd hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkið, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar Skagafjarðar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efribyggdaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

#### **132 kV spenna/ 220 kV spenna**

Umfang Blöndulínu, mastrastærð og rök framkvæmdaraðila fyrir því að ekki sé hægt að leggja línuna sem jarðstreng byggja á því að línuna þurfi að byggja fyrir 220 kV spennu. Engu að síður kemur skýrt fram í gögnum framkvæmdaraðila að línan eigi að vera á 132 kV spennu þar til spennan verður hækkuð „síðar meir“. Gerð er athugasemd við að áformuð sé umfangsmeiri framkvæmd heldur en þörf er á með vísun í óljósar fyrirætlanir um að síðar meir þurfi að hækka spennu vegna einhvers sem mögulega gerist einhverntíman einhversstaðar. Óskað er eftir því að þetta verði skýrt og vísað í þarfagreiningu sem skýrir umfang framkvæmdar auk þess að tengja umfjöllunina við rammaáætlun um nýtingu vatns og jarðvarma og áform um uppbyggingu stóriðju.

Með því að leggja Blöndulínu 3 með lægri spennu væri ódýrara að leggja línuna sem jarðstreng og þar með draga úr neikvæðum áhrifum, t.a.m. á ásynd. Línulögn með fram þjóðvegi myndi einnig draga úr raski.

Í þessu samhengi er bent á að í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun stendur: „Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu og að fram komi upplýsingar m.a. um hversu lengi áætlað sé að línan verði rekin á 132 kV spennu.“ Gerð er athugasemd við að ekki sé orðið við óskum Skipulagsstofnunar um að gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu og að ekki koma fram upplýsingar um hversu lengi línan verður rekin á 132 kV spennu.

#### **Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.**

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru í besta falli ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt

ástæða til að Efribyggðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

#### Landsnet

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efribyggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

#### Slóðar

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagnar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Erfitt er að sjá hvar áformað er að gera slóða þar sem það er sýnt á myndum 2-6 í myndahefti. Þessi myndkort eru sett fram í mælikvarða þar sem nær ómögulegt er að sjá hvar leggja á slóða og hvar ekki. Til að mynda mætti lesa út úr þessum myndum að engar slóðir eigi að leggja þar sem línan fer um land Mælifellsár á Efribyggð en þeirri spurningu er þá um leið ósvarað hvernig komast eigi að línunni! Eins er oft erfitt að sjá hvar slóðir eigi að vera og hvar ekki með fram allri línuleiðinni.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrir en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjalllendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsögð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það vegnet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

#### Dúkar

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.”

Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og möl keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

Þá er farið fram á að gerð verði grein fyrir efnainnihaldi dúka og sýnt fram á að lífríki og vatnsbólum stafi ekki hættu af þrávirkum efnem sem kunnir að vera í dúkum.

#### Plön og útskot

EKKI er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

#### Lýsing valkosta

Á bls. 39 er Héraðsvatnaleið og Efribýggðarleið lýst og talað um að þær greinist frá Kolgröf en annars staðar er miðað við Kirkjuhól og er talað um að þar muni mögulegt tengivirki rísa. Nauðsynlegt er að skýra hver er skýringin á þessu ósamræmi.

#### **Myndasería bls. 32 – 35**

Gerð er athugasemd við tilgang þess að sýna myndir af dæmum um „almennar aðstæður þar sem fyrirhugað er að leggja slóðir á línuleiðinni“. Verulega óljóst er hvaða tilgangi þessi myndasería þjónar enda er ekki sýnt á myndunum hvar slóðir eigi að liggja þar sem myndirnar eru teknar, tilhögun þeirra eða annað sem skiptir í raun máli.

#### **Slóðar með línu**

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð. Hins vegar er mikið gert úr því að það sé ókostur við jarðstrengjalögn að þá þurfi að gera slóða með fram allri strenglögninni. Ekki er hægt að sjá í frummatsskýrslunni í hverju þessi munur liggur.

#### **Námur**

Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggi ekki fyrir. Ekki liggi fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

#### **Slóðar og umhverfi**

Stofnun Sæmunda fróða um sjálfbæra þróun vann fyrir Landsnet rannsókn þar sem sannprófað var mat á umhverfisáhrifum fyrir Sultartangalínu 3<sup>1</sup>. Í kynningarglærum á vef Skipulagsstofnunar úr erindi sem Guðmundur Ingi Guðbrandsson hélt má sjá myndir af Sultartangalínu og slóðum sem henni fylgja og á vef Landsnets má sjá ýmsar myndir af slóðgerð tengdri línulögnum. Af myndunum af dæma er umfang slóðagerðar oft talsvert en í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur.

#### **Girðingar**

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

#### **Núllkostur**

Í umfjöllun um núllkost er sagt að ef fallið sé frá lagningu Blöndulínu 3 verði erfitt að þjóna aukinni orkuþörf byggðar og atvinnulífs... í nánustu framtíð í þessum landshluta þar sem núverandi flutningskerfi er fulllestað. Gerð er athugasemd við að Blöndulína 3 sem eini möguleikinn til að auka flutningsgetu um héraðið. Þá er gerð athugasemd við að gerð Blöndulínu 3 sé sögð brýn fyrir þennan landshluta enda engin áform uppi þar sem knýja á um gerð Blöndulínu 3, svo sem glögglega má sjá af þeirri ætlan Landsnets að tengja ekki einusinni línuna í Skagafirði og að reka hana á mun lægri spennu en hún er byggð fyrir um fyrirsjáanlega framtíð.

#### **Skipulag**

Í kafla um skipulag er sagt að Blöndulína 3 sé í samræmi við stefnumörkun sveitarfélaganna á svæðinu sem mörkuð sé í gildandi aðalskipulagi eða skipulagstillögum. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur ekki verið staðfest og í þeirri tillögu sem til umfjöllunar er hefur skipulagi verið

<sup>1</sup> Sjá

[http://www.skipulagsstofnun.is/focal/webguard.nsf/Attachment/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur/\\$file/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur.pdf](http://www.skipulagsstofnun.is/focal/webguard.nsf/Attachment/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur/$file/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur.pdf)

frestað á þeirri leið sem tveir valkostir eru settir fram. Þar er því engin háspennulína inni á skipulagi og þarf að auglýsa breytingu á skipulagi til að setja hana inn. Æskilegt er að þetta komi fram. Fyrirliggjandi tillaga að Aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið Skagafjörð hefur ekki verið staðfest af ráðherra.

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í álitni hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunadila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagaupprætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

Minnt er á að í matsáætlun stendur: „Í frummatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri línuleiðinni eða að hluta til), kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínur.“ Er hér óskað eftir því að þessi samanburður verði gerður fyrir alla línuna eða hluta hennar, í stað þess að einungis sé fjallað almennt um jarðstrengi og loftlínur eins og gert er í kafla 3.3 í frummatsskýrslu.

#### **Stefnumótun stjórnvalda**

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012 og skal ráðherra flytja á Alþingi skýrslu um starf nefndarinnar fyrir 1. Október 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en /verði frestað þar til stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

#### **Athugasemd um heimildir**

Í kafla 3.3.2, mynd 3.4 í frummatsskýrslu er sýnd almenn skýringarmynd um framkvæmdakostnað vegna lagningu jarðstrengja og loftlína miðað við flutningsgetu og spennu. Bent er á að ekki er vísað til heimildar um hvaðan þessar tölur koma. Lesanda er því ekki gert ljóst við reynslu hvaða landa er miðað í þessum samanburði. Ekki er vísað til heimilda fyrir mynd 3.4 og þá mynd er ekki að finna í þeim heimildum sem getið er í heimildaskrá frummatsskýrslunnar. Er þetta byggt á innlendri reynslu eða reynslu erlendis frá og að hve miklu leyti er hægt að yfirfæra þá reynslu yfir lagningu Blöndulínu 3?

#### **Áróðurskennd umfjöllun**

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því

raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

#### **Jarðrask vegna jarðstrengja**

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.” Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

#### **Óljós tilgangur umfjöllunar um 400 kV strengi**

Í kaflanum um jarðstrengi er fjallað um 400 kV strengi en ekki er hægt að átta sig á hvers vegna það er gert í tengslum við framkvæmd þar sem nota á 220 kV strengi. Óljóst er hvers vegna valið er að fjalla um jarðstrengi eins og um sé að ræða fræðslufyrirlestur án tenginga við framkvæmdina sem um ræðir.

#### **Viðgerðartími jarðstrengja**

Mikið er gert úr því í umfjöllun um jarðstrengi að viðgerðartími jarðstrengja sé langur og vísað í erlenda reynslu frá Nýja Sjálandi þessu til stuðnings. Áhugavert væri að vita hver viðgerðartíminn á loftlínum er á Nýja Sjálandi því vera kann að viðgerðartími á loftlínum sé yfirhöfuð lengri á Nýja Sjálandi en á Íslandi af einhverjum ástæðum. Þá væri einnig áhugavert ef vísað væri í tölur um innlenda reynslu af jarðstrengjum. Engin önnur dæmi eru tekin um viðgerðartíma jarðstrengja en frá Nýja Sjálandi.

#### **Sjónræn áhrif**

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

#### **Helgunarsvæði**

Bent er á að helgunarsvæði háspennulínu sem loftlínu er 40-75m á meðan helgunarsvæði jarðstrengs yrði 10-12 m skv. uppl. úr frummatsskýrslu.

## **Mat á umhverfisáhrifum**

### **Landslag**

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

### **Ásýnd**

#### **Mat á áhrifum**

Í frummatsskýrslu er sagt um Efrabyggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert **neikvæðum** áhrifum einstaka bæi á Efrabyggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgeirsvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

#### Sýnileikakort

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljósmyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti. Slóðagerð mun hafa töluverð áhrif á sýnileika framkvæmdarinnar sem ekki er hægt að horfa fram hjá. Þá er gerð athugasemd við hversu mikill munur er á þeim landssvæðum og þeim skala sem þau eru sýnd á framangreindum myndkortum. Til að mynda má glöggt sjá á mynd 21 úr Öxnadal hversu áberandi línán mun verða í nærumhverfi sínu á meðan stærð landsvæðis og áhrif frá þeirri lofthæð sem ljósmyndin er tekin fyrir myndir 15 og 16 gerir það að verkum að línán sýnist lítilfjörleg.

#### Sýnileiki og Mælifellshnjúkur

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði sem er eitt af helstu kennileitum svæðisins og vinsæll staður til fjallgöngu.

#### Efribyggðaleið

Í umsögn um Efribyggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribyggðaleið muni línán ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línán frá öllum bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

#### Áhrif mastra á sýnileika

Þann 29. mars 2012 hélt Landsnet opinn kynningarfund um rekstrarumhverfi fyrirtækisins og framtíðarþróun raforkuflutningskerfisins<sup>2</sup>. Þar hélt Íris Baldursdóttir deildarstjóri kerfisstjórnar Landsnets erindi þar sem fjallað er um áherslur Landsnets um umhverfi og ásýnd. Á einni kynningarglærinni er fjallað um áherslur Landsnets um umhverfi og ásýnd:

Sérstök áhersla er lögð á að framkvæmdir við uppbyggingu og viðhald flutningsvirkja falli sem best að náttúrunni og valdi sem minnstum sjáanlegum og varanlegum áhrifum á náttúruna og umhverfið.

#### Athugun á nýjum mastragerðum

- Áhersla á minni sýnileika mastra sé þess kostur
- Samstarf við Státnett í Noregi um þróun nýrra mastragerða




Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línán muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efribyggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna. Fyrirhugað er að nota masturgerð sem eru að meðaltali 23m há stálgrindarmöstur með mun meiri sýnileika heldur en t.d. möstur sem eru sýnd á myndinni hér fyrir ofan sem Íris sýnir í kynningu sinni, og einnig með mun meiri sýnileika en t.d. möstur sem fyrirhugað er að nota fyrir Sv-línur eins og sagt er frá í matsskýrslu fyrir þá framkvæmd.<sup>3</sup> Hér að neðan má sjá mynd 2.32 úr umhverfismati fyrir SV línur. Þar er sett inn möguleg hæð mastra.

<sup>2</sup> Sjá <http://www.landsnet.is/landsnet/upplýsingatorg/fundir/opinnkynningarfundur/>


<sup>3</sup> Matsskýrsla fyrir Suðvestur línur.



þar fyrir neðan er mynd úr frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3,



Mynd 2.32 Móstur fyrir 220 kV háspennullínur. Vínstra megin er frístandandi röramastur, í miðjunni er stagað M-mastur úr stálgrind og til hægri er stagað M-mastur úr stálrörum.



Mynd 2.2 Stagað M-mastur án jarðvirseyrna (efst til vinstri) og með jarðvirseyrum (efst til hægri), frístandandi mstur, fjórfótungur (miðmynd til vinstri) og fjórfótungur með jarðvirseyrum (miðmynd til hægri), stagað sunnhorn (neðst). Meðalhæð masta er um 23 m.

### Hæð mastra

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra.

Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

### Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

Nýverið var haldin hugmyndasamkeppni á vegum Landsnets í samstarfi ið Statnet í Noregi. Hér er lögð fram sú spurning hvort að þær útfærslur sem þar komu fram geti hentað til að draga úr sýnileiki háspennulínunnar á þeim stöðum sem ekki er hægt að leggja hana sem jarðstreng.

### Vatnafar

#### Vatnsvernd

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efribbyggðaleið. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og aðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

#### Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við áformaðar mótvægisáðgerðir vegna Vatnafars. Mótvægisáðgerðirnar eru allt of almennt fram settar, erfitt verður að sannreyna að þær hafi verið gerðar: „lágmarka á risk á votlendi eins og kostur er“ og „Halda á öllu jarðraski í lágmarki“. Erfitt er að sjá að hægt sé að sannreyna þessar áðgerðir.

### Gróðurfar

#### Áhrif á gróður

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á válistategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð "staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri". Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögn á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif** á gróður.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efribbyggð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

#### Votlendi

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efribbyggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“.

Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnum á landbúnaðarjörðum.

#### Mótvægisáðgerðir

Í kafla um gróðurfar segir: „Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða þar sem endurheimt verður jafn stórt votlendi og tapast við fyrirhugaðar framkvæmdir þá eru heildaráhrif á votlendi talin óveruleg.“ Hvergi í skýrslunni er gerð grein fyrir meintri endurheimt votlendis og því alveg óljóst hvort, eða hvar og hvernig, það yrði framkvæmt. Þá má benda á að erfitt er að meta árangur mótvægisáðgerða og hvort af af þeim hefur orðið þegar þær eru settar fram á svo óskýran hátt að óvissa er um umfang þeirra, staðsetningu og tímasetning er óljós.

#### Sínk

„Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áður nefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

#### Ferðapjónusta og útivist

##### Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðapjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet<sup>4</sup>. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðapjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðapjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

##### Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efribyggðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séru í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar.** Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

<sup>4</sup> Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulína 3 – á ferðapjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

## Fornleifar

### Fornleifarannsóknir

Í frummatsskýrslu stendur: „Við hönnun fyrirhugaðrar Blöndulínu 3, er tekið tillit til staðsetningar allra fornleifa og hættumats. Þannig er við ákvörðun á staðsetningu línumastra og vegslóða reynt eins og mögulegt er að sneiða fram hjá fornleifum en þessi niðurstaða fæst með því að samkeyra fornleifagögn samhliða hönnunargögnum. Niðurstaðan er sú að miðað við núverandi staursetningu þá er minnsta fjarlægð masturs að þekktri fornleif um 30 m. Með hnitsettar staðsetningar á hverri þekktri fornleif er síðan hægt að sneiða framhjá skráðum fornleifum við slóðagerð. Áhrif á fornleifar eru því talin óveruleg.“ Eins og fram kemur í skýrslu um fornleifarannsókn, er henni ekki lokið og því ekki hægt að fullyrða um áhrif línulagnarinnar á allar fornleifar á leiðinni. Gera verður þá lágmarkskröfu að tilskyldum rannsóknum sé lokið áður en matsskýrslur eru samþykktar.

## Landnotkun

### Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- og rekstartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist.

### Grunnástand

Bent er á að aðalskipulag fyrir Skagafjörð hefur ekki verið staðfest og því er ekki hægt að segja að þetta og hitt sé í samræmi við gildandi aðalskipulag.

### Slóðar

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

### Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifasvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum.

## Raf- og segulsvið og hávaði

### Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.“ Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því

spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

#### Útreikningar, raf og segulsvið

Í frummatsskýrslu eru sýndir „útreikningar á rafsviði og segulsviði umhverfis fyrirhugaða háspennulínu. Útreikningarnir eru miðaðir við eðlilegt rekstrarástand línunnar fyrir 220 MVA flutning frá Blöndustöð að Kífsá norðan við Akureyri“. Línan er hins vegar hönnuð fyrir um 560 MVA flutningsgetu þó línan verði rekin á 132 kV spennu til að byrja með. Farið er fram á að útreikningar á rafsviði, segulsviði og hljóðvist miði við 560 MVA.

#### Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að í kaflanum um heildaráhrif og niðurstöðu sé sagt í kafla um samfélag að „Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og talsvert jákvæð en óbein á rekstartíma og geta orðið frá nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra.“ Þessi niðurstaða er ekki í samræmi við umfjöllun í kafla 6 um umhverfisáhrif en þar er engu umfjöllun að finna um atvinnuástand og vinnumarkað á svæðinu enda ekki einn af þeim umhverfispáttum sem teknir voru til skoðunar. Má enda benda á að hugsanleg jákvæð áhrif á vinnumarkað vegna hvers kyns framkvæmda geti ekki talist til umhverfisáhrifa þeirra. Umfjöllun í frummatsskýrslu um samfélag einskorðast við umfjöllun um ferðaþjónustu.

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheidi.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþján getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásýnd, ferðaþjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.


Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Að lokum skal á það bent að haldin var málþing á vegum RVFÍ þann 18. apríl sl. (sjá <http://www.vfi.is/um-vfi/frettir/nr/3178>). Meðal fyrirlesara þar var Unnur Stella Guðmundsdóttir, sem hefur alþjóðlega þekkingu á lagningu háspennustrengja. Í máli hennar kom m.a fram að þróun þessi árin væri hröð og að margar Evrópuþjóðir leggi æ sífellt meiri áherslu á lagningu jarðstrengja í stað loftlína. Bent er á nauðsyn þess að Landsnet afli sér nýjustu upplýsinga í þessum efnum en notist ekki við úrelt gögn.

Virðingarfyllt,

Óvenu Margjörissou 1403 78 5695

Blöndulína 3 (220 kV)  
Mat á umhverfisáhrifum.  
Athugasemdir vegna frummatsskýrslu



Dagsetning: 1.maí 2012

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum.

## 1. Ósamræmi við matsáætlun

Hér á eftir eru tilgreind fjölmörg atriði þar sem misræmi er milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaaðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðarlínan verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðarlínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets, nú er ekki lengur um að ræða endurnýjun byggðalínunnar heldur nýlagning í gegn um Skagafjörð til að flytja rafmagn milli framleiðenda og notenda fjarri Skagafirði.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu **jarðstrengs** til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínur í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu. Þrátt fyrir ofangreind svör framkvæmdaaðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar er **sá valkostur að leggja jarðstreng ekki borinn saman við þann valkost að leggja línuna sem loftlínu.** Framkvæmdaaðili ber fyrir sig að um misskilning sé að ræða. Hér er bent á að ég og fleiri sem gerðum athugasemdir við tillögu að matslýsingu skildum svör framkvæmdaaðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar sem svo að jarðstrengir yrðu teknir til mats sem valkostir. Í svari framkvæmdaaðila er enda talað um að nauðsynlegt sé að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs og þar sem um er að ræða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda þá þótti ljóst að jarðstrengur yrði tekin til mats sem valkostur.

Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaáðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaáðila er skýrð.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á **samfélag** verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfispætti en **umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti**. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um **efnistökustaði** og gerð verði grein fyrir því **magni** sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuastaði og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um **óveður** á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Skýrsla Veðurstofunnar er ekki aðgengileg með kynningargögnum frummatsskýrslunnar og því ekki hægt að segja að nánar sé fjallað um óveður á línuleiðinni í frummatsskýrslu. Hér er því bent á misræmi við matslýsingu enda á frummatsskýrslu samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem **sjálfstætt rit**.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu **ósnortinna víðerna** eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Þetta er ekki gert heldur sagt að greining á ósnortnum víðernum hafi leitt í ljós að skerðing ósnortinna víðerna verði lítil sem engin af völdum fyrirhugaðra framkvæmda (bls. 60). Því séu ósnortin víðerni ekki tekin inn í gildismat fyrir landslagsheildir. Hér er bent á ósamræmi milli matslýsingar sem segir að kort verði gerð sem sýni ósnortin víðerni og þeirrar umfjöllunar sem er í frummatsskýrslu. Lesandi getur ekki út frá þessu gert sér grein fyrir hvort skerðing ósnortinna víðernar verði lítil sem engin, né heldur hvar þessi skerðing verði.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um **umferð** á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um umferð og er hér bent á þetta ósamræmi við matslýsingu.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang **starfsmannaáðstöðu**. Í matsskýrslu er hins vegar sagt að mögulegar staðsetningar vinnubúða verði ákveðnar síðar. Þarna er misræmi á milli fyrirheita í matsáætlun og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir **útfærslu slóða** í frummatsskýrslu en það er ekki gert umfram þá umfjöllun að slóðar verði 4,5 m og 150km að lengd. Óskað er skýringa á því hvers vegna ekki er gerð nánari grein fyrir slóðagerð en sem nemur almennri umfjöllun á sem nemur einni A4 bls. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á **möstrum** í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum

tegundum mastra (mynd 2.2.). Þar eru einnig sýnd hugsanleg snjóflóðamöstur og ekki gerð frekari grein fyrir þeim, hæð þeirra eða virkni. Þar er því ekki verið að gera grein fyrir niðurstöðum um val á möstrum og er óskað eftir skýringum á því ósamræmi við matslýsingu.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu efnisflutningaleiðum í frummatsskýrslu né heldur umfangi aukinnar umferðar.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um á „hvaða hátt fyrirhugaðar framkvæmdir geta haft áhrif á landslag og sjónræna þætti og hugsanlegar mótvægisáðgerðir“. Hér er bent á að ekki er fjallað um neinar mótvægisáðgerðir fyrir sjónræn áhrif af línulögninni þrátt fyrir að greind séu nokkuð neikvæð til talsvert neikvæð umhverfisáhrif á ásvind (bls 129).

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3. Dæmi eru um að svæði innan Norðurlandsskóga séu innan áhrifsvæðis línunnar t.d. í innan 1km fjarlægðar frá línunni þar sem sjónræn áhrif eru umtalsverð t.d. í landi Mælifellsár.

Á nokkrum stöðum eru ekki sýndir slóðar með fram línunni og er ekki gerð grein fyrir hvernig framkvæmdaraðili hyggst komast að línunni á þeim svæðum.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir efnistöðustöðum og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi verið ef svo er, hvers vegna enn er óvissa um slóðagerð, staðsetningu mastra og nothæfa efnistöðustaði ef svo sé, eins og fram kemur í frummatsskýrslu. Þá er hér einnig spurt hvort að verkhönnun hafi verið unnin fyrir báða kostina, Héraðsvatnaleið og Efrabyggðarleið. Upphaflega var helst bent á það af hálfu Landsnest að verið væri að loka einhverjum hring í flutningskerfinu en nú er talað um að hefja tvöföldun á flutningskerfinu. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegar) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

## **2. Athugasemd um lagningu línu um einkalönd.**

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efrabyggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsspörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efrabyggðarleið benda á að svo er ekki.

Línunni er skv. lýsingu ætlað að liggja í gegn um Skagafjörð án allra tenginga við dreifikerfið sem þjóðar almenningi. Eða eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í



frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Þrátt fyrir tilkomu Blöndulínu 3 verði Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 nauðsynlegir hlekkir í raforkukerfinu“. Tilgangur og markmið lagningar línunnar er að styrkja meginflutningskerfi raforku og gera kerfinu kleift að mæta umtalsverðri aukningu orkunotkunar (bls 1). Slík umtalsverð aukning getur bara orðið vegna stóriðjuframkvæmda eins og dæmi er tekið um í matslýsingunni um stækkun Becromal á Akureyri. Því er nýlagning Blöndulínu 3 eingöngu gerð til að mæta orkupörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?

### 3. Athugasemdir við frummatsskýrslu.

Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Í frummatsskýrslu er sagt að jarðrask tengt jarðstrengjalögn dragi úr umhverfislegum ávinningi. Hér er bent á að það ver að sjálfsögðu eftir aðstæðum. T.d. getur lítið borið á raski vegna lagningar jarðstrengs ef hann er lagður í vegköntum og vel getur gengið að græða upp land ef strengur er lagður í grónu landi. Hér er bent á að sá valkostur að leggja jarðstreng hefur ekki verið metinn og því ekki hægt að fullyrða neitt um aðstæður fyrir lagningu hans í tilfalli Blöndulínu 3. T.d. hefur ekki verið sýnt fram að slóðagerð vegna jarðstrengs þurfi endilega að vera lengri því þrátt fyrir að leggja eigi 107 km loftlínu þá stendur til að leggja 155 km af slóðum hennar vegna, þar af 105 km af nýjum slóðum. Þá er hér bent á að sjónræn áhrif af loftlínu vara allan líftíma línunnar á meðan sjónræn áhrif jarðstrengs geta verið lítil ef vel tekst upp við frágang og uppgræðslu þar sem það á við.

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efribyggðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærrí framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Vakin er athygli á því að í umfjöllun um kosti bls. 36 er greint frá því að endurnýja þurfi núverandi 132 kV tengingu Blöndulínu 2 „með einhverjum hætti innan fárra áratuga en óljóst er með hvaða hætti það verður gert“. Er þetta nefnt í því sambandi að þetta séu gild rök fyrir því að Blöndulína 3 fylgi ekki núverandi línuleið. Hér er hins vegar spurt hvort að ætlunin sé að endurnýja Blöndulínu 2 innan fárra áratuga og auka þar með umfang hennar og eftir það liggi t.d. um Skagafjörð tvær línuleiðir með tilheyrandi áhrifum á sýnileika? Hér er einnig spurt hvort að ekki sé mögulegt að endurnýja Blöndulínu 2 nú og auka flutningsgetu hennar í núverandi línustæði og seinka á móti nýlagningu Blöndulínu 3 um nokkra áratugi?

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að áform um Efrbyggðarleið ganga eftir.

## Almennt

### Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstrartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra.**“ Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulaga jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!** Umfjöllunin er úr inngangskafli 1.5.3

*Hugsanleg áhrif* en umhverfismatið og þeir þættir sem þar eru skoðaðir eru til umfjöllunar í kafla 6. um að hugsanlega og mögulega og kannski verði allir hlutir jákvæðir ef þetta eða hitt gerist! Gerð er alvarleg athugasemd við alla umfjöllun í kafla 1.5.3 Hugsanleg áhrif. Öll umfjöllun þar er sett fram án þess að hægt sé að vísa í heimildir og sem dæmi má efa það stórlega að fjölgun starfa geti talist umhverfisáhrif í skilningi laga um umhverfismat framkvæmda.

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskylt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

Á móti má líka velta fyrir sér hver áhrif línunnar verði á atvinnurekstur á línuleiðinni, t.d. á uppbyggingu ferðapjónustu, eflingu landbúnaðar og lífræns búskapar.

### Raffræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfénað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

### Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu byggðalínuringsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlög Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

#### **Rannsóknir**

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efrabyggð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

#### **Valkostir**

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

#### **Kynning og samráð**

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr álit hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efrabyggð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkið, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar Skagafjarðar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efrabyggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

#### **132 kV spenna/ 220 kV spenna**

Umfang Blöndulínu, mastrastærð og rök framkvæmdaraðila fyrir því að ekki sé hægt að leggja línuna sem jarðstreng byggja á því að línuna þurfi að byggja fyrir 220 kV spennu. Engu að síður kemur skýrt fram í gögnum framkvæmdaraðila að línan eigi að vera á 132 kV spennu þar til spennan verður hækkuð „síðar meir“. Gerð er athugasemd við að áformuð sé umfangsmeiri framkvæmd heldur en þörf er á með vísun í óljósar fyrirætlanir um að síðar meir þurfi að hækka spennu vegna einhvers sem mögulega gerist einhverntíman einhversstaðar. Óskað er eftir því að þetta verði skýrt og vísað í

þarfagreiningu sem skýrir umfang framkvæmdar auk þess að tengja umfjöllunina við rammaáætlun um nýtingu vatns og jarðvarma og áform um uppbyggingu stóriðju.

Með því að leggja Blöndulínu 3 með lægri spennu væri ódýrara að leggja línuna sem jarðstreng og þar með draga úr neikvæðum áhrifum, t.a.m. á ásjón. Línulögn með fram þjóðvegi myndi einnig draga úr raski.

Í þessu samhengi er bent á að í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun stendur: „Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu og að fram komi upplýsingar m.a. um hversu lengi áætlað sé að línan verði rekin á 132 kV spennu.“ Gerð er athugasemd á að ekki er gerð grein fyrir hvar á að framleiða það rafmagn sem flytja eigi og til hvaða kaupanda, þar sem að öllu óbreyttu verðu ekki séð að til sé staðar þörf á svo mikilli flutningsgetu á þessari leið, þar sem hvorki er til staðar rafmagnsframleiðsla né notkun svo einhver ástæða sé fyrir svo stórrí fjárfestingu. Gerð er athugasemd við að ekki sé orðið við óskum Skipulagsstofnunar um að gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu og að ekki koma fram upplýsingar um hversu lengi línan verður rekin á 132 kV spennu.

#### **Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.**

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efrabyggðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

#### **Landsnet**

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efrabyggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

#### **Slóðar**

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagnar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Erfitt er að sjá hvar áformað er að gera slóða þar sem það er sýnt á myndum 2-6 í myndahefti. Þessi myndkort eru sett fram í mælikvarða þar sem nær ómögulegt er að sjá hvar leggja á slóða og hvar ekki. Til að mynda mætti lesa út úr þessum myndum að engar slóðir eigi að leggja þar sem línan fer um land Mælifellsár á Efrabyggð en þeirri spurningu er þá um leið ósvarað hvernig komast eigi að línunni! Eins er oft erfitt að sjá hvar slóðir eigi að vera og hvar ekki með fram allri línuleiðinni.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjallendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsögð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það vegnet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt

kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

#### **Dúkar**

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.” Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og mól keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

#### **Plön og útskot**

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

#### **Lýsing valkosta**

Á bls. 39 er Héraðsvatnaleið og Efribyggðarleið lýst og talað um að þær greinist frá Kolgröf en annars staðar er miðað við Kirkjuhól og er talað um að þar muni mögulegt tengivirki rísa. Hver er skýringin á þessu ósamræmi.

#### **Myndasería bls. 32 – 35**

Gerð er athugasemd við tilgang þess að sýna myndir af dæmum um „almennar aðstæður þar sem fyrirhugað er að leggja slóðir á línuleiðinni“. Verulega óljóst er hvaða tilgangi þessi myndasería þjónar enda er ekki sýnt á myndunum hvar slóðir eigi að liggja þar sem myndirnar eru teknar, tilhögun þeirra eða annað sem skiptir í raun máli.

#### **Slóðar með línu**

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð. Hins vegar er mikið gert úr því að það sé ókostur við jarðstrengjalögn að þá þurfi að gera slóða með fram allri strenglöggninni. Ekki er hægt að sjá í frummatsskýrslunni í hverju þessi munur liggur.

#### **Námur**

Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggi ekki fyrir. Ekki liggi fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

#### **Slóðar og umhverfi**

Stofnun Sæmunda fróða um sjálfbæra þróun vann fyrir Landsnet rannsókn þar sem sannprófað var mat á umhverfisáhrifum fyrir Sultartangalínu 3<sup>1</sup>. Í kynningarglærum á vef Skipulagsstofnunar úr erindi sem Guðmundur Ingi Guðbrandsson hélt má sjá myndir af Sultartangalínu og slóðum sem henni fylgja og á vef Landsnets má sjá ýmsar myndir af slóðgerð tengdri línulögnum. Af myndunum af dæma er umfang slóðagerðar oft talsvert en í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur.

<sup>1</sup> Sjá

[http://www.skipulagsstofnun.is/focal/webguard.nsf/Attachment/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggundur/\\$file/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggundur.pdf](http://www.skipulagsstofnun.is/focal/webguard.nsf/Attachment/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggundur/$file/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggundur.pdf)



### **Girðingar**

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

### **Núllkostur**

Í umfjöllun um núllkost er sagt að ef fallið sé frá lagningu Blöndulínu 3 verði erfitt að þjóna aukinni orkupörf byggðar og atvinnulífs... í nánustu framtíð í þessum landshluta þar sem núverandi flutningskerfi er fulllestað. Farið er fram á upplýst sé um notkun á núverandi línu 5 ár aftur í tímann og í samanburði við flutningsgetu núverandi línu. Ekki hefur verið sýnt fram á að lagfæring á núvandi línu geti fullnægt þörf á orkuflugningi á svæðinu til jafnvel ártuga. Gerð er athugasemd við að Blöndulína 3 sem eini möguleikinn til að auka flutningsgetu um héraðið. Þá er gerð athugasemd við að gerð Blöndulínu 3 sé sögð brýn fyrir þennan landshluta enda engin áform uppi þar sem knýja á um gerð Blöndulínu 3.

## Skipulag

Í kafla um skipulag er sagt að Blöndulína 3 sé í samræmi við stefnumörkun sveitarfélaganna á svæðinu sem mörkuð sé í gildandi aðalskipulagi eða skipulagstillögum. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur ekki verið staðfest og í þeirri tillögu sem til umfjöllunar er hefur skipulagi verið frestað á þeirri leið sem tveir valkostir eru settir fram. Þar er því engin háspennulína inni á skipulagi og þarf að auglýsa breytingu á skipulagi til að setja hana inn. Æskilegt er að þetta komi fram. Fyrirliggjandi tillaga að Aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið Skagafjörð hefur ekki verið staðfest af ráðherra.

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í álitni hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunaaðila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagaupprætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

## Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

Minnt er á að í matsáætlun stendur: „Í frummatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri línuleiðinni eða að hluta til), kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu.“ Er hér óskað eftir því að þessi samanburður verði gerður fyrir alla línuna eða hluta hennar, í stað þess að einungis sé fjallað almennt um jarðstrengi og loftlínu eins og gert er í kafla 3.3 í frummatsskýrslu.

### Stefnumótun stjórnvalda

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012 og skal ráðherra flytja á Alþingi skýrslu um starf nefndarinnar fyrir 1. Október 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en /verði frestað þar til stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

### Athugasemd um heimildir

Í kafla 3.3.2, mynd 3.4 í frummatsskýrslu er sýnd almenn skýringarmynd um framkvæmdakostnað vegna lagningu jarðstrengja og loftlína miðað við flutningsgetu og spennu. Bent er á að ekki er vísað til heimildar um hvaðan þessar tölur koma. Lesanda er því ekki gert ljóst við reynslu hvaða landa er miðað í þessum samanburði. Ekki er vísað til heimilda fyrir mynd 3.4 og þá mynd er ekki að finna í þeim heimildum sem getið er í heimildaskrá frummatsskýrslunnar. Er þetta byggt á innlendri reynslu eða reynslu erlendis frá og að hve miklu leyti er hægt að yfirfæra þá reynslu yfir lagningu Blöndulínu 3?

### Áróðurskennd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í

grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

#### **Jarðrask vegna jarðstrengja**

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.” Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

#### **Óljós tilgangur umfjöllunar um 400 kV strengi**

Í kaflanum um jarðstrengi er fjallað um 400 kV strengi en ekki er hægt að átta sig á hvers vegna það er gert í tengslum við framkvæmd þar sem nota á 220 kV strengi. Óljóst er hvers vegna valið er að fjalla um jarðstrengi eins og um sé að ræða fræðslufyrirlestur án tenginga við framkvæmdina sem um ræðir.

#### **Viðgerðartími jarðstrengja**

Mikið er gert úr því í umfjöllun um jarðstrengi að viðgerðartími jarðstrengja sé langur og vísað í erlenda reynslu frá Nýja Sjálandi þessu til stuðnings. Áhugavert væri að vita hver viðgerðatíminn á loftlínum er á Nýja Sjálandi því vera kann að viðgerðartími á loftlínum sé yfirhöfuð lengri á Nýja Sjálandi en á Íslandi af einhverjum ástæðum. Þá væri einnig áhugavert ef vísað væri í tölur um innlenda reynslu af jarðstrengjum. Engin önnur dæmi eru tekin um viðgerðartíma jarðstrengja en frá Nýja Sjálandi.

#### **Sjónræn áhrif**

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

#### **Helgunarsvæði**

Bent er á að helgunarsvæði háspennulínu sem loftlínu er 40-75m á meðan helgunarsvæði jarðstrengs yrði 10-12 m skv. uppl. úr frummatsskýrslu.

## **Mat á umhverfisáhrifum**

### **Landslag**

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna aflu.“ Hvað merkir þetta?

### **Ásýnd**

#### **Mat á áhrifum**

Í frummatsskýrslu er sagt um Efribygðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert neikvæðum áhrifum einstaka bæi á Efribygðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgaersvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

#### **Sýnileikakort**



Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljósmyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti. Slóðagerð mun hafa töluverð áhrif á sýnileika framkvæmdarinnar sem ekki er hægt að horfa fram hjá. Þá er gerð athugasemd við hversu mikill munur er á þeim landssvæðum og þeim skala sem þau eru sýnd á framangreindum myndkortum. Til að mynda má glögg sjá á mynd 21 úr Öxnadal hversu áberandi línán mun verða í nærumhverfi sínu á meðan stærð landsvæðis og áhrif frá þeirri lofthæð sem ljósmyndin er tekin fyrir myndir 15 og 16 gerir það að verkum að línán sýnist lítilfjörleg.

#### **Sýnileiki og Mælifellshnjúkur**

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði sem er eitt af helstu kennileitum svæðisins og vinsæll staður til fjallgöngu.

#### **Efribyggðaleið**

Í umsögn um Efribyggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribyggðaleið muni línán ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línán frá öllum bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.


#### **Áhrif mastra á sýnileika**

Þann 29. mars 2012 hélt Landsnet opinn kynningarfund um rekstrarumhverfi fyrirtækisins og framtíðarþróun raforkuflutningskerfisins<sup>2</sup>. Þar hélt Íris Baldursdóttir deildarstjóri kerfisstjórnar Landsnets erindi þar sem fjallað er um áherslur Landsnets um umhverfi og ásýnd. Á einni kynningarglærurni er fjallað um áherslur Landsnets um umhverfi og ásýnd:

Sérstök áhersla er lögð á að framkvæmdir við uppbyggingu og viðhald flutningsvirkja falli sem best að náttúrunni og valdi sem minnstum sjáanlegum og varanlegum áhrifum á náttúruna og umhverfið.

#### **Athugun á nýjum mastragerðum**

- Áhersla á minni sýnileika mastra sé þess kostur
- Samstarf við Statnett í Noregi um þróun nýrra mastragerða




Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línán muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efribyggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna. Fyrirhugað er að nota masturgerð sem eru að meðaltali 23m há stálgrindarmöstur með mun meiri sýnileika heldur en t.d. möstur sem eru sýnd á myndinni hér fyrir ofan sem Íris sýnir í kynningu sinni, og einnig með mun meiri sýnileika en t.d. möstur sem fyrirhugað er að nota fyrir Sv-línur eins og sagt er frá í matsskýrslu fyrir þá framkvæmd.<sup>3</sup> Hér að neðan má sjá mynd 2.32 úr umhverfismati fyrir Sv línur. Þar er sett inn möguleg hæð mastra.


<sup>2</sup> Sjá <http://www.landsnet.is/landsnet/upplýsingatorg/fundir/opinnkynningarfundur/>

<sup>3</sup> Matsskýrsla fyrir Suðvestur línur.

Þar fyrir neðan er mynd úr frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3,



**Mynd 2.32** Möstur fyrir 220 kV háspennulínur. Vinstra megin er frístandandi röramastur, í miðjunni er stagað M-mastur úr stálgrind og til hægri er stagað M-mastur úr stálörum.



**Mynd 2.1** Stagað M-mastur án jarðvirseyrna (efst til vinstri) og með jarðvirseyrum (efst til hægri), frístandandi mastur, fjórþötungur (miðmynd til vinstri) og fjórþötungur með jarðvirseyrum (miðmynd til hægri), stagað sálhorn (neðst). Meðalhæð mastra er um 23 m.

#### Hæð mastra

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra.

Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

### **Mótvægisáðgerðir**

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

Nýverið var haldin hugmyndaþamkeppni á vegum Landsnets í samstarfi ið Statnet í Noregi. Hér er lögð fram sú spurning hvort að þær útfærslur sem þar komu fram geti hentað til að draga úr sýnileiki háspennulínunnar á þeim stöðum sem ekki er hægt að leggja hana sem jarðstreng.

### **Vatnafar**

#### **Vatnsvernd**

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efribyggðaleið. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og aðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

#### **Mótvægisáðgerðir**

Gerð er athugasemd við áformaðar mótvægisáðgerðir vegna Vatnafars. Mótvægisáðgerðirnar eru allt of almennt fram settar, erfitt verður að sannreyna að þær hafi verið gerðar: „lágmarka á risk á votlendi eins og kostur er“ og „Halda á öllu jarðraski í lágmarki“. Erfitt er að sjá að hægt sé að sannreyna þessar aðgerðir.

### **Gróðurfar**

#### **Áhrif á gróður**

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á válistategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð „staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri“. Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögn á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif** á gróður.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efribyggð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

#### **Votlendi**

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá

Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efribyggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnum á landbúnaðarjörðum.

#### **Mótvægisáðgerðir**

Í kafla um gróðurfar segir: „Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða þar sem endurheimt verður jafn stórt votlendi og tapast við fyrirhugaðar framkvæmdir þá eru heildaráhrif á votlendi talin óveruleg.“ Hvergi í skýrslunni er gerð grein fyrir meintri endurheimt votlendis og því alveg óljóst hvort, eða hvar og hvernig, það yrði framkvæmt. Þá má benda á að erfitt er að meta árangur mótvægisáðgerða og hvort

af af þeim hefur orðið þegar þær eru settar fram á svo óskýran hátt að óvissa er um umfang þeirra, staðsetningu og tímasetningu er óljós.

### Sínk

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.” Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áðurnefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

### Ferðaþjónusta og útivist

#### Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet<sup>4</sup>. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðaþjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðaþjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

#### Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efribyggðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séru í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar.** Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

### Fornleifar

#### Fornleifarannsóknir

Í frummatsskýrslu stendur: „Við hönnun fyrirhugaðrar Blöndulínu 3, er tekið tillit til staðsetningar allra fornleifa og hættumats. Þannig er við ákvörðun á staðsetningu línumastra og vegslóða reynt eins og mögulegt er að sneiða fram hjá fornleifum en þessi niðurstaða fæst með því að samkeyra fornleifagögn samhliða hönnunargögnum. Niðurstaðan er sú að miðað við núverandi staursetningu þá er minnsta fjarlægð masturs að þekktri fornleif um 30 m. Með hnitsettar staðsetningar á hverri þekktri fornleif er síðan hægt að sneiða framhjá skráðum fornleifum við slóðagerð. Áhrif á fornleifar eru því talin óveruleg.“ Eins og fram kemur í skýrslu um fornleifarannsókn, er henni ekki lokið og því

<sup>4</sup> Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðaþjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

ekki hægt að fullyrða um áhrif línulagnarinnar á allar fornleifar á leiðinni. Gera verður þá lágmarkskröfu að tilskyldum rannsóknum sé lokið áður en matsskýrslur eru samþykktar.

## Landnotkun

### Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- og rekstartíma línunnar. Bent er á að fyrirhugað línustæði liggur yfir það svæði á Syðri-Mælifellsá sem hestar á jörðinni hafa helst sótt á yfir vetrartímann og ekki er ljóst hver áhrif verða af því raf og spennusviði sem fylgir framkvæmdinni. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist.

### Grunnástand

Bent er á að aðalskipulag fyrir Skagafjörð hefur ekki verið staðfest og því er ekki hægt að segja að þetta og hitt sé í samræmi við gildandi aðalskipulag.

### Slóðar

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

### Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifsvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum.

## Raf- og segulsvið og hávaði

### Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.“ Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgæðslu.

### Útreikningar, raf og segulsvið

Í frummatsskýrslu eru sýndir „útreikningar á rafsviði og segulsviði umhverfis fyrirhugaða háspennulínu. Útreikningarnir eru miðaðir við eðlilegt rekstrarástand línunnar fyrir 220 MVA flutning frá Blöndustöð að Kífsá norðan við Akureyri“. Línan er hins vegar hönnuð fyrir um 560 MVA flutningsgetu þó línan verði rekin á 132 kV spennu til að byrja með. Farið er fram á að útreikningar á rafsviði, segulsviði og hljóðvist miði við 560 MVA.

## Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að í kaflanum um heildaráhrif og niðurstöðu sé sagt í kafla um **samfélag** að „Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og talsvert jákvæð en óbein á rekstartíma og geta orðið frá nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra.“ Þessi niðurstaða er ekki í samræmi við umfjöllun í kafla 6 um umhverfisáhrif en þar er enga umfjöllun að finna um atvinnuástand og vinnumarkað á svæðinu enda ekki einn af þeim umhverfispáttum sem teknir voru til skoðunar. Má enda benda á að hugsanleg jákvæð áhrif á vinnumarkað vegna hvers kyns framkvæmda geti ekki talist til umhverfisáhrifa þeirra. Umfjöllun í frummatsskýrslu um samfélag einskorðast við umfjöllun um ferðapjónustu.


Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Grímsey eða þá sem keyra Holtavörðuheidi.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþján getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásýnd, ferðapjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllt



Unnar Már Pétursson

# Blöndulína 3 (220 kV)

## Mat á umhverfisáhrifum.

### Athugasemdir vegna frummatsskýrslu

Dagsetning: 1.maí 2012

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum.

Í fjölmörgum atriðum er ósamræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaaðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínan verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðarlínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu **jarðstrengs** til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínur í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu.

**Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.**

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á **samfélag** verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en **umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti**. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um **efnistökustaði** og gerð verði grein fyrir því **magni** sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuastaði og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um **óveður** á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í óaðgengilega skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Hér er því bent á misræmi við

matslýsingu enda á frummatsskýrsla samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem sjálfstætt rit.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu **ósnortinna víðerna** eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd en það er ekki gert.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um **umferð** á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang **starfsmannaaðstöðu** en það er ekki gert.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir **útfærslu slóða** í frummatsskýrslu en það er ekki gert. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbýggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á **möstrum** í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.) en ekki sagt hvaða möstur verða hvar.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu **efnisflutningaleiðum** í frummatsskýrslu né heldur **umfangi aukinnar umferðar**.

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir **efnistökustöðum** og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

---

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efribýggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarð að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efribýggðarleið benda á að svo er ekki. Þörf stóriðju fyrir raforku geti ekki talist til almannaþarfar heldur miklu frekar sérþarfar þess atvinnureksturs. Eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Nýlagning Blöndulínu 3 er eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?



Athugasemdir við frummatsskýrslu.

## Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasiðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstáklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efribygðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Bygðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhverstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærrí framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að t.d. áform um Efribygðarleið ganga eftir.

## Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstrartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum** til **verulega jákvæðra**.” Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði**, **nokkuð jákvæð** og **verulaga jákvæð** yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveitum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskylt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

## Raffræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vanta t.d. fyrir bændur, búfenað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

## Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að

auka flutningsgetu byggðalínuhringsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þægjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanháraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlög Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

#### **Rannsóknir**

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efribbyggð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

#### **Valkostir**

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

#### **Kynning og samráð**

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr álitni hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efribbyggð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkni, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efribbyggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

#### **Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.**

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efribbyggðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

#### **Landsnet**

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efribbyggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

#### **Slóðar**

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagningar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um

slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjalllendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsögð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það vegnet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

#### **Dúkar**

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.“ Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blótnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og mól keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

#### **Plön og útskot**

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

#### **Slóðar með línu**

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð.

#### **Námur**

Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggi ekki fyrir. Ekki liggi fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

#### **Slóðar og umhverfi**

Í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur. Slíkir vegir eru skipulagsskyldir en fyrirhugaðair slóðar eru ekki í

#### **Girðingar**

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

#### **Skipulag**

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í álit hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunaaðila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkost sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagauppdrætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

#### **Stefnumótun stjórnvalda**

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

#### **Áróðurskennd umfjöllun**

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

#### **Jarðrask vegna jarðstrengja**

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.“ Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

#### **Sjónræn áhrif**

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

## **Mat á umhverfisáhrifum**

Landslag

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

Ásýnd

#### **Mat á áhrifum**

Í frummatsskýrslu er sagt um Efribyggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert **neikvæðum** áhrifum einstaka bæi á Efribyggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgeirsvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

#### **Sýnileikakort**

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljómyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti.

#### **Sýnileiki og Mælifellshnjúkur**

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði.

#### **Efribyggðaleið**

Í umsögn um Efribyggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribyggðaleið muni línan ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línan frá öllum bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línan muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efribyggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna.

#### **Hæð mastra**

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra. Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

#### **Mótvægisáðgerðir**

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

#### **Vatnafar**

##### **Vatnsvernd**

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efribyggðaleið. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifsvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og aðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

#### **Gróðurfar**

##### **Áhrif á gróður**

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á válistategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð "staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri". Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögn á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif** á gróður.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efribyggð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

##### **Votlendi**

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá

Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efribýggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands<sup>1</sup>. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnnum á landbúnaðarjörðum.

### Sínk

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.” Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áður nefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

### Ferðaþjónusta og útivist

#### Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet<sup>1</sup>. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðaþjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðaþjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

#### Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efribýggðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séu í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar**. Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

### Landnotkun

#### Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- of rekstrartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist.

#### Slóðar

<sup>1</sup> Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðaþjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

#### **Byggð**

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifasvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og hávaði

#### **Áhrif á búpening**

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.“ Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheidi.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþjón getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásynð, ferðaþjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljót myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllt

Þorsteinn Björnsson og Fjölskylda, 0307835579

Vaentanlegir erfingjar að Kolgräf í efrabyggð  
Skagafirði

Skipulagsstofnun  
Laugarvegi 166  
105 Reykjavík.

Þverá Öxnadal, 2. maí 2012

### **Blöndulína 3, lega í Öxnadal**

Undirritaður landeigandi Þverár í Öxnadal hefur kynnt sér frummatsskýrslu um lagningu Blöndulínu 3 í landi Þverár Öxnadal.

Enn fremur staðsetningu mastra í áður nefndu landi samkvæmt uppgefnum hnitum frá Landsneti.

Undirritaður gerir athugasemdir við staðsetningu masturs nr. 318.

Mastrið óskast fært nær Þveránni svo sem kostur er vegna landnýtingar til matvælaframleiðslu. Einnig möstur nr. 319 og 320 í nánara samstarfi við landeiganda vegna mannvirkja.

Nánar tilgreint óskar landeigandi eftir því að ofangreind möstur verði færð til suðurs um á að giska 50-100 metra. Núverandi stæði liggur beint á girðingarstæði sem valið var sérstaklega og hefur girðingin staðið svo árum skiptir á þessum stað. Stæðið var einkarlega valið vegna þess að girðingar standa þar vel af sér árstíðarskipti. Önnur möguleg girðingarstæði í grenndinni eru síður heppileg í þessu tillit, en hagsmunir landeiganda liggja í því að hámarka líftíma girðingar og lágmarka viðhaldspörf til frambúðar.

Þá er rétt að vekja athygli á að landeigandi hefur nýlega lagt akfæran slóða í grennd við fyrirhugað línustæði, sem sjálfsagt er að reyna að nýta til að lágmarka rask. Landeigandi leggur áherslu á að slóðar, plön og aðkoma önnur að möstrum á framkvæmdatíma og eftir hann, verði ekki útbúin nema að höfðu samráði og fengnu samþykki landeiganda.

Þær óskir sem landeigandi setur hér fram virðast vera um óverulegar breytingar sem litil sem engin áhrif hafi á framkvæmdina. Fyrir landeiganda er hins vegar



um að ræða mikilvæga hagsmuni vegna landnýtingar í landi Þverár sem óskað er eftir að komið verði til móts við.

Þá vill undirritaður taka fram að verði gerðar breytingar frá þeirri tillögu sem Landsnet hefur nú kynnt um legu Blöndulínu 3 í áður nefndu landi, áskilur landeigandi sér rétt til að gera athugasemdir við þær breytingar.

Undirritaður er fús til samstarfs við framkvæmdaaðila og óskar eftir að tekið verði vel í athugasemdirnar og að um nákvæma útfærslu geti verið samvinna allra aðila.

Virðingarfyllst,

---

Þorsteinn Rútsson. 140750-2399

Athugasemdir varðandi Blöndulínu 3.


Frá Þórarni Magnússyni, Frostastöðum, Akrahreppi.

1. Ég vísa til skýrslu Gunnþóru Ólafsdóttur frá árinu 2009 varðandi áhrif Blöndulínu á umhverfi og ferðaþjónustu. Þetta er óvenju vönduð skýrsla að mínu mati og ég tek fullkomlega undir þau sjónarmið sem þar koma fram.
2. Að þvera láglandi í Skagafirði með háum og fyrirferðarmiklum möstrum er óásættanlegt.
3. Ef hugsanlega yrði farið með línu um eylandið norðan Vindheimamela er ófrávikjaleg krafa að leggja línuna þar í jörð.
4. Á upphafsstigum þessa máls var talað um að til greina kæmi að nota tréstaumasamstæður, ekki ósvipað og nú er á Öxnadalshéiði. Þá strax lýsti ég þeirri skoðun minni að það væri mun æskilegra en möstur úr málmgrind.
5. Á þessum tíma var einnig sagt að fjarlægja ætti núverandi línu strax og nýja línun yrði komin upp. Nú áformar Landsnet að hafa þær báðar uppstandandi og í notkun. Það er að segja, blekkingar notaðar til að afvegaleiða umræðuna og forðast hugsanlega andstöðu á frumstigum málsins. Tvær samsíða háspennulínur í landi Akrahrepps, norður yfir Öxnadalshéiði, koma ekki til greina af minni hálfu.
6. Það verður æ ljósara eftir því sem mál skýrast að þessi nýja lína á fyrst og fremst að þjóna orkuflutningi til stórnotenda. Óþarft er með öllu og óskynsamlegt að staðsetja hugsanlega slíka stórnotendur á orkusnauðu Eyjafjarðarsvæði og spilla með því umhverfi annars staðar.
7. Að öllu samanlögðu og eins og málið hefur þróast leggst ég eindregið gegn þessari framkvæmd eins og hún er kynnt.

Virðingarfyllst,

Þórarinn Magnússon, 070249-3759.

Blöndulína 3 (220 kV)  
Mat á umhverfisáhrifum.  
Athugasemdir vegna frummatsskýrslu



Dagsetning: 1.maí 2012

Ég á land á efribyggd í Skagafirði þar sem þröngva á Blöndulínu 3 í gegn sem loftlínu. Þetta er mikil útivistarparadis, enda mikið um að fólk komi bæði ríðandi og keyrandi niður Mælifellsdalinn, af þeirri einföldu ástæðu að þarna hefur nútíminn ekki haldið innreið sína með rafmagnsmöstrum og raflínunum sem skemma ásýnd og ímynd landsins eins og á þeim stöðum þar sem slík mannvirki hafa verið sett upp. Þar fyrir utan skemmir þessi lína alfarði þau beitarsvæði sem jörðinni minni tilheyrir og skapa hættu fyrir þær skepnur sem eru í nálægð hennar.

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3.  
Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum.

### 1. Ósamræmi við matsáætlun

Hér á eftir eru tilgreind fjölmörg atriði þar sem misræmi er milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaaðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínan verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðarlínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets, nú er ekki lengur um að ræða endurnýjun byggðalínunnar heldur nýlagning í gegn um Skagafjörð til að flytja rafmagn milli framleiðenda og notenda fjarri Skagafirði. Þá getur þetta varla talist undir byggðarlínu lengur, heldur stóriðjulínu sem kemur til með að valda umhverfisspjöllum í Skagafirði.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínur í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu. Þrátt fyrir ofangreind svör framkvæmdaaðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar er sá valkostur að leggja jarðstreng ekki borinn saman við þann valkost að leggja línuna sem loftlínu. Framkvæmdaaðili ber fyrir sig að um misskilning sé að ræða. Hér er bent á að ég og fleiri sem gerðum athugasemdir við tillögu að matslýsingu skildum svör framkvæmdaaðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar sem svo að jarðstrengir yrðu teknir til mats sem valkostir. Í svari framkvæmdaaðila er enda talað um að nauðsynlegt sé að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs og þar sem um er að ræða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda þá þótti ljóst að jarðstrengur yrði tekin til mats sem valkostur. Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á **samfélag** verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en **umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti**. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um **efnistökustaði** og gerð verði grein fyrir því **magni** sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuastaði og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um **óveður** á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Skýrsla Veðurstofunnar er ekki aðgengileg með kynningargögnum frummatsskýrslunnar og því ekki hægt að segja að nánar sé fjallað um óveður á línuleiðinni í frummatsskýrslu. Hér er því bent á misræmi við matslýsingu enda á frummatsskýrslu samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem **sjálfstætt rit**.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu **ósnortinna víðerna** eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Þetta er ekki gert heldur sagt að greining á ósnortnum víðernum hafi leitt í ljós að skerðing ósnortinna víðerna verði lítil sem engin af völdum fyrirhugaðra framkvæmda (bls. 60). Því séu ósnortin víðerni ekki tekin inn í gildismat fyrir landslagsheildir. Hér er bent á ósamræmi milli matslýsingar sem segir að kort verði gerð sem sýni ósnortin víðerni og þeirrar umfjöllunar sem er í frummatsskýrslu. Lesandi getur ekki út frá þessu gert sér grein fyrir hvort skerðing ósnortinna víðernar verði lítil sem engin, né heldur hvar þessi skerðing verði.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um **umferð** á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um umferð og er hér bent á þetta ósamræmi við matslýsingu.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang **starfsmannaáðstöðu**. Í matsskýrslu er hins vegar sagt að mögulegar staðsetningar vinnubúða verði ákveðnar síðar. Þarna er misræmi á milli fyrirheita í matsáætlun og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir **útfærslu slóða** í frummatsskýrslu en það er ekki gert umfram þá umfjöllun að slóðar verði 4,5 m og 150km að lengd. Óskað er skýringa á því hvers vegna ekki er gerð nánari grein fyrir slóðagerð en sem nemur almennri umfjöllun á sem nemur einni A4 bls. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á **möstrum** í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.). Þar eru einnig sýndar hugsanleg snjóflóðamöstur og ekki gerð frekari grein fyrir þeim, hæð þeirra eða virkni. Þar er því ekki verið að gera grein fyrir niðurstöðum um val á möstrum og er óskað eftir skýringum á því ósamræmi við matslýsingu.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu efnisflutningaleiðum í frummatsskýrslu né heldur umfangi aukinnar umferðar.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um á „hvaða hátt fyrirhugaðar framkvæmdir geta haft áhrif á landslag og sjónræna þætti og hugsanlegar mótvægisáðgerðir“. Hér er bent á að ekki er fjallað um neinar mótvægisáðgerðir fyrir sjónræn áhrif af línulögninni þrátt fyrir að greind séu nokkuð neikvæð til talsvert neikvæð umhverfisáhrif á ásynnd (bls 129).

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3. Dæmi eru um að svæði innan Norðurlandsskóga séu innan áhrifasvæðis línunnar t.d. í innan 1km fjarlægðar frá línunni þar sem sjónræn áhrif eru umtalsverð t.d. í landi Mælifellsár.

Á nokkrum stöðum eru ekki sýndir slóðar með fram línunni og er ekki gerð grein fyrir hvernig framkvæmdaraðili hyggst komast að línunni á þeim svæðum.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir efnistöðustöðum og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi verið ef svo er, hvers vegna enn er óvissa um slóðagerð, staðsetningu mastra og nothæfa efnistöðustaði ef svo sé, eins og fram kemur í frummatsskýrslu. Þá er hér einnig spurt hvort að verkhönnun hafi verið unnin fyrir báða kostina, Héraðsvatnaleið og Efríbyggðarleið. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

## 2. Athugasemd um lagningu línu um einkalönd.

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efríbyggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efríbyggðarleið benda á að svo er ekki.

Línunni er skv. lýsingu ætlað að liggja í gegn um Skagafjörð án allra tenginga við dreifikerfið sem þjónar almenningi. Eða eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Þrátt fyrir tilkomu Blöndulínu 3 verði Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 nauðsynlegir hlekkir í raforkukerfinu“. Tilgangur og markmið lagningar línunnar er að styrkja meginflutningskerfi raforku og gera kerfinu kleift að mæta umtalsverðri aukningu orkunotkunar (bls 1). Slík umtalsverð aukning getur bara orðið vegna stóriðjuframkvæmda eins og dæmi er tekið um í matslýsingunni um stækkun Becromal á Akureyri. Því er nýlagning Blöndulínu 3 eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilega viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hversu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?

## 3. Athugasemdir við frummatsskýrslu.

Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Í frummatsskýrslu er sagt að jarðrask tengt jarðstrengjalögn dragi úr umhverfislegum ávinningi. Hér er bent á að það ver að sjálfsögðu eftir aðstæðum. T.d. getur lítið borið á raski vegna lagningar jarðstrengs ef hann er lagður í

vegköntum og vel getur gengið að græða upp land ef strengur er lagður í grónu landi. Hér er bent á að sá valkostur að leggja jarðstreng hefur ekki verið metinn og því ekki hægt að fullyrða neitt um aðstæður fyrir lagningu hans í tilfalli Blöndulínu 3. T.d. hefur ekki verið sýnt fram að slóðagerð vegna jarðstrengs þurfi endilega að vera lengri því þrátt fyrir að leggja eigi 107 km loftlínu þá stendur til að leggja 155 km af slóðum hennar vegna, þar af 105 km af nýjum slóðum. Þá er hér bent á að sjónræn áhrif af loftlínu vara allan líftíma línunnar á meðan sjónræn áhrif jarðstrengs geta verið lítil ef vel tekst upp við frágang og uppgræðslu þar sem það á við.

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efríbyggðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Vakin er athygli á því að í umfjöllun um kosti bls. 36 er greint frá því að endurnýja þurfi núverandi 132 kV tengingu Blöndulínu 2 „með einhverjum hætti innan fárra áratuga en óljóst er með hvaða hætti það verður gert“. Er þetta nefnt í því sambandi að þetta séu gild rök fyrir því að Blöndulína 3 fylgi ekki núverandi línuleið. Hér er hins vegar spurt hvort að ætlunin sé að endurnýja Blöndulínu 2 innan fárra áratuga og auka þar með umfang hennar og eftir það liggja t.d. um Skagafjörð tvær línuleiðir með tilheyrandi áhrifum á sýnileika? Hér er einnig spurt hvort að ekki sé mögulegt að endurnýja Blöndulínu 2 nú og auka flutningsgetu hennar í núverandi línustæði og seinka á móti nýlagningu Blöndulínu 3 um nokkra áratugi?

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að áform um Efríbyggðarleið ganga eftir.

#### Almennt

##### Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstrartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra**.” Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulaga jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!** Umfjöllunin er úr inngangskaflanum 1.5.3 *Hugsanleg áhrif* en umhverfismatið og þeir þættir sem þar eru skoðaðir eru til umfjöllunar í kafla 6.

um að hugsanlega og mögulega og kannski verði allir hlutir jákvæðir ef þetta eða hitt gerist! Gerð er alvarleg athugasemd við alla umfjöllun í kafla 1.5.3 *Hugsanleg áhrif*. Öll umfjöllun þar er sett fram án þess að hægt sé að vísa í heimildir og sem dæmi má efa það stórlega að fjölgun starfa geti talist umhverfisáhrif í skilningi laga um umhverfismat framkvæmda.

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útbodsskilyt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntíman síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða. Einnig er það ekki gefið að Íslendingar fái að vinna við lögn línunnar yfir höfuð, hvort sem hún verður í lofti eða jörð, skilda er að taka lögsta tilboði og það er mjög líklegt að það verði erlendir verkamenn sem fá störfin sem skapast við lagningu. Enda þegar sú vinna er búin skilur línun ekki eftir neina störf í Skagafirði.

Á móti má líka velta fyrir sér hver áhrif línunnar verði á atvinnurekstur á línuleiðinni, t.d. á uppbyggingu ferðaþjónustu, eflingu landbúnaðar og lífræns búskapar.

#### **Raffræðilegar hönnunarforsendur.**

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfénað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

#### **Tilgangur**

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu byggðalínuhningsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegjandi að samþykka risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlagn Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

#### **Rannsóknir**

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efrabyggð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Ekki var gefin nein heimild um að leyfa umferð um landið okkar og stunda rannsóknir/athuganir á því. Ef um rannsóknarvinnu var um að ræða, sem þetta hlýtur að teljast til, þarf leyfi landeigenda til að framkvæma þær. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

#### **Valkostir**

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

#### **Kynning og samráð**

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr álit hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efrabyggð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkid, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar Skagafjarðar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efrabyggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

#### **132 kV spenna/ 220 kV spenna**

Umfang Blöndulínu, mastrastærð og rök framkvæmdaraðila fyrir því að ekki sé hægt að leggja línuna sem jarðstreng byggja á því að línuna þurfi að byggja fyrir 220 kV spennu. Engu að síður kemur skýrt fram í gögnum framkvæmdaraðila að línan eigi að vera á 132 kV spennu þar til spennan verður hækkuð „síðar meir“. Gerð er athugasemd við að áformuð sé umfangsmeiri framkvæmd heldur en þörf er á með vísun í óljósar fyrirætlanir um að síðar meir þurfi að hækka spennu vegna einhvers sem mögulega gerist einhverntíman einhversstaðar. Óskað

er eftir því að þetta verði skýrt og vísað í þarfagreiningu sem skýrir umfang framkvæmdar auk þess að tengja umfjöllunina við rammaáætlun um nýtingu vatns og jarðvarma og áform um uppbyggingu stóriðju. Með því að leggja Blöndulínu 3 með lægri spennu væri ódýrara að leggja línuna sem jarðstreng og þar með draga úr neikvæðum áhrifum, t.a.m. á ásynnd. Línulögn með fram þjóðvegi myndi einnig draga úr raski.

Í þessu samhengi er bent á að í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun stendur: „Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu og að fram komi upplýsingar m.a. um hversu lengi áætlað sé að línan verði rekin á 132 kV spennu.” Gerð er athugasemd við að ekki sé orðið við óskum Skipulagsstofnunar um að gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu og að ekki koma fram upplýsingar um hversu lengi línan verður rekin á 132 kV spennu.

Línuleið

#### **Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.**

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efribýggðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

#### **Landsnet**

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efribýggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

#### **Dúkar**

Í frummatsskýrslu segir „Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.“ Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og mól keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

#### **Slóðar**

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagnar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Erfitt er að sjá hvar áformað er að gera slóða þar sem það er sýnt á myndum 2-6 í myndahefti. Þessi myndkort eru sett fram í mælikvarða þar sem nær ómögulegt er að sjá hvar leggja á slóða og hvar ekki. Til að mynda mætti lesa út úr þessum myndum að engar slóðir eigi að leggja þar sem línan fer um land Mælifellsár á Efribýggð en þeirri spurningu er þá um leið ósvarað hvernig komast eigi að línunni! Eins er oft erfitt að sjá hvar slóðir eigi að vera og hvar ekki með fram allri línuleiðinni.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásatnanleg þegar leggja á slóða um fjalllendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsögð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það veganet sem keyra má eftir. Svona vegalagning biður hættunni heim í sambandi við utanvegaakstur. Land er það viðkvæmt þarna að slíkt gæti stórskaðað landið. Tala nú ekki um hættu á mengun ef spilliefni komast í vatnsból og eða læki sem liggja að vatnsbólum býla í sveitinni. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.



### **Plön og útskot**

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

### **Lýsing valkosta**

Á bls. 39 er Héraðsvatnaleið og Efríbyggðarleið lýst og talað um að þær greinist frá Kolgröf en annars staðar er miðað við Kirkjuhól og er talað um að þar muni mögulegt tengivirki rísa. Hver er skýringin á þessu ósamræmi.

### **Myndasería bls. 32 – 35**

Gerð er athugasemd við tilgang þess að sýna myndir af dæmum um „almennar aðstæður þar sem fyrirhugað er að leggja slóðir á línuleiðinni“. Verulega óljóst er hvaða tilgangi þessi myndasería þjónar enda er ekki sýnt á myndunum hvar slóðir eigi að liggja þar sem myndirnar eru teknar, tilhögun þeirra eða annað sem skiptir í raun máli.

### **Slóðar með línu**

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð. Hins vegar er mikið gert úr því að það sé ókostur við jarðstrengjalögn að þá þurfi að gera slóða með fram allri strenglöggninni. Ekki er hægt að sjá í frummatsskýrslunni í hverju þessi munur liggur.

### **Námur**

Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggi ekki fyrir. Ekki liggi fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

### **Slóðar og umhverfi**

Stofnun Sæmunda fróða um sjálfbæra þróun vann fyrir Landsnet rannsókn þar sem sannprófað var mat á umhverfisáhrifum fyrir Sultartangalínu 3<sup>1</sup>. Í kynningarglærum á vef Skipulagsstofnunar úr erindi sem Guðmundur Ingi Guðbrandsson hélt má sjá myndir af Sultartangalínu og slóðum sem henni fylgja og á vef Landsnets má sjá ýmsar myndir af slóðgerð tengdri línulögnum. Af myndunum af dæma er umfang slóðagerðar oft talsvert en í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur.

---

<sup>1</sup> Sjá

[http://www.skipulagsstofnun.is/focal/webguard.nsf/Attachment/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skygggur/\\$file/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skygggur.pdf](http://www.skipulagsstofnun.is/focal/webguard.nsf/Attachment/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skygggur/$file/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skygggur.pdf)



## Girðingar

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

## Skipulag

Í kafla um skipulag er sagt að Blöndulína 3 sé í samræmi við stefnumörkun sveitarfélaganna á svæðinu sem mörkuð sé í gildandi aðalskipulagi eða skipulagstillögum. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur ekki verið staðfest og í þeirri tillögu sem til umfjöllunar er hefur skipulagi verið frestað á þeirri leið sem tveir valkostir eru settir fram. Þar er því engin háspennulína inni á skipulagi og þarf að auglýsa breytingu á skipulagi til að setja hana inn. Æskilegt er að þetta komi fram. Fyrirliggjandi tillaga að Aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið Skagafjörð hefur ekki verið staðfest af ráðherra.

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í álitni hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunaaðila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagaupprætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

## Núllkostur

Í umfjöllun um núllkost er sagt að ef fallið sé frá lagningu Blöndulínu 3 verði erfitt að þjóna aukinni orkuþörf byggðar og atvinnulífs... í nánustu framtíð í þessum landshluta þar sem núverandi flutningskerfi er fulllestað. Gerð er athugasemd við að Blöndulína 3 sem eini möguleikinn til að auka flutningsgetu um héraðið. Þá er gerð athugasemd við að gerð Blöndulínu 3 sé sögð brýn fyrir þennan landshluta enda engin áform uppi þar sem knýja á um gerð Blöndulínu 3

## Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

Minnt er á að í matsáætlun stendur: „Í frummatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri línuleiðinni eða að hluta til), kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu.“ Er hér óskað eftir því að þessi samanburður verði gerður fyrir alla línuna eða hluta hennar, í stað þess að einungis sé fjallað almennt um jarðstrengi og loftlínu eins og gert er í kafla 3.3 í frummatsskýrslu.

## Stefnumótun stjórnvalda

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012 og skal ráðherra flytja á Alþingi skýrslu um starf nefndarinnar fyrir 1. Október 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrir en /verði frestað þar til stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

## Áróðurskennd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

### **Jarðrask vegna jarðstrengja**

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.“ Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

### **Óljós tilgangur umfjöllunar um 400 kV strengi**

Í kaflanum um jarðstrengi er fjallað um 400 kV strengi en ekki er hægt að átta sig á hvers vegna það er gert í tengslum við framkvæmd þar sem nota á 220 kV strengi. Óljóst er hvers vegna valið er að fjalla um jarðstrengi eins og um sé að ræða fræðslufyrirlestur án tenginga við framkvæmdina sem um ræðir.

### **Athugasemd um heimildir**

Í kafla 3.3.2, mynd 3.4 í frummatsskýrslu er sýnd almenn skýringarmynd um framkvæmdakostnað vegna lagningu jarðstrengja og loftlína miðað við flutningsgetu og spennu. Bent er á að ekki er vísað til heimildar um hvaðan þessar tölur koma. Lesanda er því ekki gert ljóst við reynslu hvaða landa er miðað í þessum samanburði. Ekki er vísað til heimilda fyrir mynd 3.4 og þá mynd er ekki að finna í þeim heimildum sem getið er í heimildaskrá frummatsskýrslunnar. Er þetta byggt á innlendri reynslu eða reynslu erlendis frá og að hve miklu leyti er hægt að yfirfæra þá reynslu yfir lagningu Blöndulínu 3?

### **Viðgerðartími jarðstrengja**

Mikið er gert úr því í umfjöllun um jarðstrengi að viðgerðartími jarðstrengja sé langur og vísað í erlenda reynslu frá Nýja Sjálandi þessu til stuðnings. Áhugavert væri að vita hver viðgerðartíminn á loftlínunum er á Nýja Sjálandi því vera kann að viðgerðartími á loftlínunum sé yfirhöfuð lengri á Nýja Sjálandi en á Íslandi af einhverjum ástæðum. Þá væri einnig áhugavert ef vísað væri í tölur um innlenda reynslu af jarðstrengjum. Engin önnur dæmi eru tekin um viðgerðartíma jarðstrengja en frá Nýja Sjálandi.

### **Sjónræn áhrif**

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

### **Helgunarsvæði**

Bent er á að helgunarsvæði háspennulínu sem loftlínu er 40-75m á meðan helgunarsvæði jarðstrengs yrði 10-12 m skv. uppl. úr frummatsskýrslu.

Mat á umhverfisáhrifum

### **Landslag**

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

### **Ásýnd**

#### **Mat á áhrifum**

Í frummatsskýrslu er sagt um Efríbyggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert **neikvæðum** áhrifum einstaka bæi á Efríbyggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgveirsvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

#### **Sýnileikakort**

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljósmyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti. Slóðagerð mun hafa töluvert áhrif á sýnileika framkvæmdarinnar sem ekki er hægt að horfa fram hjá. Þá er gerð athugasemd við hversu mikill munur er á þeim landssvæðum og þeim skala

sem þau eru sýnd á framangreindum myndkortum. Til að mynda má glögg sjá á mynd 21 úr Öxnadal hversu áberandi línan mun verða í nærumhverfi sínu á meðan stærð landsvæðis og áhrif frá þeirri lofthæð sem ljósmyndin er tekin fyrir myndir 15 og 16 gerir það að verkum að línan sýnist litilfjörleg.

#### Sýnileiki og Mælifellshnjúkur

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði sem er eitt af helstu kennileitum svæðisins og vinsæll staður til fjallgöngu.

#### Efribyggðaleið

Í umsögn um Efribyggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribyggðaleið muni línan ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línan frá öllum bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

#### Áhrif mastra á sýnileika

Þann 29. mars 2012 hélt Landsnet opinn kynningarfund um rekstrarumhverfi fyrirtækisins og framtíðarþróun raforkuflutningskerfisins<sup>2</sup>. Þar hélt Íris Baldursdóttir deildarstjóri kerfisstjórnar Landsnets erindi þar sem fjallað er um áherslur Landsnets um umhverfi og ásýnd. Á einni kynningarglærinni er fjallað um áherslur Landsnets um umhverfi og ásýnd:

Sérstök áhersla er lögð á að framkvæmdir við uppbyggingu og viðhald flutningsvirkja falli sem best að náttúrunni og valdi sem minnstum sjáanlegum og varanlegum áhrifum á náttúruna og umhverfið.


#### Athugun á nýjum mastragerðum

- Áhersla á minni sýnileika mastra sé þess kostur
- Samstarf við Statnett í Noregi um þróun nýrra mastragerða



Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línan muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efribyggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna. Fyrirhugað er að nota masturgerð sem eru að meðaltali 23m há stálgrindarmöstur með mun meiri sýnileika heldur en t.d. möstur sem eru sýnd á myndinni hér fyrir ofan sem Íris sýnir í kynningu sinni, og einnig með mun meiri sýnileika en t.d. möstur sem fyrirhugað er að nota fyrir Sv-línur eins og sagt er frá í matsskýrslu fyrir þá framkvæmd.<sup>3</sup> Hér að neðan má sjá mynd 2.32 úr umhverfismati fyrir SV línur. Þar er sett inn möguleg hæð mastra.

Þar fyrir neðan er mynd úr frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3,



Mynd 2.32 Möstur fyrir 220 kV háspennulínur. Vinstra megin er fristandandi röramastur, í miðjunni er stagað M-mastur úr stálgrind og til hægri er stagað M-mastur úr stálrórum.

<sup>2</sup> Sjá <http://www.landsnet.is/landsnet/upplýsingatorg/fundur/opinnkynningarfundur/>

<sup>3</sup> Matsskýrsla fyrir Suðvestur línur.



**Mynd 2.2** Stagad M-mastur án jarðvirseyrna (efst til vinstri) og með jarðvirseyrum (efst til hægri), fristandandi mastur, fjorfontungur (miðmynd til vinstri) og fjorfontungur með jarðvirseyrum (miðmynd til hægri), stagad suluborn (neðst). Meðalhæð mastra er um 23 m.

### **Hæð mastra**

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra.

Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

### **Mótvægisáðgerðir**

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

Nýverið var haldin hugmyndasamkeppni á vegum Landsnets í samstarfi við Statnet í Noregi. Hér er lögð fram sú spurning hvort að þær útfærslur sem þar komu fram geti hentað til að draga úr sýnileiki háspennulínunnar á þeim stöðum sem ekki er hægt að leggja hana sem jarðstreng.

### **Vatnafar**

#### **Vatnsvernd**

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efrabyggðaleið. Hvað með ef spilliefni komast út í vatnsverndarsvæði vatnsbóla eða nálægð þeirra? Þar sem unnið er með tækjum er alltaf hætt á leka á spilliefnum. Tala nú ekki um ef glussaslöngur og aðrar þrýstislöngur gefa sig við notkun, sem gerist nokkuð oft í þungavinnuvélum. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og aðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

#### **Mótvægisáðgerðir**

Gerð er athugasemd við áformaðar mótvægisáðgerðir vegna Vatnafars. Mótvægisáðgerðirnar eru allt of almennt fram settar, erfitt verður að sannreyna að þær hafi verið gerðar: „lágmarka á risk á votlendi eins og kostur er“ og „Halda á öllu jarðraski í lágmarki“. Erfitt er að sjá að hægt sé að sannreyna þessar áðgerðir.

### **Gróðurfar**

#### **Áhrif á gróður**

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á válistategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð „staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri“. Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögn á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur talsvert neikvæð áhrif á gróður.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efrabyggð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

#### **Votlendi**

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efrabyggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnum á landbúnaðarjörðum.

#### **Mótvægisáðgerðir**

Í kafla um gróðurfar segir: „Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða þar sem endurheimt verður jafn stórt votlendi og tapast við fyrirhugaðar framkvæmdir þá eru heildaráhrif á votlendi talin óveruleg.“ Hvergi í skýrslunni er gerð grein fyrir meintri endurheimt votlendis og því alveg óljóst hvort, eða hvar og hvernig, það yrði framkvæmt. Þá má benda á að erfitt er að meta árangur mótvægisáðgerða og hvort af af þeim hefur orðið þegar þær eru settar fram á svo óskýran hátt að óvissa er um umfang þeirra, staðsetningu og tímasetning er óljós.

### Sínk

„Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áður nefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni? Getur hugsanlegt zinksmit frá möstrum valdið zinkeitrin í ungvíði eða öllum dýrum? Er hætta á zinksmiti í vatnsból eða rennandi læk? Zinkeitrin lýsir sér aðallega í minni vaxtahráða ungvíðis, liðabólgu, þarmabólgu og niðurgangi. Mun Landsnet bæta búsifjar af völdum zinkeitrunar ef til hennar kæmi?

### Ferðaþjónusta og útivist

#### Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet<sup>4</sup>. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðaþjónustu sem stunduð er á áhrifsvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðaþjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

### Fornleifar

#### Fornleifarannsóknir

Í frummatsskýrslu stendur: „Við hönnun fyrirhugaðrar Blöndulínu 3, er tekið tillit til staðsetningar allra fornleifa og hættumats. Þannig er við ákvörðun á staðsetningu línumastra og vegslóða reynt eins og mögulegt er að sneiða fram hjá fornleifum en þessi niðurstaða fæst með því að samkeyra fornleifagögn samhliða hönnunargögnum. Niðurstaðan er sú að miðað við núverandi staursetningu þá er minnsta fjarlægð masturs að þekktri fornleif um 30 m. Með hnitsettar staðsetningar á hverri þekktri fornleif er síðan hægt að sneiða fram hjá skráðum fornleifum við slóðagerð. Áhrif á fornleifar eru því talin óveruleg.“ Eins og fram kemur í skýrslu um fornleifarannsókn, er henni ekki lokið og því ekki hægt að fullyrða um áhrif línulagnarinnar á allar fornleifar á leiðinni. Gera verður þá lágmarkskröfu að tilskyldum rannsóknnum sé lokið áður en matsskýrslur eru samþykktar.

### Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „Nokkuð jákvæð áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bðlvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Fénaður bænda fengi ekki þann frið sem það þarf. Hætta er á að lömb villist undan mæðrum sínum, folöld ná ekki að þroskast í friði þar sem ekki er mælt með því að þau séu mikið á „fartinu“ fyrstu vikunnar, graðhestar eru í stóðum bænda og skapa hættu á slagsmálum við aðkomuhross með slysum á hrossum og í verstu tilfellum, jafnvel fólki. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má

<sup>4</sup> Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðaþjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.



dæmi um á Efribygðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séu í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar.** Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

#### Landnotkun

##### Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- og rekstrartíma línunnar. Ætlar Landsnet að ráða menn til að passa að fénaður bænda fari ekki saman milli jarða á meðan á framkvæmdum stendur? Graðhestar,hrútar,geldfé og fénaður sem ekki á að fá fang? Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist.

##### Slóðar

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðrupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhónnun fyrir framkvæmdina.

##### Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifsvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línusvæðinu án þess að það sjáist á kortum.

##### Grunnástand

Bent er á að aðalskipulag fyrir Skagafjörð hefur ekki verið staðfest og því er ekki hægt að segja að þetta og hitt sé í samræmi við gildandi aðalskipulag. Aðalskipulag er ekki til.

#### Raf- og segulsvið og hávaði

##### Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.“ Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu. Erlendis er þegar farið að skipuleggja að setja háspennulínur í jörð, til dæmis Danmörk og Bretland. Danmörk setur sér meira að segja upp tímaplan þar sem allt á að vera komið í jörð hjá þeim. Þessar þjóðir eru að átta sig á því að það er ekki hægt að bjóða fólki upp á klunnaleg möstur og víra sem hanga í þeim, þegar það er hægt að setja þetta í jörð og landslagið fær nýtt útlit. Það er jú komið árið 2012. Það mætti halda í Íslendingar væru enn á steinöld hvað þetta varðar.

##### Útreikningar, raf og segulsvið

Í frummatsskýrslu eru sýndir „útreikningar á rafsviði og segulsviði umhverfis fyrirhugaða háspennulínu. Útreikningarnir eru miðaðir við eðlilegt rekstrarástand línunnar fyrir 220 MVA flutning frá Blöndustöð að Kífsá norðan við Akureyri“. Línan er hins vegar hönnuð fyrir um 560 MVA flutningsgetu þó línan verði rekin á 132 kV spennu til að byrja með. Farið er fram á að útreikningar á rafsviði, segulsviði og hljóðvist miði við 560 MVA.

#### Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að í kaflanum um heildaráhrif og niðurstöðu sé sagt í kafla um samfélag að „Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og talsvert jákvæð en óbein á rekstrartíma og geta orðið frá nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra.“ Þessi niðurstaða er ekki í samræmi við umfjöllun í kafla 6 um umhverfisáhrif en þar er enga umfjöllun að finna um atvinnuástand og vinnumarkað á svæðinu enda ekki einn af þeim umhverfisþáttum sem teknir voru til skoðunar. Má enda benda á að hugsanleg jákvæð áhrif á vinnumarkað vegna hvers kyns framkvæmda geti ekki talist til umhverfisáhrifa þeirra. Umfjöllun í frummatsskýrslu um samfélag einskorðast við umfjöllun um ferðaþjónustu.


Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþján getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásynnd, ferðaþjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á fbúa í Hrisey eða þá sem keyra Holtavörðuheidi.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllst

  
Sýnri-Matfells I.